**allt**
**BÁRA HLÍN ERLINGSDÓTTIR**
*Hundarnir halda mér í formi*
• heilsa
Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



**ORÐUVEITING**
**GUÐBJÖRG KRISTJÁNSDÓTTIR**
*Sett upp á tyllidögum*
TÍMAMÓT ▶ 18



**LEIKHÚS**
**HÖSKULDUR ÓLAFSSON**
*Úr rappinu í leikhúsið*
FÓLK ▶ 30




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. júní 2005 - 166. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Fréttasími: 821 7556


**ÞRIÐJUDAGUR**

### Skæruliðar klæða styttur í bleikt



Óþekktur hópur femínista sem kallar sig Bleiku skæruliðana hengdi um helgina bleika borða á styttur Reykjavíkur.

MENNING 24

### Til styrktar góðu málefni



Valgerður Bjarnadóttir segir það reyna meira á menn sem vanir eru að útdeila fríðindum og greiðum úr opinberum sjóðum og bönkum að vera við völd þegar búið er að markaðsvæða.

SKOÐUN 14

### Auðun bestur í boltanum



FH-ingurinn Auðun Helgason hefur verið valinn besti leikmaður fyrsta þriðjungs Landsbankadeildarinnar af íþróttafréttamönnum Fréttablaðsins en hann er með hæstu meðaleinkunn allra eftir sex umferðir. ÍÞRÓTTIR 20

**VEÐRIÐ Í DAG**




**ÞURRT AÐ KALLA** suðvestan til og einnig um norðaustanvert landið. Annars rigning eða skúrir, einkum þó austan og suðaustan til. Hiti 5-14 stig, hlýjast sunnan til.

VEÐUR 4

# Landbúnaðarráðherra þrjá milljarða fram úr fjárlögum

**Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra hefur farið rúma þrjá milljarða fram úr fjárlögum í ráðherratíð sinni, um 650 milljónir króna á ári að meðaltali, sem er vel yfir fjögurra prósenta viðmiðunarmarki fjármálaráðuneytisins. Uppsafnaður vandi segir fjármálastjóri ráðuneytisins.**

**FJÁRLÖG** Í ráðherratíð Guðna Ágústssonar hefur landbúnaðarráðuneytið farið um 3,3 milljarða fram úr fjárlögum. Guðni Ágústsson tók við embætti 1999 en frá þeim tíma hefur ráðuneytið farið fram úr fjárlögum að meðaltali er nemur um 650 milljónum króna árlega.

Ingimar Jóhannsson, fjármálastjóri landbúnaðarráðuneytisins, segir að framúrkeyrslan stafi einna helst af rekstrarhalla landbúnaðarskólanna og embættis yfirdýralæknis en af ólíkum ástæðum þó. Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum um framkvæmd fjárlaga á síðasta ári var landbúnaðarráðuneytið það ráðuneyti sem fór hlutfallslega mest fram úr rekstrarliði laganna.

Hann segir að embætti yfirdýralæknis hafi tapað um 60 milljónum vegna gjaldþrots sláturhúsa fyrir nokkrum árum. „Í tilviki yfirdýralæknis er því ekki um árvissa framúrkeyrslu að ræða heldur tap sem velt hefur verið á milli ára,“ segir Ingimar. Aðspurður segir hann að ráðuneytið hafi margoft sóst eftir því að tapið yrði hreinsað upp en það hafi enn ekki gengið eftir.

„Hvað varðar skólana má deila um það hvort fjárveitingar séu of lágar eða hvort skorti á forgangsröðun verkefna innan skólanna,“ segir Ingimar. Hann segir að þegar Landbúnaðarskólanum á Hvanneyri hafi verið breytt í háskóla hafi ekki nægilegar fjárveitingar fylgt. „Þar hefur skapast uppsafnað vandamál síðustu þriggja til fjögurra ára,“ segir Ingimar en bætir við að sífellt sé verið að reyna að vinna á vandanum. „Í raun hefur landbúnaðarráðuneytið verið rekið á fjárlögum á árunum 2001 til 2001 ef frá er talið embætti yfirdýralæknis og skólarnir,“ bendir Ingimar á.

Samkvæmt reglugerð um framkvæmd fjárlaga ber ráðuneytum að bregðast við ef útgjöld verða meiri en fjögur prósent umfram heimildir. Ingimar segir að sífellt sé verið að bregðast við samkvæmt reglugerðinni, fara yfir einstaka fjármálaliði og hvetja til sparnaðar.

- sda

**FRAMÚRKEYRSLA RÁÐUNEYTISINS 1999-2003** *MILLJÓNIR KRÓNA*

| Ár | Fjárlög | Ríkisreikningur | Mismunur | Prósentur |
|---|---|---|---|---|
| 1999 | 8.529,6 | 9.345,8 | 816,2 | 9,57 |
| 2000 | 8.971,4 | 9.502,7 | 531,3 | 5,92 |
| 2001 | 10.525,9 | 11.039,4 | 513,5 | 4,88 |
| 2002 | 10.821,0 | 11.610,3 | 789,3 | 7,29 |
| 2003 | 11.465,1 | 12.096,0 | 630,9 | 5,50 |
| **Samtals** | **50.313,0** | **53.594,2** | **3.281,2** | |

*Ekki fengust upplýsingar frá fjármálaráðuneytinu eða landbúnaðarráðuneytinu í gær um fjáraukalög á tímabilinu og eru útreikningarnir því annars vegar miðaðir við fjárlög eins og þau voru samþykkt á Alþingi á hverjum tíma og hins vegar ríkisreikninga áranna.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**GRÁLÚSUG OG FALLEG HRYGNA** Það var borgarstjórinn í Reykjavík sem náði fyrsta laxinum á land úr Elliðaánum í gær, en Steinunni Valdísi tókst að landa um fjögurra punda grálúsugri hrygnu í fossinum eftir skemmtilega og snarpa viðureign.

Sjálfbært samfélag í Hrísey:

# Einstakt tækifæri

**UMHVERFIÐ** Verkefnið Sjálfbært samfélag í Hrísey, sem hófst árið 2003, byggir á að mæta kröfum íbúanna án þess að stefna í voða tækifærum komandi kynslóða. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hafa lagt sex milljónir króna í verkefnið en það er nú að nálgast vendipunkt.

Íbúarnir hafa öðlast trú á verkefninu og fram eru komnar margar framsæknar hugmyndir sem byggja á vistvænni og sjálfbærri starfsemi í eyjunni. Fjölnýting jarðvarmans gæti leitt til að Hrísey kæmist á spjöld veraldarsögunnar sem sjálfbært og vistvænt samfélag þar sem jarðvarminn yrði ekki einungis notaður til hitunar heldur einnig raforku- og vetnisframleiðslu.

Sjá síðu 12/ - kk

Gagnvirkar sjónvarpssendingar á ADSL í haust:

# Skjár einn semur við Playboy

**FJÖLMIÐLAR** Íslenska sjónvarpsfélagið, sem er að hluta í eigu ríkisfyrirtækisins Símans og rekur sjónvarpsstöðina Skjá einn, hefur gengið frá samningi um efniskaup frá bandaríska klámframleiðandanum Playboy. Playboy TV í Evrópu er meðal annars með sjónvarpsstöðvarnar The Adult Channel, Spice Extreme, Spice Platinum og Climax3 á sínum snærum.

Myndefni Playboy verður hluti af framboði gagnvirks sjónvarps Skjás eins, sem hefur göngu sína um ADSL-háhraðatengingar í byrjun september. „Þetta er hugsað sem hluti af efnisframboði þar, en verður að sjálfsögðu harðlokað og læst þeim sem ekki eiga að hafa aðgang þar að,“ segir Magnús Stefánsson, sjónvarpsstjóri Skjás eins. Hann segir vörumerkið í raun skýra sig sjálft, en efnið sé vænt og fólk geti vitað að hverju það gangi. „Þetta er alls ekki eini svona samningurinn sem er í gangi,“ sagði Magnús jafnframt og benti á að 365 ljósvakamiðlar væru með mjög sambærilegan samning við fyrirtæki sem heitir Private Blue. „Og enn svæsnari samning við Private Gold, en við treystum okkur ekki til að fara jafn langt í efni.“ - óká












## SPURNING DAGSINS

*Guðjón, væru fleiri fiskar í sjónum ef Frjálslyndir væru við völd?*

„Ja, ef við værum búnir að vera lengi við völd þá væri það svo.“

Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, lýsti óánægju sinni með fiskveiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar í grein í Fréttablaðinu í gær.

Framtíðarhugmyndir varðandi skipulag reita við Hlemm:

# Íbúar hafa áhyggjur af umferð

**BORGARMÁL** Um tvö hundruð manns mættu á fund borgaryfirvalda að Hlemmi í gær en þar voru kynntar fyrir íbúum miðbæjarins framtíðarskipulagshugmyndir á nokkrum reitum við Hlemm og í nágrenni. Sá staður hefur tekið stakkaskiptum undanfarna mánuði en aðeins er um fyrstu skref að ræða til að koma svæðinu í heild aftur til vegs og virðingar.

Undir yfirskriftinni Hlemmur plús kynntu áhugasamir sér þær hugmyndir sem á borði eru um Hlemm sjálfan og næsta nágrenni. Þar á meðal eru stórar hugmyndir um byggingu íbúðar- og skrifstofuhúsnæðis milli Einholts og Þverholts, Ármannsreitinn svokallaða þar sem íþróttafélagið Ármann hefur haft aðsetur um langa hríð og Höfðatorg sem rísa á í Borgartúni.


FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**HLEMMUR PLÚS** Gestir sem til máls tóku höfðu mestar áhyggjur af aukinni umferð í kjölfar þéttingar byggðar við Hlemm.

Gestir sem til máls tóku lýstu efasemdum um að bygging þúsund íbúða á svæðum nálægt Hlemmi hefði ekki í för með sér stóraukna bílaumferð með tilheyrandi umferðarhnútum. Dagur B. Eggertsson, formaður skipulagsráðs borgarinnar, sagði fundinn hafa verið gagnlegan. Mörg sjónarmið íbúa og annarra hefðu komið fram og tilgangnum þannig náð. „Við erum að fylgja því sem við höfum verið að gera mjög víða undanfarið; að kynna allar breytingar strax á byrjunarstigi fyrir íbúum og vinna þannig að skipulagsmálum í meiri sátt við alla sem að koma. Þær hugmyndir sem komu hér fram verða skoðaðar og svo höldum við annan fund í haust þegar meiri skriður er kominn á málið.“ - aöe

Árekstur á einbreiðri brú:

# Bílarnir mikið skemmdir

**LÖGREGLA** Tveir bílar eru mikið skemmdir eftir að hafa rekist saman síðdegis á sunnudag á einbreiðri brú yfir Hoffellsá. Ökumenn og farþegar sluppu hins vegar við meiðsli, að sögn lögreglu á Höfn í Hornafirði. Í öðrum bílnum voru hjón með tvö börn á ferðalagi, en í hinum var ein kona.

Fátt er vitað um tildrög slyssins annað en að lögregla segir skyggni hafa verið leiðinlegt þegar áreksturinn varð, auk þess sem brúin stendur hærra en vegurinn í kring og því blint upp á hana. - óká

Hagen ómyrkur í máli:

# Sækir að Bondevik

**NOREGUR** Ný skoðanakönnun Aftenposten sýnir að vinsældir kristilegra demókrata, flokks forsætisráðherrans Kjell Magne Bondevik, fara mjög þverrandi. 34 prósent kjósenda segjast aldrei mundu kjósa flokkinn en kosið verður til þings í haust. Aðeins Framfaraflokkur Carl Hagen er óvinsælli en ólíkt kristilegu demókrötum á hann líka fjölmarga stuðningsmenn.

Carl Hagen lýsti því yfir í gær að flokkur hans væri einungis reiðubúinn að verja ríkisstjórn borgaralegu flokkanna falli ef Bondevik færi úr stóli forsætisráðherra. - shg



**VEITING FÁLKAORÐUNNAR** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, veitti tólf einstaklingum fálkaorðuna við hátíðlega athöfn á Bessastöðum hinn 17. júní síðastliðinn. Af þeim tólf sem fengu orðuna að þessu sinni voru einungis tvær konur.

# Ólafur Ragnar hefur veitt nær 600 orður

**Á árabilinu 1996 til 2005 hefur forseti Íslands veitt 574 heiðursmerki íslensku fálkaorðunnar. Þar af hefur röskur fjórðungur farið til kvenna. Útlendingar eru meirihluti þeirra sem forsetinn hefur heiðrað með þessum hætti.**

**JAFNRÉTTISMÁL** Í embættistíð Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, á árabilinu 1996 til 2005 hafa íslenskar og erlendar konur hlotið 26,7 prósent af þeim fálkaorðum sem veittar hafa verið og karlmenn 73,3 prósent. Alls hafa 574 einstaklingar hlotið orðuna úr hendi forsetans, þar af 258 Íslendingar og 316 útlendingar.

Ef aðeins er horft á þann hóp Íslendinga sem fengið hefur fálkaorðuna á þessu árabili hefur 97 þeirra verið nælt í barm kvenna, 37,6 prósentum. Ekki er hlutfallslegur prósentumunur á milli orðuveitinga til íslenskra kvenna frá byrjun tímabilsins til loka þess, íslenskar konur hafa fengið allt frá þriðjungi veittra fálkaorða á tímabilinu og upp í nálega helming þeirra. Hlutur íslenskra kvenna var hlutfallslega mestur í þessum efnum árið 2000 en þá fengu konur tólf af þeim 25 fálkaorðum sem veittar voru Íslendingum.



Mest er ósamræmið milli kynjanna í orðuveitingum til erlendra ríkisborgara en 56 af þeim 317 orðum sem veittar hafa verið erlendum ríkisborgurum hafa farið til kvenna, eða 17,7 prósent.

Mun færri erlendum ríkisborgurum er veitt fálkaorðan nú en í byrjun tímabilsins, en útlendingum er hvað helst veitt orðan í tengslum við opinberar heimsóknir. Sem dæmi um þetta má nefna að árið 1996 fengu 69 útlendingar fálkaorðuna en einungis 23 Íslendingar en það sem af er árinu 2005 hafa einungis fjórir útlendingar fengið orðuna en 29 Íslendingar.

„Í þessum málum á að gæta jafnréttissjónarmiða eins og í öðrum málum,“ segir Margrét María Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu. „Það má kannski draga ályktun út frá þessu um hvernig staða jafnréttismála er í öðrum löndum. Sú staðreynd að konur fá 37 prósent þeirra fálkaorða sem veittar eru Íslendingum er bara þokkaleg, þó ég vildi að sjálfsögðu sjá enn frekari jöfnuð,“ segir Margrét.

ingi@frettabladid.is


FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**FJÖLDAÁREKSTUR** Fimm bílar lentu í árekstri á Reykjanesbraut í gær og slösuðust átta manns í árekstrinum.

Reykjanesbraut:

# Fimm bíla árekstur

**SLYS** Fimm bíla árekstur varð um hálffjögurleytið í gær skammt sunnan við Smáralind, norðan við gatnamót Arnarnesvegar og Reykjanesbrautar.

Fjórir fólksbílar voru í röð á götunni og keyrði hópbifreið aftan á þann sem síðastur var í röðinni, sem olli því að hann rakst aftan á næsta bíl og svo koll af kolli. Ellefu manns voru í bílunum fimm og voru átta þeirra fluttir á slysadeild Landspítalans í Fossvogi. Meiðsl þeirra voru ekki alvarleg og voru allir útskrifaðir af spítalanum í gær með minniháttar áverka. - ifv


FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**Í VONDUM MÁLUM** Afganska sjónvarpið sýndi í gær myndir af tilræðismönnunum.

Afganska leyniþjónustan:

# Komið í veg fyrir tilræði

**KABÚL, AP** Afgönskum leyniþjónustumönnum tókst í gær að afstýra banatilræði við Zalmay Khalilzad, sendiherra Bandaríkjanna í landinu. Khalilzad ætlaði ásamt Ahmad Jalali, innanríkisráðherra Afganistan, að taka formlega í notkun veg í Qarghayi-héraði, en skömmu fyrir athöfnina handsömuðu yfirvöld þrjá Pakistana sem voru á pallbíl fullum af skotvopnum og handsprengjum.

Mennirnir hafa þegar játað að hafa komið til Afganistan sérstaklega til að ráða Khalilzad af dögum. Khalilzad, sem var aldrei í hættu, heldur á næstu vikum til annars róstusams lands en hann hefur verið skipaður sendiherra í Írak. ■

Bandaríska leyniþjónustan:

# Kveðst vita um bin Laden

**HRYÐJUVERK** Porter Goss, forstjóri bandarísku leyniþjónustunnar CIA, kvaðst í viðtali við tímaritið Time hafa „prýðilega hugmynd“ um hvar Osama bin Laden, leiðtogi al-Kaída, felur sig. Hann nefndi þó ekki hvar sá staður væri né hvenær áformað væri að handsama manninn.

Goss viðurkenndi í viðtalinu að veikir hlekkir væru í hinu svonefnda stríði gegn hryðjuverkum og því gæti orðið erfitt að góma eftirlýsta hryðjuverkamenn.

Þótt Goss hafi ekki nefnt Pakistan sem dvalarstað bin Laden er talið að hann hafist við þar. ■


Verslaðu við traustan aðila!

Ægisskyggnin
–sérhönnuð fyrir íslenska veðráttu



• íslensk gæðaframleiðsla • viðhaldsfrítt efni • endalausir möguleikar
• góð og traust þjónusta • stuttur afgreiðslufrestur

OPIÐ:
virka daga kl. 9-18
laugardaga kl. 12-16

SEGLAGERÐIN ÆGIR

EYJARSLÓÐ7 • SÍMI 511 2200 • www.seglagerdin.is


Lögregla hljóp uppi ungmenni í Heiðmörk:

# Stálu bíl og kveiktu í honum

**LÖGREGLA** Þrjú ungmenni, tveir sautján ára gamlir piltar og fimmtán ára gömul stúlka, voru hlaupin uppi af lögreglu í Heiðmörk í gærmorgun. Þau voru grunuð um að hafa stolið fjóra til fimm bíla í Seláshverfi í Reykjavík um nóttina, ásamt því að hafa stolið einum bíl sem þau óku upp í Heiðmörk, þar sem þau kveiktu í honum.

Lögreglan í Hafnarfirði fékk um klukkan hálf sex í gærmorgun tilkynningu um eld í Heiðmörk og þegar að var gáð fannst bíllinn. Þá sást til bíls sem ekið hafði verið út af veginum og sat fastur í drullu, en ungmennin voru nærri og voru hlaupin uppi. Einn piltur komst undan. Ungmennin voru undir áhrifum áfengis og voru látin sofa úr sér í fangaklefa í Hafnarfirði.


FRÉTTABLAÐIÐ/PÖK

**Í HEIÐMÖRK** Í gærmorgun komst piltur undan lögreglu á hlaupum í Heiðmörk, en tveir félagar hans og ung stúlka voru gripin. Þau skemmdu bíla í Reykjavík og stálu einum, sem þau kveiktu svo í eftir bíltúr upp í Heiðmörk.

Lögreglan yfirheyrði þau síðdegis og voru þau látin laus eftir að hafa játað á sig glæpina. Búist er við að ungmennin verði látin svara til saka.

Lögreglan telur sig vita hver fjórði pilturinn var. Er hans nú leitað og er málið því enn í rannsókn. - óká

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 28720 06/2005

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota, Nýbýlavegi 4-8, sími 570 5070

## GENGIÐ
GENGI GJALDMIÐLA 20.06.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 65,05 | 65,37 |
| Sterlingspund | GBP | 118,80 | 119,38 |
| Evra | EUR | 79,43 | 79,87 |
| Dönsk króna | DKK | 10,67 | 10,73 |
| Norsk króna | NOK | 10,09 | 10,15 |
| Sænsk króna | SEK | 8,61 | 8,66 |
| Japanskt jen | JPY | 0,60 | 0,60 |
| SDR | XDR | 95,58 | 96,14 |

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Framkvæmdastjóri Tros í Sandgerði:

# Samkeppnin verði virk

**FLUTNINGAR** Fiskútflytjendur telja samkeppnisstöðuna ekki breytast mikið þó að FL Group, Bláfugl og Flugflutningar renni saman. Níels Guðmundsson, framkvæmdastjóri Tros í Sandgerði, telur samruna fyrirtækjanna þriggja valda ekki jafn miklum áhyggjum og þróun gengisins.

Níels segir að það skipti verulegu máli að samkeppni í flugfrakt sé virk þannig að hægt sé að fá flutninga á réttum kjörum. Það sé hagsmunamál allra að sem mestur útflutningur eigi sér stað með flugi og því sé sameining FL Group, Bláfugls og Flugflutninga bara einn þáttur í heildarmyndinni.

„Við erum í erfiðri stöðu út af háu gengi íslensku krónunnar og mikilli samkeppni erlendis við aðrar vörur og framleiðslulönd þannig að þetta er aðeins eitt af mörgum sem við höfum áhyggjur af,“ segir hann.

„Ef við verðleggjum okkur út af markaðnum verður svo sem ekki mikið að gera fyrir flutningsaðilana heldur og það er töluvert aðhald í því.

Kostnaðurinn við að koma vörunni á markað má ekki vera ekki of hár,“ segir hann.

-ghs


FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**FLUGFRAKT** Fiskútflytjendur hafa ekki þungar áhyggjur af samruna FL Group, Bláfugls og Flugflutninga. Þeir hafa meiri áhyggjur af þróun gengisins.

Sauðárkrókur:

# Hass og hraðakstur

**LÖGREGLA** Upp komu tvö fíkniefnamál um helgina á Sauðárkróki. Lögregla fann við reglubundið eftirlit með ökumönnum, annars vegar áhöld til neyslu efna og hins vegar lítilræði af tóbaksblönduðu hassi.

Lögreglan á Sauðárkróki vildi láta þess getið að málin tengdust ekki vélhjólahátíðinni sem fram fór í bænum um helgina, en hjá lögreglu var mikil ánægja með mótið, sem fór vel fram.

Þá stöðvaði lögreglan á Sauðárkróki 19 ökumenn fyrir of hraðan akstur um helgina.

Lögregla segir umferð hafa verið mikla, en gengið nokkuð vel.

-óká

Héraðsdómur Reykjavíkur:

# Sektaður fyrir sterasmygl

**DÓMSMÁL** 32 ára gamall maður var síðasta fimmtudag dæmdur til greiðslu 300.000 króna sektar í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir tilraun til að smygla hingað til lands ólöglegum sterum frá Danmörku árið 2003.
Þá var manninum gert að greiða sakarkostnað upp á rúmar 800.000 krónur.

Maðurinn smyglaði efnunum í tveimur aðskildum sendingum með flutningaskipi frá Árósum. Hluta efnanna faldi hann í bifreiðarhreyfli og hinn hlutann í bifreið sem hann sendi til landsins.

Lögregla haldlagði efnin við leit á vinnustað mannsins.

Maðurinn játaði, en hann hefur ekki komist í kast við lögin áður.

-óká

# Tillaga lögð fram um veiðar í atvinnuskyni

**Formanni íslensku sendinefndarinnar á fundi Alþjóðahvalveiðiráðsins telur að draga sé saman með fylkingum í afstöðunni til hvalveiða. Lögð verður fram tillaga á fundinum í Suður-Kóreu í dag um að hefja hvalveiðar í atvinnuskyni.**

**HVALVEIÐAR** Lögð verður fram tillaga á ársfundi Alþjóðahvalveiðiráðsins í dag um að hvalveiðum í atvinnuskyni verði stjórnað innan Alþjóðahvalveiðiráðsins. Verði tillagan samþykkt mun það þýða að bann Alþjóðahvalveiðiráðsins á veiðum í atvinnuskyni leggst af og veiðar stjórnað af ráðinu verða leyfðar.

Fundurinn, sem fer fram í Ulsan í Suður-Kóreu, hófst í gær en þá fóru fram nokkrar atkvæðagreiðslur um ýmis mál af stjórnsýslulegu tagi samtakanna og fundarins. Stefán Ásmundsson, formaður íslensku sendinefndarinnar á fundinum, segist telja að draga sé saman með fylkingum hvalveiðisinna og andstæðinga þeirra.

„Það var ein atkvæðagreiðsla sem féll bara á einu atkvæði en það var svo sem ekki stórt mál. Langstærsta málið snýst um stjórnunarkerfið um atvinnuveiðar og það er það sem er verið að ræða í bakherbergjum hér á fundinum. Á þessari stundu er ekkert ljóst hvort að við náum því í gegn að stjórnkerfi hvalveiðanna verði komið á en við erum að reyna koma því máli í réttan farveg,“ segir hann.

Þrjá fjórðu hluta atkvæða á fundinum þarf til að aflétta banninu sem hefur gilt í um tuttugu ár. Helstu stuðningsaðilar hvalveiða á fundinum eru auk Íslendinga, Japanir og Norðmenn sem eru eina þjóðin í heiminum sem stundar hvalveiðar í atvinnuskyni en Japanir og Íslendingar stunda þær í vísindalegum tilgangi.

Ásta Einarsdóttir, varaformaður íslensku sendinefndarinnar, segir að henni finnist sem miðjuhópur sé að myndast í afstöðunni til hvalveiða þar sem Bandaríkin, Holland, Svíþjóð og Finnland séu meðal stærstu þjóðanna en auk þeirra hafa komið inn ný ríki sem styðja hvalveiðar.

Nokkur þeirra höfðu þó ekki atkvæðisrétt á fundinum í gær þar sem þau höfðu ekki greitt gjöld til ráðsins. Þær þjóðir sem eru hvað hörðust í afstöðu sinni gegn hvalveiðum eru Ástralía og Nýja-Sjáland.

Í tillögum Hafrannsóknarstofnunar fyrir árið í ár er gert ráð fyrir því að veiddar verði þrjátíu og níu hrefnur í vísindaskyni en þeim verði svo fjölgað í eitt hundrað árið 2006.

hjalmar@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**FRÁ ÁRSFUNDI ALÞJÓÐAHVALVEIÐIRÁÐSINS Í GÆR** Ole Samsing og Amalie Jessen, fulltrúar dönsku sendinefndarinnar, ásamt Stefáni Ásmundssyni, formanni íslensku sendinefndarinnar, á fundi hvalveiðiráðsins í Ulsan í Suður-Kóreu í gær.


FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**KRÓKURINN MAKAÐUR** Fahad Al Sabah, olíumálaráðherra Kúvæt og forseti OPEC, gleðst eflaust yfir háu olíuverði þessa dagana.

Olíuverðið hækkar:

# Fatið á tæpa sextíu dali

**BÚDAPEST, AP** Heimsmarkaðsverð á olíu hélt áfram að stíga í gær og fór fatið hæst upp í tæpa sextíu dali.

Ólíkt hækkununum á síðasta ári, sem helguðust einkum af óttraustu stjórnmálaástandi í olíuframleiðsluríkjunum, stafa hækkanirnar nú af því að framleiðslugeta olíuhreinsunarstöðva er í hámarki. Á sama tíma vex spurnin eftir eldsneyti hröðum skrefum, til dæmis vegna þess að ferðamannatíminn er í hámarki.

Samtök olíuframleiðsluríkja, OPEC, hafa þegar hækkað framleiðsluþak sitt um 500.000 föt á dag en sú aðgerð náði ekki að slá á verðhækkanirnar. Formælandi OPEC útilokaði ekki frekari framleiðsluaukningu í samtali við fréttamenn í gær. ■

## SÚDAN

**FALLIÐ FRÁ ÁKÆRUM** Súdönsk stjórnvöld hafa ákveðið að falla frá ákærum á hendur tveimur hjálparstarfsmönnum hjálparsamtakanna Læknar án landamæra og segjast vilja bæta samskiptin við samtökin. Mennirnir voru handteknir í síðasta mánuði fyrir rógburð eftir að hafa bent á að kerfisbundnar nauðganir og misþyrmingar væru stundaðar í Darfur-héraði.






## VEÐRIÐ Í DAG

**FÍNASTA VEÐUR Á MORGUN OG ÁFRAM**
Ef fer sem horfir léttir víðast til á morgun með ágætum hlýindum, hægum vindi og sól með köflum. Flott ferðaveður.
**HVE LENGI VERÐUR ÞETTA GÓÐA VEÐUR?**
Það er nú að sjá góðviðri alveg fram í helgina. Hins vegar er nokkuð á reiki hversu sólríkt verður á landinu. Eins og staðan er núna verður að líkindum sólríkast sunnan til fram að helgi en síðan víðast hvar bjartviðri. Notalegt það!!


Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Um hádegi - Sumarsólstöður -




### Á morgun




### Fimmtudagur




### Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 21°C hálfskýjað | París | 29°C hálfskýjað | Alicante | 31°C heiðskírt |
| Osló | 26°C alskýjað | Berlín | 30°C heiðskírt | Milano | 32°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 28°C hálfskýjað | Frankfurt | 33°C léttskýjað | New York | 31°C léttskýjað |
| Helsinki | 22°C heiðskírt | Madrid | 29°C hálfskýjað | San Francisco | 18°C léttskýjað |
| London | 24°C hálfskýjað | Barcelona | 28°C heiðskírt | Orlando/Florida | 32°C hálfskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# HORFINN



Við leitum að Torfa Magnússyni úr Reykjavík. Síðast þegar fréttist til Torfa var hann á leið til vinkonu sinnar í Hlíðunum. Hann sagði að hann yrði enga stund en nú hefur ekkert heyrst frá honum í 10 mínútur. Alveg týpískt fyrir stráka að hverfa bara án þess að láta vita af sér. **Ef þú sérð Torfa, segðu honum að nota SOS næst þegar inneignin klárast.**

1400 1400 1400 1400 1400 1400 1400 1400

Fíton/SÍA

**SOS** LÁTTU VITA AF ÞÉR




**SOS LÁN**
Við lánum þér 100 krónur ef inneignin klárast. Sendu skilaboðin **SOS LAN** í síma **1400**.

**SOS HRINGDU**
Láttu hringja í þig ef inneignin klárast. Sendu skilaboðin **SOS símanúmer** (þess sem á að hringja í þig) í síma **1400**.

og vodafone

Heyrumst!

Framhald barnaklámsmála:

# Sumarlöng leit í tölvum

**LÖGREGLA** Lögreglan í Reykjavík vinnur enn að rannsókn tveggja mála tengdum misnotkun barna og barnaklámi sem upp komu um miðjan mánuðinn.

Sigurbjörn Víðir Eggertsson aðstoðaryfirlögregluþjónn giskar á að um hálfur mánuður geti liðið þar til mál manns á fertugsaldri sem kærður hefur verið fyrir ofbeldi gegn fjórum stúlkum á aldrinum þriggja til þrettán ára verður sent til saksóknara. Maðurinn tók meðal annars myndir af stúlkunum og vistaði í tölvu með öðru barnaklámi sem hann hlóð niður af netinu. Ekki er vitað til þess að hann hafi dreift myndum af stúlkunum.



UPPTÆKT KLÁMEFNI Um miðjan mánuðinn var Íslendingur handtekinn í aðgerðum undir stjórn Europol, en þær náðu til 150 manns í þrettán löndum.

Þá er lögregla enn að fara yfir tölvubúnað 32 ára manns sem handtekinn var eftir alþjóðlegar aðgerðir Europol gegn barnaklámhringi í þrettán löndum. Átta tölvur voru gerðar upptækar hjá manninum, auk diska og myndbanda. „Það er mikil vinna að fara yfir þetta,“ segir Sigurbjörn Víðir og útilokar ekki að sumarið fari í þá rannsókn. „En við reynum að flýta þessu eins og við getum.“

-óká

RARIK Ólafsfirði:

# Bilun í rafkerfi

**ORKUMÁL** Rafmagnstruflanir stóðu í um klukkustund í Ólafsfirði frá klukkan fimmtán mínútur gengin í tólf á sunnudagskvöldið.

Helgi Jónsson, verkstjóri hjá RARIK á Norðurlandi, segir háspennustreng fyrir hitaveitudælur hafa bilað og því hafi slegið út. „Það fór einn fasi af kerfinu, en hinir voru inni,“ segir hann, en vægur straumur var á. Hann segir rafmagnstæki viðkvæm fyrir sveiflum af þessu tagi og þótt enn hafi ekki heyrst af skemmdum vegna þessa útilokar hann ekki að einhver eigi eftir að reka sig á brokkgeng rafmagnstæki. -óká



## KJÖRKASSINN

*Geta Íslendingar gert betur í jafnréttismálum?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 73,38% |
| Nei | 26,62% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Eiga Íslendingar að hefja hvalveiðar í atvinnuskyni?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Ólöglegt vinnuafl:

# Tæplega 50 ábendingar

**ATVINNULÍF** Alþýðusambandi Íslands hafa borist tæplega 50 ábendingar um erlenda starfsmenn sem hugsanlega eru starfandi hér á landi án tilskilinna atvinnu- og dvalarleyfa.

Öll slík mál eru könnuð ofan í kjölinn en sérstöku átaki gegn ólöglegu vinnuafli var hleypt af stokkunum fyrir tveimur mánuðum. Að sögn starfsmanna ASÍ hafa enn sem komið er einungis komið upp örfá tilfelli sem krefjast nánari rannsóknar og í þeim er unnið áfram. - aöe

Framhaldsskólar landsins:

# Aldrei fleiri nýskráningar

**MENNTAMÁL** Aldrei hafa fleiri nýnemar úr einum og sama árgangi skráð sig til náms í framhaldsskólum landsins, en nýlega fór í fyrsta sinn fram rafræn innritun og gekk hún vel í alla staði.

Alls sóttu rúmlega 4.200 nemendur, eða 95 prósent allra nemenda úr tíunda bekk, um skólavist. Þrátt fyrir ásóknina munu langflestir nemendur komast að þar sem þeir óska en þó þurfa þrír skólanna; Kvennaskólinn, Menntaskólinn við Hamrahlíð og Verslunarskóli Íslands, að beita takmörkunum. - aöe

## ÍRAN

**ATKVÆÐI ENDURTALIN** Íranskir embættismenn hafa ákveðið að telja á ný atkvæði á nokkrum kjörstöðum í landinu vegna gruns um að brögð hafi verið höfð í frammi í forsetakosningunum fyrir helgi. Umbótasinnum vegnaði illa í kosningunum á meðan harðlínumaðurinn Mahmoud Ahmadinejad náði óvænt öðru sætinu. Kosið verður á milli hans og Hashemi Rafsanjani á föstudaginn.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

VINSÆLL Í TRÍPÓLÍ Flokkur Saad Hariri nýtur mikilla vinsælda í Trípólí, stærstu borgar norðurhluta landsins. Stuðningsmenn hans tóku upp á því að þekja VW-bjöllu með myndum af honum en það vildi lögreglan hins vegar ekki sætta sig við og fjarlægði því bílinn.

# Stjórnarandstaðan bar sigur úr býtum

**Stórtíðindi urðu í líbanskri stjórnmálasögu á sunnudaginn þegar andsýrlensku flokkarnir sigruðu í þingkosningunum. Allt útlit er fyrir að Saad Hariri fylgi í fótspor föður síns og verði forsætisráðherra landsins.**

**LÍBANON** Líbanska stjórnarandstaðan sigraði í þingkosningunum í landinu en fjórða og síðasta umferð þeirra fór fram í fyrradag. Þar með snarminnka ítök Sýrlendinga í landinu.

Lokaumferðarinnar í líbönsku kosningunum hafði verið beðið með mikilli eftirvæntingu en þá var kosið í norðurhluta landsins. Eftir fyrsta hlutann 29. maí virtist allt stefna í auðveldan sigur andsýrlensku flokkanna og gott gengi Hizbollah í öðrum hlutanum og óvænt velgengni gamla byltingarleiðtogans Michel Aoun í þriðja hlutanum hleypti mikilli óvissu í spilið.

Framan af kjördegi var kjörsókn nokkuð dræm en eftir ákall Saad Hariri, leiðtoga stjórnarandstöðunnar, kom kippur í aðsóknina. Þegar yfir lauk höfðu 48 prósent kjósenda neytt atkvæðisréttar síns, sem er talsverð aukning frá því í kosningunum 2000.

Kosningabandalag Hariri þurfti 21 sæti af 28 til að tryggja sér meirihluta á líbanska þinginu en þegar þorri atkvæðanna hafði verið talinn virtist allt stefna í að bandalagið fengi öll sætin 28. Í gærmorgun viðurkenndi Suleiman Franjieh, leiðtogi bandamanna Sýrlendinga í Líbanon og fyrrverandi innanríkisráðherra, að þeir hefðu beðið lægri hlut.

Mikil fagnaðarlæti gripu um sig í Trípólí, höfuðstað norðursins, og eins veifuðu margir fánum og þeyttu bílflautur í höfuðborginni Beirút.

Allt útlit er fyrir að Saad Hariri myndi nýja ríkisstjórn og verði forsætisráðherra, rétt eins og Rafik faðir hans, sem ráðinn var af dögum fyrr á árinu. Hans bíða þó ærin verkefni, til dæmis að lagfæra bágborinn efnahag þjóðarinnar, aðstoða Sameinuðu þjóðirnar við rannsókn á morðinu á föður hans og verða við kalli samtakanna um afvopnun skæruliðahópa, sérstaklega Hizbollah.

Enn fremur mistókst kosningabandalagi hans að ná tveimur þriðju þingsætanna og getur því ekki gert neinar breytingar á stjórnarskránni.

Það þýðir að ekki verður hróflað við Emile Lahoud forseta, sem er dyggur bandamaður Sýrlendinga, en hann lét á síðasta ári lengja kjörtímabil sitt um tvö ár fyrir atbeina stjórnvalda í Damaskus. Lahoud mun eflaust reynast Hariri óþægur ljár í þúfu.

sveinng@frettabladid.is

Launakröfur kennara:

# Borgin sýknuð í héraði

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði í gær Reykjavíkurborg af kröfum heimilisfræðikennara um vangoldin laun upp á tæpar 700 þúsund krónur.

Konan vísaði til samþykktar borgarráðs frá því í júní árið 1981 um að greiða bæri heimilisfræðikennurum tvær klukkustundir á viku fyrir matarinnkaup, en þeir höfðu farið fram á sérstaka þóknun fyrir þann vinnuauka.

Með nýjum kjarasamningi árið 2001 féllu þær greiðslur niður og lítur dómurinn svo á að þær greiðslur hafi verið felldar inn í samninginn.

Þá átaldi dómurinn að krafa konunnar skyldi ekki koma fram fyrr en árið 2004.

-óká

## DANMÖRK

**NEITAÐI AÐ GEGNA HERÞJÓNUSTU** Hæstiréttur Danmerkur dæmdi í gær 32 ára gamlan mann í sjö mánaða fangelsi fyrir að neita að gegna herþjónustu. Árið 1989 var maðurinn fyrst kallaður í herinn en hafði hann boðið að engu. Í kjölfarið hófst svo málarekstur sem nú hefur verið til lykta leiddur.

**INNFLYTJENDUR ÓHÆFIR** Ný rannsókn sem sagt var frá í dagblaðinu Politiken sýnir að allt að helming allra danskra innflytjenda úr þriðja heiminum skortir nauðsynlega menntun og reynslu til að geta tekið þátt í dönsku atvinnulífi, jafnvel í störfum sem krefjast lítillar menntunar. Þetta þýðir að þeim gæti reynst erfitt að finna störf, sem aftur mun halda þeim í fátæktargildru á jaðri samfélagsins.






Verðhækkun þotueldsneytis:

# Flugfargjöld hækka ekki

**MILLILANDAFLUG** Bandaríska flugfélagið Delta hækkaði flest fargjöld í flugi yfir Atlantshafið 15. júní vegna hækkunar á þotueldsneyti síðustu mánuði. Íslensku flugfélögin búast þó ekki við að hækka fargjöld á næstunni.

„Við höfum verið að taka þennan kostnað á okkur,“ segir Birgir Jónsson, framkvæmdastjóri Iceland Express, sem á í harðri samkeppni í lágfargjaldafluginu. „Við viljum ekki hækka fargjöldin.“ Hann á þó ekki von á lækkun fargjalda á næstunni.

„Það er ekkert sérstakt á döfinni hjá okkur hvað það varðar,“ segir Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, um hækkun fargjalda. Guðjón segir alþjóðlega samkeppni á flugmarkaði vera mjög virka og bendir líka á að flugfélög noti mjög ólíkar aðferðir til verðlagningar. Það sé ekki sjálfgefið að hækkanir á eldsneytisverði skili sér út í fargjöldin.

Þotueldsneyti hækkaði um 45 prósent frá mars til apríl, en lækkaði aftur í maí. Almennt hefur verðið hækkað og sér ekki fram á lækkun á næstunni. ■




FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

ELDSNEYTISVERÐ Á UPPLEIÐ Íslensku millilandaflugfélögin hyggjast ekki hækka fargjöld á næstunni.



# Gríptu einn ódýran!

*Ath! gildir aðeins þriðjudag og miðvikudag*

GRILLAÐUR KJÚKLINGUR

**499 kr. kg**

**Þú sparar 300 kr.**

*Venjulegt verð í Nóatúni er 799 kr./kg.*

SPARAÐU




7UP FREE 2L

**99 kr. 2l**




STJÖRNU HRÁSALAT 350 G

**139 kr. pk**


Mundu CHESTER FRIED
NÓATÚN
OPIÐ TIL KL. 21 ALLA DAGA

Þjónustuver KB banka er opið frá 8-19 alla virka daga

444 7000

Við aðstoðum þig við alla almenna bankaþjónustu frá morgni til kvölds

- upplýsingar um stöðu reikninga
- millifærslur
- innborgun á kreditkort
- innborgun á skuldabréf
- framlenging á yfirdráttarheimild

KB BANKI

www.kbbanki.is

Deilur í hestamannafélagi:

# Safnaðarformaður veldur usla

**FÉLAGSSTARF** „Þetta er í sjálfu sér ekkert fréttnæmt því þetta er bara eins og gengur og gerist," segir Matthías G. Pétursson, formaður hestamannafélagsins Andvara í Garðabæ, en tveir stjórnarmenn af fimm hafa sagt sig úr stjórninni á þessu ári og neita báðir að tjá sig um hvort ósætti við formanninn sé ástæða úrsagnarinnar.

Formaður hestamannafélagsins er sá hinn sami og hefur gegnt formennsku safnaðarins í Garðasókn en þar hafa deilur átt sér stað milli sóknarprestsins annars vegar og formanns og varaformanns sóknarnefndarinnar hins vegar.

Matthías segir að það sé fjarri lagi að einhver átök eigi sér stað í félaginu og að miklar framkvæmdir séu fram undan sem taki mikinn tíma. „Þetta eru miklar og drífandi framkvæmdir og það er ekki allra að standa í svona félagsstarfi því það tekur mikinn tíma. Við höfum fengið inn varamenn í stað þeirra sem hættu og það er allt í góðu hér," segir Matthías. - hb



FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON

**MATTHÍAS G. PÉTURSSON** Á fundi hjá Garðasókn.

Hagstofa Íslands:

## Starfandi fólki fjölgar

**VINNUMARKAÐUR** Starfandi fólki á Íslandi fjölgaði um 1,2 prósent milli áranna 2003 og 2004 samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Skiptist fjöldinn nokkuð jafnt milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar.

Alls störfuðu hér á landi 157.520 manns árið 2004 sem er tæplega tvö þúsund fleiri en árið áður þegar heildarfjöldi starfandi fólks var 155.680. Fjölgunin er nokkuð jöfn milli landssvæða. Fjölgar um 1,2 prósent á höfuðborgarsvæðinu en 1,1 prósent annars staðar á landinu. -aöe

# Bensín aldrei dýrara

**Bensínlítrinn hefur aldrei verið jafn dýr hér á landi og eftir síðustu verðhækkanir olíufélaganna. Gera má ráð fyrir að verð geti hækkað enn meira þegar fram á sumarið kemur.**

**NEYTENDUR** „Mér finnst nóg komið af svo góðu og heimta að stjórnvöld geri það sem í þeirra valdi stendur til að koma til móts við neytendur," segir Sigríður Guðjónsdóttir. Hún er afar ósátt við það hve verð á eldsneyti er orðið hátt hér á landi.

Verð á bensíni fór í sögulegt hámark í gær þegar olíufélögin Olís, Skeljungur og Esso hækkuðu verð í fjórða sinn í þessum mánuði. Lítrinn af 95 oktana bensíni kostar nú 109,60 krónur í sjálfsafgreiðslu hjá Esso og Skeljungi en tíu aurum meira hjá Olís. Sé farið fram á fulla þjónustu á bensínstöðvum kostar lítrinn tæpar 115 krónur.

Bensínhækkanirnar koma á sama tíma og Íslendingar hugsa sér til hreyfings í sumarfríum sínum. Þær hafa í för með sér að fjölskylda sem ferðast hringinn kringum landið í rólegheitum og fyllir tankinn fjórum sinnum á leiðinni með þjónustu greiðir tæpar 28 þúsund krónur í eldsneytiskostnað fyrir hringferðina.

Sigríður segir að hægt sé að spara með því að dæla sjálf á bílinn en verðið sé engu að síður afar hátt. „Mér finnst þáttur stjórnmálamanna stór í þessu vegna þess að álögur á eldsneytið fara hækkandi og þeir mættu standa sig betur í að standa vörð um hag borgaranna í landinu."

Magnús Ásgeirsson, yfirmaður eldsneytiskaupa hjá Esso, segir að verð á hráolíu hafi áður verið hærra en nú er, en man ekki eftir eins háu bensínsverði. „Ég met það svo að frekari hækkanir séu ekki útilokaðar næstu vikurnar en verð geti tekið að lækka á ný þegar líður fram á sumarið. Það skýrist af því að eftirspurn á erlendum mörkuðum er í hámarki þessi misserin bæði í Bandaríkjunum og eins í Evrópu og það hefur áhrif hingað."

albert@frettabladid.is

**ALGENGASTA BENSÍNVERÐIÐ ÞANN 20. JÚNÍ. 95 OKT. Í SJÁLFSAFGREIÐSLU.**

| | Höfuðb. | Landsb. |
|---|---|---|
| ESSO | 109,60 | 110,70 |
| OLÍS | 109,70 | 109,70 * |
| SKELJUNGUR | 109,60 | 110,50 |
| EGO | 106,20 | - |
| ATLANTSOLÍA | 106,20 | - |
| ÓB | 106,20 | 106,20 |
| ORKAN | 106,10 | 106,10 |

* Olís gefur aðeins upp verð á ódýrustu stöðvum sínum á landsbygginni.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**BLÖSKRAR VERÐIÐ** Sigríður Guðjónsdóttir er ein þeirra sem blöskrar hið háa verð á eldsneyti. Hún sparar sér talsverðar upphæðir með því að dæla sjálf á bíl sinn en verðið segir hún engu að síður út í hött og í engum takti við annað verðlag í landinu.



**MATTHÍAS SIGURÐSSON** Vill ekkert staðfesta að svo stöddu en segir að skipt geti verið um eigendur.

Meirihlutaeigandi Europris:

## Útilokar ekki eigendaskipti

**VIÐSKIPTI** „Það getur vel verið að það verði eigendaskipti í Europris en ég ætla ekki að staðfesta neitt að svo stöddu," segir Matthías Sigurðsson, meirihlutaeigandi Europris-verslananna.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að Matthías hygðist selja hlut sinn í fyrirtækinu og staðfestu meðeigendur hans, bræðurnir Lárus og Ottó Guðmundssynir, að tíðinda væri að vænta af eignarhaldi fyrirtækisins. Matthías verst að öðru leyti allra frétta. „Ég ætla að láta verkin tala og ræði við fjölmiðla þegar málin eru komin í skýrara ljós. Það verður væntanlega innan skamms." -bs



**FORVARNIR GEGN ALNÆMI** Forsvarsmenn fræðsluverkefnis Alnæmissamtakanna ásamt Haraldi Briem sóttvarnalækni og Jóni Kristjánssyni heilbrigðisráðherra.

Alnæmi:

## Ungmenni frædd

**FRÆÐSLA** „Þetta er fræðsla sem sífellt þarf að veita," segir Birna Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Alnæmissamtakanna á Íslandi. Fulltrúar samtakanna hittu nú eftir áramótin flesta í 9. og 10. bekk í grunnskóla á landinu og fræddu þá um alnæmi.

Birna segir vonir standa til þess að hægt sé að halda fræðslunni úti annað hvert ár og bætir við að ungmenni séu almennt fáfróð um sjúkdóminn og smitleiðir hans. Erfitt sé þó að mæla árangur af fræðslunni. „Þeir sem ekki smitast mælast ekki," segir hún. „Hins vegar má segja að hvert einasta smit sem tekst að koma í veg fyrir sé góður árangur út af fyrir sig." ■



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**FYRSTU SKREFIN** Guðbrandur Einarsson og Bjarki Birgisson ganga af stað í gærmorgun. Meðal þeirra sem fylgdu þeim úr hlaði voru Ellert B. Schram og Dorrit Moussaieff.

Haltur leiðir blindan hringinn í kringum Ísland:

## Gengið af stað

**HRINGFERÐ** Bjarki Birgisson og Guðbrandur Einarsson hófu í gærmorgun gönguferð sína, hringinn í kringum landið. Þeir héldu af stað frá Sjónarhóli við Háaleitisbraut eftir létta morgunleikfimi og hlý hvatningarorð, meðal annars frá Línu langsokki og Ellerti B. Schram, forseta ÍSÍ.

Dorrit Moussaieff forsetafrú er verndari göngunnar og gekk hún, ásamt hópi fólks, með tvímenningunum fyrsta spölinn. Þeir félagarnir voru ánægðir með að komast loks af stað enda beðið lengi eftir að fyrsti göngudagurinn rynni upp. Bjarki og Guðbrandur ætla að ganga kílómetrana 1.200 á 46 dögum og koma til Reykjavíkur aftur til baka fimmtudaginn 4. ágúst. Þeir ganga því 24 kílómetra að meðaltali dag hvern.

Tómas Birgir Magnússon íþróttakennari fylgir Bjarka og Guðbrandi eftir á bíl og veitir þeim þá aðstoð sem þeir þurfa.

Hægt verður að fylgjast með Íslandsgöngunni á gangan.is auk þess sem Fréttablaðið birtir reglulega póstkort frá göngugörpunum. - bþs

Vörubíll í Ölfusi:

## Valt við að sturta mold

**LÖGREGLA** Ökumaður vörubíls meiddist lítillega þegar bíll hans valt á hliðina þar sem hann var að sturta mold í pytt í grennd við Nátthaga í Ölfusi klukkan að ganga 10 í gærmorgun.

Að sögn lögreglu á Selfossi var maðurinn í fyrstu fluttur til myndatöku á heilsugæslustöðina á Selfossi, en þaðan var hann sendur til frekari rannsókna á Landspítala - háskólasjúkrahús í Fossvogi í Reykjavík. Hann var þó ekki talinn mikið meiddur. Verið var að losa vagninn utan alfaraleiðar og hafði óhappið því engin áhrif á umferð á svæðinu. -óká

**FILIPPSEYJAR**

**VINSÆLL HRINGITÓNN** Fyrir skemmstu lak út eitthvað sem fram er haldið að sé rödd forsetans Gloria Arroyo að ræða kosningasvindl. Upptakan er nú skyndilega orðin einn vinsælasti hringitónn farsímaeiganda þar í landi en dómsmályfirvöldum er hreint ekki skemmt enda hafa þau haldið því fram að upptakan sé fölsuð.

Grand
styrkleiki

Grand
öryggi

Grand
gæði







* bílasamningur Glitnis með 30% útborgun og eftirstöðvum í 84 mánuði.
50% íslenskar kr / 50% erlend mynt

Hugtök Júní 05

Komdu í reynsluakstur, þú verður ekki fyrir vonbrigðum og verðið það hefur aldrei verið hagstæðara.

SUZUKI
...er lífsstíll!

SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17. Sími 568 51 00.
www.suzukibilar.is

...bara á
flugfelag.is
22. - 28. júní

Milli Reykjavíkur og
AKUREYRAR
5.399 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og
EGILSSTAÐA
6.099 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og
ÍSAFJARÐAR
5.299 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!

Milli Akureyrar og
VOPNAFJARÐAR/
ÞÓRSHAFNAR
4.499 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!

Milli Akureyrar og
GRÍMSEYJAR
3.499 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!

Börn, 2ja–12 ára, í fylgd með fullorðnum, greiða 1.940 kr. aðra leiðina.

flugfelag.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS FLU 28764 06/2005



Háskóli Íslands og Tryggingastofnun:

# Fyrsti samningur sinnar tegundar

**MENNTAMÁL** Háskóli Íslands og Tryggingastofnun ríkisins hafa gert með sér samning um eflingu kennslu og rannsóknir í almannatryggingarétti með sérstakri áherslu á lífeyristryggingar. Um tímamótasamning er að ræða því lagadeild Háskóla Íslands hefur ekki áður gert slíkan samning við stofnun utan HÍ.

Ellefu vikna kennsla í almannatryggingarétti verður samkvæmt samningnum kjörgrein í framhaldsnámi við lagadeild Háskóla Íslands. Námskeiðið í almannatryggingarétti er tvískipt, fyrri hlutinn byggir á meginreglum, heimildum og túlkunum félagsmálaréttar. Síðari hlutinn fjallar um almannatryggingarétt með áherslu á íslenska lífeyriskerfið og réttinn til elli- og örorkulífeyris.

Tryggingastofnun veitir samkvæmt samningnum nemendum í almannatryggingarétti aðgang að upplýsingum og gögnum stofnunarinnar og leggur þeim til vinnuaðstöðu og leiðsögn við gerð verkefna.

-jss



**LÍFEYRISTRYGGINGAR** Fyrsti samningur sinnar tegundar um eflingu kennslu í almannatryggingarétti hefur verið undirritaður.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**TAFIR Í BÁÐAR ÁTTIR** Ætli höfuðborgarbúar úr bænum má gera ráð fyrir töfum bæði á Vesturlandsvegi og Suðurlandsvegi. Vilji fólk vera í bænum eru tafir mjög víða og verða meiri þegar fram á sumar kemur.

# Fásinna að halda ekki að sér höndum

**Samtök iðnaðarins telja að stjórnvöld eigi að halda mun fastar um ríkispyngjuna en gert hefur verið, enda þenslan næg fyrir í landinu þó ekki komi líka til framkvæmdir og verkefni fyrir ríki og sveitarfélög.**

**FRAMKVÆMDIR** „Það má í raun kalla það fásinnu að ríki og sveitarfélög skuli ekki halda að sér höndum þegar kemur að framkvæmdum ýmiss konar,“ segir Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður hjá Samtökum iðnaðarins. Hann segir samtökin hafa miklar áhyggjur af ríkisfjármálunum og tekur undir með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að brýn nauðsyn sé á meira aðhaldi en verið hefur.

Framkvæmdagleði Íslendinga er mikil og hvarvetna sem litið er má sjá iðnaðar- og verkamenn reisa byggingar eða leggja vegi og verða ekki síst íbúar á höfuðborgarsvæðinu varir við þá þenslu. Víða í miðborg Reykjavíkur eru götur lokaðar vegna stærri framkvæmda og í nágrenni borgarinnar, á þjóðvegi 1 í báðar áttir, munu standa yfir vegaframkvæmdir fram á vetur.

*„fyrirséð er að þegar og ef gengið lækkar þá hækkar verðbólgan úr öllu valdi.“*

Nýjar byggingar rísa á hverjum degi í nýjum hverfum sveitarfélaganna á suðvesturhorni landsins á sama tíma og hundruð verkamanna byggja háhýsi í miðbænum. Annars staðar er einnig hafin eða í undirbúningi bygging heilla nýrra hverfa eins og í Garðabæ eða norður á Akureyri. Að ógleymdri þeirri þenslu sem skapast hefur fyrir austan land með byggingu Kárahnjúkavirkjunar og álvers Alcoa á Reyðarfirði.

Davíð segir að stjórnvöldum hafi mistekist hrapallega að koma í veg fyrir þenslu með því að standa sjálft fyrir verkefnum sem að öllu jöfnu hefði mátt bíða með þangað til um hægðist.

„Efnahagsaðstæður eru með þeim hætti að nauðsynlegt er að grípa inn í og sýna varkárni. Hátt gengið er að ganga af mörgum útflutningsgreinum dauðum og fyrirséð er að þegar og ef gengið lækkar þá hækkar verðbólgan úr öllu valdi. Þá er eðlilega búið að veikja mörg fyrirtæki svo mikið að verðbólgan gæti auðveldlega gengið af mörgum þeirra dauðum.“

albert@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**SKORTUR Á STARFSFÓLKI** Skortur er á vinnuafli í flestum iðnaðargreinum. Ekki er óalgengt þessa dagana að smiðir, pípulagningamenn og rafvirkjar vinni fjórtán til fimmtán tíma vinnudag enda ærin verkefni víða. Fjöldi byggingakrana á höfuðborgarsvæðinu hefur sjaldan eða aldrei verið meiri.










FABRIKAN

# JÚNÍTILBOÐ!

**TEKK**
COMPANY

OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA KL.10-18 OG LAUGARDAGA KL.10-16

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

## SVONA ERUM VIÐ

**FARÞEGAFJÖLDI UM KEFLAVÍKURFLUGVÖLL**

Heimild: Hagstofan




# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** HRÍSEY

## *Sjávarþorp á tímamótum*

Hrísey, sem oft er kölluð perla Eyjafjarðar, er önnur stærsta eyjan við Ísland og sú næst fjölmennasta. Íbúafjöldinn 1. desember í fyrra var 171 og einungis Heimaey er stærri og með fleiri íbúa. Hrísey er um 7,5 km á lengd og 2,5 km á breidd þar sem hún er breiðust að sunnanverðu en þar er meginbyggðin; við lífæðina, höfnina. Norðurhluti Hríseyjar er alfriðað land í einkaeigu og hafa ábúendurnir framfæri sitt af dúntekju.

Árið 2003 var gerður samningur milli umhverfis- og iðnaðarráðherra um sjálfbært samfélag í Hrísey. Það var til þriggja ára og rennur út um næstu áramót en fjárstuðningur ráðuneytanna var sex milljónir króna á tímabilinu. Verkefninu hefur verið stýrt af fimm manna verkefnishópi og segir Ingimar Eydal, formaður hans, að stjórnin vonist til þess að samningurinn við ráðuneytin verði endurnýjaður. „Verkefnið er komið vel af stað og Hríseyingar sjálfir eru farnir að hafa trú á því. Því vonum við að stjórnvöld styrki verkefnið áfram en einnig horfum við til Evrópusambandsins varðandi fjárframlög.“

Í áratugi hefur jarðhiti verið notaður til að kynda upp flest hús í Hrísey, auk þess sem hann er nýttur í sundlauginni og í snjóbræðslukerfið á hafnarsvæðinu. Rannsóknir benda til þess að mjög öflugt jarðhitasvæði sé að finna í og undir eyjunni.

Markaðsráð Hríseyjar var stofnað 7. júní síðastliðinn. Tilgangur þess er meðal annars að markaðssetja Hrísey fyrir ferðamenn sem sjálfbært samfélag.

Daginn eftir var skrifað undir annan samning sem miðar að því að úr jarðhitanum í Hrísey verði unnin öll sú orka sem eyjarskeggjar þarfnast en umframorka seld öðrum.



**LÍFRÆNN ÚRGANGUR** Matarleifar og annar lífrænn úrgangur er flokkaður frá öðru sorpi, settur í sérstaka poka, og pokar og úrgangur endar í moltuvél og verður að næringarríkri mold sem fer í skólagarðana.

Sjálfbær framleiðsla eyjarskeggja:

## Kræklingur og krydd



**HAGLEIKSMAÐUR** Bjarni Thorarensen við vél sem pússar hrífusköft en vélina smíðaði Bjarni sjálfur. Hrífurnar eru seldar í Húsasmiðjunni og Byko.

Norðurskel hóf kræklingaræktun í Eyjafirði árið 2000. Í vetur var gengið frá endurfjármögnun fyrirtækisins og fram undan er stórfelld ræktun á bláskel sem veita mun fjölda manns atvinnu, ef vel tekst til. Sú ræktunaraðferð sem Norðurskel notar er svokölluð línurækt en þá er lína fest við botninn en flot og botnfestingar notaðar til að halda henni lóðréttri. Kræklingalirfur setjast á línurnar og vaxa þar og dafna þangað til kjörstærð er náð. Vinnslan er að öllu leyti lífræn og sjálfbær. Náttúran skapar lirfurnar og fóðrar og því er enginn fóðurkostnaður í kræklingaræktun.

Mikið er af ætihvönn í Hrísey og í fyrra tíndu Bjarni Thorarensen og fleiri Hríseyingar um 1.400 kg af fræhausum fyrir Saga Medica, en fyrirtækið notar hvönnina meðal annars í náttúrulegan heilsuvarning. Bjarni mun tína hvönnina aftur síðla í júlí í ár og hugsanlega verður stofnað félag í Hrísey sem hafa mun það að markmiði að tína jurtir sem vaxa í eyjunni og koma þeim í verð. „Það er til dæmis mikið af lúpínu hér í eyjunni sem vinna mætti seyði úr og um tíma var kokkur hér á veitingastaðnum sem vann allt það krydd sem hann notaði úr gróðri sem hann tíndi á eyjunni,“ segir Bjarni.

Auk þess að tína hvönn framleiðir Bjarni heyhrífur og er framtíðardraumurinn að gera framleiðsluna eins sjálfbæra og unnt er. Í fyrra framleiddi fyrirtæki Bjarna og eiginkonu hans, Hrísiðn, 1400 hrífur og það sem af er ári hafa verið pantaðar 900 hrífur. Járn og tré leikur í höndunum á Bjarna og smíðaði hann sjálfur tvær af fjórum vélum sem hann notar við hrífugerðina, pússningavél og fræsivél sem í framtíðinni verður tölvutengd. „Sköftin vinn ég úr sérstökum við sem ég kaupi en sagið sem til fellur er notað sem stoðefni við moltugerðina hér í Hrísey. Til að hafa framleiðsluna eins sjálfbæra og unnt er þyrfti að gróðursetja hér nytjaskóg og þá þyrfti ekki að kaupa við í sköftin,“ segir Bjarni.




# Sjálfbær Hrísey

**Fjölnýting jarðvarmans í og undir Hrísey er lykillinn að dyrum vistvæns samfélags í eyjunni, sem yrði einstakt í veröldinni og vekja myndi alþjóðlega athygli. Margar hugmyndir eru fram komnar um nýja ásýnd eyjunnar.**

Stjórnvöld stefna að því í samvinnu við heimamenn í Hrísey að gera eyna að sjálfbæru samfélagi á næstu árum. Meginforsendan fyrir því að það takist er að beisla þann ómælda jarðhita sem er að finna á og undir Hrísey. Samkvæmt hugmyndum um fjölnýtingu jarðvarmans í eynni er ætlunin að nota hann á þrjá vegu: Til hitunar, raforkuframleiðslu og vetnisframleiðslu. Hugmyndirnar eru enn sem komið er á teikniborðinu en frá náttúrunnar hendi er Hrísey álitin kjörinn tilraunastaður til að koma á fót sjálfbæru samfélagi. Allar þykja hugmyndirnar athyglisverðar og varpa ljósi á sjálfbær samfélög framtíðarinnar.



**FRÉTTASKÝRING**
UPPBYGGING HRÍSEYJAR

**KRISTJÁN KRISTJÁNSSON**
BLAÐAMAÐUR

### Hitaveita, ylrækt og ylströnd

Heitt vatn verður áfram notað til að kynda upp hús í eyjunni, sundlaugina og snjóbræðslukerfið á hafnarsvæðinu. Auk þess eru komnar fram hugmyndir um að nota vatnið til ylræktar; hita upp gróðurhús þar sem ræktaður verður margvíslegur gróður, grænmeti og ávextir en einnig hafa Hríseyingar hug á að útbúa ylströnd við eyjuna. Á milli Saltness og Kríuness er skjólgóð og sólrík vík sem lokuð yrði af með varnargarði og heitu vatni dælt í víkina til að að hita sjóinn. Á sjávarbakkanum við víkina verði þjónustumiðstöð sem hýsi veitingasölu, búningsklefa, nudd, heilsurækt og fleira sem notendur sjóbaða sækjast eftir.

Í og undir Hrísey er meira af heitu vatni en eyjarskeggjar hafa not fyrir. Því hefur komið fram sú hugmynd að aðveitulögn verði lögð frá Hrísey til Grenivíkur og Hríseyjarvatnið notað til að ylja Grenvíkingum en þar er engin hitaveita. Heildarkostnaður við flutning vatnsins frá Hrísey og dreifikerfi á Grenivík er áætlaður 175 milljónir króna, arðsemin 18 prósent og endurgreiðslutíminn 18 ár.

Heita vatnið í Hrísey má einnig nýta til frekari snjóbræðslu, til að hita upp fiskeldiskvíar og jafnvel til að auka vaxtarhraða bláskeljar sem ræktuð er við eyjuna.

### Raforku- og vetnisframleiðsla

Með sérstökum búnaði er ætlunin að nýta varmann úr heita vatninu í Hrísey til að framleiða raforku fyrir íbúana og fyrirtækin í eyjunni. Heildarkostnaður við slíkt varmaorkuver er áætlaður 125 milljónir króna, arðsemin 14 prósent og endurgreiðslutíminn níu ár.

Verði ráðist í hitaveituframkvæmdir fyrir Grenvíkinga er ætlunin að skoða alvarlega hvort ekki sé arðvænlegt að hefja einnig raforkuframleiðslu fyrir Grenivík. Rafstrengurinn yrði þá lagður samhliða aðveitulögn hitaveitunnar en með því næðust umtalsverð samlegðaráhrif.




**FERÐAMÁTI HRÍSEYINGA** Á bilinu 20 og 30 dráttarvélar eru í Hrísey og hafa flestir eigendur þeirra látíð smíða kassa aftan á þær til að flytja fólk og varning. Allar götur nema tvær í eyjunni eru bundnar varanlegu slitlagi og megnið af þeim er hellulagt.

Varmaorkuverið myndi ekki einungis framleiða raforku heldur einnig vetni; umhverfisvænan orkugjafa sem heimsbyggðin horfir í vaxandi mæli til. Vetnið yrði svo nýtt til að knýja öll farartæki í Hrísey sem og Hríseyjarferjuna sem heldur uppi reglubundnum siglingum á milli lands og eyjar.



**JARÐVEGSGERÐ** Þorgeir Jónsson og Gísli Einarsson við moltuvélina sem breytir matarleifum eyjarskeggja í gróðurmold.

Bílum hefur fjölgað mjög í Hrísey undanfarin ár en Þorgeir Jónsson, starfsmaður áhaldahússins og „altmuligmand“ í Hrísey, segir að í dag séu 17 bifreiðar og allt að 30 dráttavélar í eyjunni. „Fjölgun bíla í Hrísey er í óþökk flestra íbúanna. Dráttarvélarnar eru okkur meira að skapi og best væri ef engir bílar yrðu í eyjunni. Einnig hefur komið fram sú hugmynd að banna einkabíla en hafa þess í stað nokkra rafmagns- eða vetnisbíla til að þjónusta þá sem þurfa á að halda,“ segir Þorgeir.

### Vistvæn starfsemi í eyjunni

Hríseyingar eru almennt mjög samhuga um að skapa vistvænt og eins sjálfbært samfélag í eyjunni og mögulegt er. Telja þeir sóknarfærin liggja á þeim vettvangi og nú þegar er þar ýmis starfsemi sem byggir á umhverfisvænni hugmyndafræði.

Við hýbýli eyjarskeggja eru sorptunnur sem eingöngu eru ætlaðar undir matarleifar og annan lífrænan úrgang en ólífrænt sorp er flutt til Akureyrar. Tunnurnar eru tæmdar reglulega og úrgangurinn fluttur í gömlu slökkvistöðina í eyjunni þar sem sorpinu er breytt í næringarríka mold með þar til gerðum búnaði sem keyptur var frá Svíþjóð í fyrra. „Búnaðurinn kostaði notaður um 1.100 þúsund krónur og hann á að geta annað 500 manna byggð,“ segir Þorgeir og bætir við: „Frá því í október í fyrra höfum við sett þrjú tonn af matarleifum í moltuvélina en moldin sem úr vélinni kemur hefur farið í skólagarðana. Allir íbúarnar í eyjunni tóku moltugerðinni vel og flokka sorpið samviskulega nema einn en hann mun taka við sér áður en langt um líður,“ segir Þorgeir og bendir jafnframt á að megnið af þeim trjágreinum sem falli til þegar Hríseyingar klippi runna við hús sín séu kurlað niður og nýtt í göngustíga í eyjunni.

Þorgeir telur möguleika Hríseyjar í vistvænum efnum vera óþrjótandi. Samstaða heimamanna og einstakt náttúrufar ráði þar mestu, en stuðningur stjórnvalda til frekari uppbyggingar sjálfbærs samfélags í Hrísey ráði líklega úrslitum. ■

# DVD tónlist

## á aðeins 1.499kr

**SUMARTILBOÐ**




ALICE IN CHAINS-Unplugged




BRUCE SPRINGSTEEN-In Concert




COLDPLAY-Live 2003




DEEP PURPLE-Come Hell Or High Water




DURAN DURAN-Sing Blue Silver




BRITNEY-Live From Las Vegas




EAGLES-Hell Freezes Over




FOO FIGHTERS-Everywhere But Home




GEORGE MICHAEL-Ladies & Gentleman




KORN-Live




MEATLOAF-Hits Out Of Hell




NORAH JONES-Live In New Orleans




OASIS-There And Then




OZZY OSBOURNE-Live At Budokan




PEARL JAM-Touring Band




PLACEBO-Live In Paris 2003

Gildir til 4. júlí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255
HAGKAUPA

# skoðun

SJÓNARMIÐ
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON

Umferðarþunginn í þéttbýli og dreifbýli hefur margfaldast á tiltölulega fáum árum.

## Umferðarlöggæslu þarf að stórefla

Þjóðráð væri að sjá álíka margar lögreglubifreiðar á þjóðvegum landsins og stórflutningabíla. Eftirlit lögreglu með ökumönnum er í engu samræmi við stóraukinn umferðarþunga um mest allt land - og reyndar verður hér fullyrt að þjónusta hins opinbera í þessum efnum hafi dregist saman á undanliðnum árum. Það er glapræði, enda ber ríkisvaldinu að sinna þessum mikilvæga öryggisþætti af kostgæfni og faglegum metnaði. Annað er háskaleg sparsemi.

Hér er samt ekki við lögregluyfirvöld í umdæmum landsins að sakast. Þeim er naumt skammtað fjármagnið til að halda úti eftirlitsmönnum á helstu þjóðleiðum landsins sem spanna þúsundir kílómetra - og fyrir fámennustu umdæmin er hert eftirlit svo að segja ógerningur. Því er mikilvægt að landsmenn allir þrýsti á æðstu stjórnendur þjóðarinnar og krefji þá um meira fé til brýnustu þátta í umferðaröryggismálum þjóðarinnar.

Hert eftirlit og harðari refsingar fyrir vítavert gáleysi í umferðinni er lykilþáttur í þessum efnum. Endalaust má reifa hugmyndir um mikilvægi forvarna og bættan öryggisbúnað bifreiða, að ekki sé talað um að fólk noti þann búnað í umferðinni; ógnvænlegustu tímasprengjurnar í íslenskri umferð verða ekki teknar úr sambandi nema með hertu eftirliti - og þar kemur enginn í stað vökulla lögreglumanna um land allt.

Með slælegra eftirliti lögreglunnar úti á þjóðvegum landsins á síðustu árum hefur þeim vaxið ásmegin sem kjósa að aka eins og fífl um þrönga og hlykkjótta sveitavegi landsins. Þessir sömu vegir eru þar fyrir utan svo signir og sprungnir af umferðarálagi að helst verður líkt við þær brautir erlendra skemmtigarða sem skjóta mönnum hvað mestan skelk í bringu. Þar fyrir utan verður ekki með nokkru móti séð hvernig fólksbifreið á hundrað kílómetra hraða getur mætt stórflutningabíl á sama hraða á allra svæsnustu vegaköflunum þar sem hallandi beygjur liggja inn að einbreiðum brúm.

Umferðarþunginn í þéttbýli og dreifbýli hefur margfaldast á tiltölulega fáum árum. Á höfuðborgarsvæðinu verða menn að una því að eyða allt upp undir fjörtíu mínútum í akstur á milli ystu hverfa. Smáskammtalækningarnar í skipulagi umferðarmannavirkja eru í hávegum hafðar, svo mjög að jafnt Sundabraut og Skerjafjarðarleið eru ennþá grátlegar útópíur í umræðu dagsins. Á sama tíma er meginviðfangsefni ríkisvaldsins að bora jarðgöng þar sem umferð er einna minnst á ystu annesjum Tröllaskaga og Austfjarða. Þetta er sérstæð pólitík.

Umferðarþunginn á nærsvæðum Reykjavíkur og kringum Akureyri hefur einnig aukist stórkostlega á allra síðustu árum. Æ fjölmennari tómstundabyggðir á þessum svæðum, svo og stóraukin ferðaþjónusta um allt land, hafa gert það að verkum að allar helgar eru að verða ferðahelgar á Íslandi. Fyrir vikið silast bílalestin til og frá stærstu þéttbýlisstöðunum um allar helgar með þeim afleiðingum að óvandaðir ökumenn freistast til að taka fram úr á fáránlegustu stöðum. Þessi aukna umferð hefur ekki dregið úr ofsaakstri. Hann hefur aðeins tekið á sig nýja mynd; ofbeldisfullur glæfraakstur er að verða æ meira áberandi með ömurlegum afleiðingum.

Hér þarf að skerast í leikinn. Það verður ekki gert annars staðar en á vettvangi. ■






## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Undarlegar tímasetningar**
Skipulagning Hlemms var kynnt borgarbúum í gærdag og vakti tímasetning blaðamannafundarins sérlega athygli. Skipulagsyfirvöldum fannst við hæfi að halda hann kl. 17.30 - sem verður að teljast undarlegt skipulag með hliðsjón af dagskrá allra helstu ljósvakamiðla landsins. Fréttamenn Útvarps höfðu sumsé rétt tæpan hálftíma til að vinna málið fyrir kvöldfréttatíma sinn, fréttamenn Stöðvar 2 heilan klukkutíma og kollegar þeirra á Sjónvarpinu gátu dólað sér í hálfa aðra klukkustund við að vinna sína útgáfu af fréttinni ...

**Seinniparturinn í uppáhaldi**
Það er annars plagsiður margra skipuleggjenda blaðamannafunda að halda eins lengi í sér yfir daginn og nokkur kostur er. Æði algengt er að halda alls kyns kynningarfundi á sjötta tímanum og verður ekki með nokkru móti skilið hvað fundarboðendum gengur til. Kannski það eitt jú, að stjörnur fundarins sitji einar að fréttinni; ljósvakamiðlum gefist of stuttur tími til að leita viðbragða, sviðsljósið sé því þeirra einna um kvöldið ...

**Einn í aðalhlutverki**
Með þessu móti tókst til dæmis Halldóri Ásgrímssyni forsætisráðherra að leika aðalhlutverkið í skýrslu Ríkisendurskoðanda fyrir rífri viku. Ekki einasta var fundurinn boðaður með örskömmum fyrirvara, heldur var hann og settur á svo nálægt kvöldfréttatímum ljósvakamiðlanna að fréttamenn þeirra töluðu á blístri um inntak skýrslunnar ...

**Rendi í golfi**
Það er annars ekkert gamanmál að vinna fréttir þessa dagana þegar flestir ráðamanna samfélagsins eru utan þjónustusvæðis. Þannig hringdi einn blaðamanna Fréttablaðsins á kontór Ríkisendurskoðunar í gær til að fylgja eftir fréttum af framúrkeyrslu ráðuneytanna sem telja það lítið mál að brjóta fjárlög. Á kontór renda var sagt að enginn væri við; stofnunin væri í golfferð ...

ser@frettabladid.is

## „Til styrktar góðu málefni“

Í DAG
FYRIRTÆKI OG STYRKIR



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

*Það reynir hins vegar kannski meira á menn sem vanir eru að útdeila fríðindum og greiðum úr opinberum sjóðum og bönkum að vera við völd þegar búið er að markaðsvæða. Þá þurfa þeir að þekkja takmörk sín og vara sig á því að hverfa ekki aftur inn í fortíðina og forneskjuna með því að búa til skattaafsláttarsjóði sem færa þeim aftur þessi ítök. Allavega væri heiðarlega að ganga hreint til verks og skattleggja fyrirtækin til að ná þessum sjóðum.*

Björgólfur hér og Björgólfur þar, það er ekki flóafriður fyrir honum, hann styrkir bókstaflega allt maðurinn. Landsbankadeildin, Klink og bank, Þjóðleikhúsið og nú síðast á mynd með kvenréttindakonum. Eins gott að maðurinn virðist hinn viðkunnanlegasti annars væri kona orðin svolítið þreytt á þessu öllu saman. Kannski er forsætiráðherrann orðin eitthvað þreyttur því nú ætlar hann með potintátum sínum að smíða lög sem munu gera það að verkum að Björgólfur og þeir hinir mega ekki lengur ráða því hvað þeir styrkja, heldur á að búa til sjóð þar sem ríkisstarfsmenn eða vinir og vandamenn ráðherranna sitja og hafa áhrif á hvert styrkirnir fara. Mér finnst Björgólfi og þeim hinum farast styrkveitingar vel úr hendi og að í þeim efnum megi segja því fleiri því betra. Látum þá hins vegar sjá um sína styrki og ríkið um sína. En þeim sem ráða finnst það náttúrlega ómögulegt að láta Björgólf „gína yfir þessu“, að hann einn ráði hvern hann styrkir og hve mikið. Því á að veita fyrirtækjunum skattafslátt sem á að renna í sjóð sem ríkisvaldið ætlar að hafa ítök í þannig á að smygla hinu opinbera að ákvörðunum og sviðsljósinu. Menn virðast sífellt farnir að sjá meira og meira eftir völdunum og sviðsljósinu sem þeir detta út úr þegar ríkið er ekki lengur á bólakafi í öllum hlutum. Og auðvitað á að nota opinbera sjóði til að komast aftur í sviðsljósið – okkar sjóði. Ég lýsi mig algjörlega mótfallna svona fiffum. Fyrirtæki eiga sjálf að ráða sínum sjóðum, ef ríkisvaldið vantar digrari sjóði þá á hreinlega leggja hærri skatta á fyrirtækin, en ekki seilast bakdyramegin í þá vasa frekar en aðra. Ef ríkið vill hvetja fyrirtækin til frekari samfélagsþátttöku með skattaafslætti, þá gerir það það, en fyrirtækin verða sjálf að ákveða hvernig þau ráðstafa sínu fé, hvort heldur skattarnir lækka á móti eða ekki. Er það ekki annars svolítið skondið að forsætisráðherranum hafi ekki dottið það fyrr í hug að þeir ríku eigi styrkja bókmenntir, vísindi og listir ? Hvað er aftur langt síðan útvöldum var gefinn fiskurinn í sjónum og margir urðu vellauðugir fyrir bragðið? Ekki hafa þeir greifar mikið verið að styrkja einn eða neinn, nema þeir séu þá svona miklu verri auglýsingamenn en þeir sem nú styrkja góð málefni daginn út og inn. Eða getur verið að hugmyndaflugið hjá því opinbera sé ekki meira en svo að þeim hafi ekki dottið þessi „skylda“, sem þeir svo nefna núna, í hug fyrr enn auðmenn hófu þá iðju að eigin frumkvæði. Kannski þarf kona þó ekki að vera að hissa sig á þessu því þetta er sami forsætisráðherrann og flutti tímamótaræðuna á gamlárskvöld og boðaði stofnun fjölskyldunefndar, rétt eins og hann hefði fundið upp hjólið. Eins og hann hefði aldrei heyrt um fjölmargar áætlanir sem samþykktar hafa verið til að laga fjöskyldulífið að breyttum þjóðfélagsaðstæðum. Ég held að ég hafi heyrt einhvers staðar að gamlárskvöldsnefndin hafi fundað og hyggi nú að skólabúningum, kona á örugglega að þakka sínum sæla fyrir að nefndin telur það brýnasta verkefnið, annars fengjum við kannski tilkynningar um skattaafslátt gegn því að borða ekki annað en lambakjöt á sunnudögum. Það reynir vissulega á menn að vera lengi við völd. Valdið spillir. Það reynir hins vegar kannski meira á menn sem vanir eru að útdeila fríðindum og greiðum úr opinberum sjóðum og bönkum að vera við völd þegar búið er að markaðsvæða. Þá þurfa þeir að þekkja takmörk sín og vara sig á því að hverfa ekki aftur inn í fortíðina og forneskjuna með því að búa til skattaafsláttarsjóði sem færa þeim aftur þessi ítök. Allavega væri heiðarlega að ganga hreint til verks og skattleggja fyrirtækin til að ná þessum sjóðum. Væntanlega er skýringin á því að sú leið er ekki farin einfaldlega sú að þeir þora það ekki, þá yrðu þeir ríku kannski fúlir eða jafnvel reiðir og hættu að borga í flokkssjóðina, sem auðvitað er leyndarmál hverjir borga í. ■






FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Tímamót mörkuð með skyri

Viðbrögð við skyrslettunum á Hótel Nordica um daginn hafa verið merkileg. Dómsmálaráðherra kvað þennan atburð marka tímamót á Íslandi. Það hefur nú áður verið slett skyri án þess að það markaði tímamót. Hann óttast að þetta skaði orðstír Íslands sem ferða- og ráðstefnulands. Þetta kemur bara öllum í opna skjöldu, sagði hann. Eftir einhverjar hatrömmustu deilur hér á seinni tímum, umsvifamestu framkvæmdir og jarðrask Íslandssögunnar í andstöðu við stóran hluta þjóðarinnar, yfirreið iðnaðarráðherra hérað úr héraði til að boða fleiri álver með tilheyrandi virkjunum, þá kemur það mönnum í opna skjöldu að slett sé skyri á ráðstefnu um áliðnað. Það er látið eins og óafturkræf skemmdarverk hafi verið framin og margra daga gæsluvarðhaldi beitt. Hvað sem menn segja um þetta að sletta skyri á fulltrúa Alcoa, Bechtel og Landsvirkjunar þá er það nú bara eins og hver annar barnaleikur miðað við afrek þessara fyrirtækja hér, svo ekki sé minnst á afrek Alcoa og Bechtel úti um allan heim.

**Einar Ólafsson rithöfundur**

## AF NETINU

### Lítil lýðræðisást

Reykjavíkurlistinn er klassískt dæmi um höfuðlausan búk sem ryðst áfram af þeirri einni hugsjón að lifa af. Framtíðarsýn Reykjavíkurlistans er engum ljós nema þá þessum átta borgarfulltrúum sem gagngert hafa unnið að því að stía sig frá samstarfsflokkunum og sínu baklandi. Reykjavíkurlistasamstarfið er engum af þeim flokkum sem í því starfa til sóma.

**Atli Þór Fanndal á politik.is**

### Það skal lifa

Hver verða svo áhrifin af þessum vandræðagangi á Evrópuumræðuna hér á landi? Eins þörf og sú umræða er má búast við að heldur hægi á henni meðan mesta ólgan gengur yfir innan sambandsins og þar til menn sjá til lands í deilum sínum. Þrátt fyrir að allt taki einhvern tíma endi finnst mér ekki líklegt að Evrópusambandið líði undir lok á næstu árum. Ástandið þar er hins vegar ekki mjög kræsilegt og hlýtur að vera vatn á myllu andstæðinga Evrópusambandsaðildar Íslands.

**Guðjón Ólafur Jónsson á hrifla.is**

### Kona var það víst

Nú síðast hafa óvildarmenn forsetans gripið til þess lúalega bragðs að halda því fram að fáar konur hafi fengið fálkaorðuna á valdatíma herra Ólafs. Ég leyfi mér að benda á að 13. maí síðastliðinn fékk engin önnur en Francesca von Habsburg fálkaorðuna. Það var löngu tímabært að þessi þekkti Íslandsvinur fengi viðurkenningu fyrir framlag sitt og ég fullyrði að enginn annar en herra Ólafur hefði veitt henni þessa verðskulduðu orðu. Frú Francesca er eini krossberinn í ár sem er svo frægur að bera engan starfstitil. Þarf að segja meira?

**Benedikt Jóhannesson á heimur.is**


KB ÍBÚÐALÁN – NÝJUNG!

VIÐ BORGUM AF ÍBÚÐALÁNINU FYRIR ÞIG




Dæmi um mánaðariðgjald af KB Lánavernd m.v. 10 milljóna kr. KB Íbúðalán til 40 ára og að KB Lánavernd taki yfir greiðslur af láninu í u.þ.b. þrjú ár.

| Aldur | Karl | Kona |
|---|---|---|
| 25 ára | 385 kr. | 317 kr. |
| 35 ára | 538 kr. | 522 kr. |
| 45 ára | 1.195 kr. | 1.069 kr. |

Alvarleg áföll gera sjaldnast boð á undan sér og þeir sem fyrir þeim verða eru oft illa í stakk búnir að kljást við fjárhagsskuldbindingar eins og greiðslur af íbúðarhúsnæði. KB Lánavernd tryggir greiðslur afborgana og vaxta KB Íbúðaláns við andlát eða alvarlegan sjúkdóm.

Nánari upplýsingar og umsókn má nálgast í þjónustuveri KB banka í síma 444 7000, á kbbanki.is eða í næsta útibú.

KB Lánavernd er unnin í samvinnu við **KB líf**, dótturfélag KB banka.

KB BANKI





Má bjóða þér einn?

"Hröð og fagleg þjónusta eru einkunnarorð okkar hjá Lýsingu. Ef þig vantar fjármögnun á atvinnutæki þá ábyrgjumst við svar á innan við sólarhring frá því að öll gögn liggja fyrir. Einfaldara getur það ekki verið."

Elvar Daði Eiríksson
Ráðgjafi, Fjármögnun atvinnutækja

LÝSING
Fjármögnun í takt við þínar þarfir

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 1500 Fax 540 1505
www.lysing.is

# KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 4.040 **-0,18%**

**Fjöldi viðskipta:** 203
**Velta:** 3.978 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Atlantic Petroleum** | +2,78% | **Atorka** | -1,67% |
| **Burðarás** | +1,37% | **KB banki** | -0,76% |
| **Tryggingamiðstöðin** | +0,92% | **Marel** | -0,53% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 39,50 +0,30% ... Atorka 5,90 -1,70% ... Bakkavör 36,90 - ... Burðarás 14,80 +1,40% ... FL Group 15,80 - ... Flaga 4,23 -0,50% ... Íslandsbanki 13,25 -0,40% ... KB banki 522 -0,80 ... Kögun 60,00 +0,20% ... Landsbankinn 16,50 +0,60% ... Marel 56,40 -0,50% ... Og fjarskipti 3,92 - ... Samherji 12,10 - ... Straumur 12,10 - ... Össur 80,00 -

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# *Peningaskápurinn...*

### Ástir samlyndra sósa

Bandaríski matvælaframleiðandinn Heinz, sem þegar er ódauðlegur eftir að bakaðar baunir fyrirtækisins komust á spjöld listasögunnar í verkum Andy Warhol, hefur keypt franska fyrirtækið Danones, sem á HP Foods. Heinz framleiðir einhverja þekktustu og vinsælustu tómatsósu heimsins. HP Foods framleiðir ekki síður merkilega sósu, sem er HP-sósan fræga. Þessar sósur hafa átt það sameiginlegt að koma fiski ofan í þá sem ekki finnst fiskbragðið gott og hafa ófá börn notið hollustu soðningarinnar vegna bragðaukans af þessum frægu sósum sem nú eru komnar í eina sæng. Heinz greiddi ríflega sextíu milljarða króna fyrir HP Foods.




### Peningaþvottavél sem kaupir Bretland

Breskir fjölmiðlar hafa farið mikinn eftir að sá kvittur komst á kreik að íslenskir fjárfestar væru að koma sér fyrir í hluthafahópi Marks & Spencer.

Fjölmiðlar í Bretlandi hafa gengið býsna langt í að gefa í skyn að fjármunir íslendinga séu illa fengið fé og hafa meðal annars látið að því liggja að efnahagslífið á Íslandi sé peningaþvottavél fyrir rússnesku mafíuna. Bresku fjölmiðlarnir hafa ekki lagt fram nein gögn máli sínu til stuðnings og sú kenning að Íslendingar séu að kaupa í M&S er líklega ekki rétt heldur. Hins vegar er orðrómur á kreiki nú um að Baugur hyggi á kaup á tískukeðjunni Jane Norman. Þar kynnu breskir fjölmiðlar að vera nær sanni en í umfjöllun um M&S og mafíupeningaþvætti.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

Hlutabréf **Moasaic Fashions hf.** verða skráð á Aðallista Kauphallarinnar í dag. Útgefnir hlutir í Mosaic Fashions hf. eru alls um 2,9 milljarðar króna að nafnverði.

Velta dagvöruverslana var þrettán prósent meiri í maí en í sama mánuði árið 2004, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga, samkvæmt mælingu **Rannsóknasetursverslunarinnar.**

Samkvæmt **Fasteignamati ríkisins** hækkaði fasteignaverð í maí síðastliðnum um 3,8%. Fasteignaverð hefur hækkað um 24% frá upphafi árs.

Gengi íslensku krónunnar veiktist um 0,74 prósent í gær en viðskipti á millibankamarkaði námu rúmlega sex milljörðum króna.




# Avion Group kaupir breskar ferðaskrifstofur

**Velta The Really Great Holiday Company, sem á og rekur þrjár ferðaskrifstofur, var um 14 milljarðar króna á síðasta ári. Félagið verður rekið samhliða Excel Airways, dótturfélagi Avion Group.**

Avion Group hefur fest kaup á The Really Great Holiday Company, sem á og rekur ferðaskrifstofurnar Travel City Direct, Transatlantic Vacations og Carshop. Félagið verður rekið samhliða Excel Airways Group, sem sérhæfir sig einnig í sölu á skemmtiferðum til Breta.

Travel City Direct er leiguflugfélag sem selur viðskiptavinum sínum beint í gegnum tvær símsölur í Blackpool og Swansea. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Gatwick.

Félagið býður einkum ferðir frá Bretlandi til Flórída en einnig til Mallorka og Spánar. Flugum til Flórída var fjölgað á árinu í tvö á viku og flugu 170 þúsund manns til Flórída á vegum félagsins árið 2004. Meirihluti flugsæta félagsins er frá vélum Air Atlanta Europe, dótturfélagi Avion Group, en önnur sæti koma frá öðrum leiguflugum og áætlunarflugum.




**STÆRSTI MARKAÐURINN ER SKEMMTIFERÐIR TIL FLÓRÍDA** 170 þúsund farþegar fóru á vegum flugfélagsins þangað á síðasta ári.

Heildarvelta The Really Great Holiday Company árið 2004 var 118 milljónir punda, rétt rúmlega 14 milljarðar íslenskra króna. Áætluð velta Avion Group verður því um 125 milljarðar króna á þessu ári.

Kaupverð The Really Great Holiday Company er ekki gefið upp en Íslandsbanki fjármagnaði kaupin að hluta.

Við samrunann verður Excel Airways, dótturfélag Avion Group og The Really Great Holiday Company, áttunda stærsta afþreyingarflugfélag Bretlands með fjórar milljónir farþega árið 2004. Fyrirtækið var stofnað í maí 1995 og þar vinna 270 manns.

Í fréttatilkynningu frá Avion segir Magnús Þorsteinsson, stjórnarformaður félagins, að kaupin leiði til frekari vaxtar á afþreyingarsviði. Að auki náist hagræðing í nýtingu á flugvélum Atlanta.

dogg@frettabladid.is




# Mælir með Bakkavör

Greiningardeild Landsbankans mælir með kaupum í Bakkavör samkvæmt nýju verðmati. Heildarvirði félagsins samkvæmt verðmatinu var 83,4 milljarðar og 39,9 krónur á hlut. Lokagengi Bakkavarar í gær var 36,9.

Verðmat Landsbankans á Bakkavör hefur hækkað um 42 prósent á aðeins þremur mánuðum en það skýrist af breyttum ytri aðstæðum og breyttum rekstrarforsendum. Vextir hafa lækkað og gengi pundsins hefur hækkað en tekjur félagsins eru í breskum pundum. Einnig er búist við meiri framlegð hjá fyrirtækinu en áður. - dh




FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**VERÐ Á MATVÖRU LÆKKAR HÉR Á LANDI** Vísitala neysluverðs var hálfu prósenti hærri í maí en í maí 2004.

# Lítil verðbólga á Íslandi

**Mun minni en í viðskiptalöndunum og á evrusvæðinu.**

Samræmd vísitala neysluverðs í maí samanborið við maí 2004 var hálft prósent hér á landi samanborið við 1,9 prósent í viðskiptalöndum Íslands. Meðaltal Evrópusambandslandanna og evrusvæðisins var einnig 1,9 prósent.

Samræmd vísitala neysluverðs er reiknuð á svipaðan hátt og vísitala neysluverðs að stórum hluta fyrir utan einn veigamikinn þátt, sem er húsnæðisliður. Ef tekið væri tillit til hans mældist hækkun á vísitölu neysluverðs mun meiri.

Mesta verðbólga á Evrópska efnahagssvæðinu á þessu 12 mánaða tímabili var 6,5 prósent í Lettlandi og 3,7 prósent í Lúxemborg.

Minnst var verðbólgan 0,2 prósent í Svíþjóð, 0,5 prósent á Íslandi og 0,6 prósent í Finnlandi. Vísitala neysluverðs stóð í stað milli ára í Japan.

Samræmd vísitala neysluverðs hækkaði um 0,3 prósent frá apríl til maí. Samræmd vísitala neysluverðs í EES-ríkjunum hækkaði á sama tíma um 0,2 prósent. - dh

**VERÐBÓLGA Í NOKKRUM RÍKJUM* - MAÍ '04 - MAÍ '05**

| | |
|---|---|
| Japan | 0,0% |
| Svíþjóð | 0,2% |
| Ísland | 0,5% |
| Finnland | 0,6% |
| Danmörk | 1,3% |
| Noregur | 1,5% |
| Viðskiptalöndin | 1,9% |
| Meðaltal ESB og evrusvæðisins | 1,9% |
| Bretland | 1,9% |
| Bandaríkin | 2,8% |
| Lettland | 6,5% |

*Tölur frá Hagstofu Íslands



| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 2.54 | 13.30 | 00.05 |
| AKUREYRI | 1.26 | 13.14 | 1.02 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

## heilsa o.fl.

Fimm manna fjölskylda í veggtennis

BLS. 2



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á visir.is

*Góðan dag!*

**Í dag er þriðjudagur 21. júní, 172. dagur ársins 2005.**




**Smáauglýsingar**

*byrja í dag á bls. 5*

**Flokkar**

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bára þarf oftar en ekki að elta dýrin út um allt hús og passa að allir séu glaðir á heimilinu.

# Hundarnir halda mér í formi

***Bára Hlín Erlingsdóttir, eigandi hársnyrtistofunnar Wink, er mikill dýravinur og á tvo ketti og tvo hunda sem halda henni í góðu formi.***

„Ég slepp náttúrlega ekki við að fara út með hundana. Ég á einn lítinn Chihuahua sem heitir Nefredítis og stóran, svartan Labrador sem heitir Maggi Einars. Hann heitir í höfuðið á tengdapabba mínum. Mér og manninum mínum finnst þetta nafn á hundinum mjög fyndið,“ segir Bára og hlær en litli fjórfætlingurinn hefur náttúrlega ekki nærri því eins mikið úthald og sá stóri. „Nei, hann er orðinn lafmóður þegar ég kem út götuna og þá held ég á honum restina af leiðinni. Hann hleypur með Magga en hann er bara með svo litlar lappir greyið.“

Bára á líka tvo ketti, Snæfríði Uglu og Kitty, þannig að nóg er að gera heima fyrir. „Það er heljarinnar líkamsrækt að passa upp á að allir séu glaðir og enginn fari að rífast. Síðan þarf ég oft að elta dýrin upp og niður stigann þannig að það er góð hreyfing,“ segir Bára og bætir við að hún elski dýr. „Ég er sjúklegur dýravinur. Ég gef til dæmis villiköttum í Portúgal. Ég er voðalega heppin að eiga þessi dýr. Ég mátti aldrei eiga dýr þegar ég var yngri en núna má ég það þannig að ég er að öfganýta tækifærið. Hús án dýra er ekki heimili.“

Dýrin passa líka upp á andlegu heilsu Báru. „Það er alltaf svo gaman að koma heim. Það er líka svo mikil hamingja þegar ég kem heim. Dýrin fagna mér eins og ég hafi unnið heimsmeistaratitil eða eitthvað álíka.“

*lilja@frettabladid.is*

## Sykurpillur létta á kvíða

GERVILYF GEFA VÍSBENDINGAR UM MEÐFERÐ GEGN KVÍÐARÖSKUN.

Margir þjást af kvíða sem veldur þeim erfiðleikum í lífi og starfi. Vísindamenn hafa nú staðfest að svokallaðar „sykurpillur“, pillur sem hafa engin áhrif en eru gefin sjúklingum í stað venjulegra lyfja, geta dregið úr kvíða á sama hátt og kvíðastillandi lyf. Sykurpillurnar virka eingöngu vegna þess að fólk trúir að þær geri gagn. Rannsóknin var gerð þannig að sænskum sjálfboðaliðum voru sýndar nokkrar ógeðfelldar ljósmyndir og svo gefin kvíðastillandi lyf og var sagt frá því hvers eðlis lyfin væru. Tilraunin var síðan endurtekin en þá fengu sjálfboðaliðarnir sykurpillur sem innihéldu engin kvíðastillandi efni en var sagt að þeir hefðu fengið sama lyf og í fyrra skiptið. Báðir pilluskammtarnir virkuðu jafn róandi á taugar sjálfboðaliðanna, að sögn vísindamannanna, og eins virkni kom fram á heilalínuriti. Ekki er hægt að nota gervilyf við raunverulega meðferð vegna trúnaðarskyldu læknis við sjúkling en niðurstöðurnar gefa þó góðar vísbendingar um meðferð og lyfjaþróun fyrir kvíðasjúklinga.



Margir þjást af kvíða sem veldur þeim erfiðleikum í lífi og starfi.

## LIGGUR Í LOFTINU
*í heilsu*

**Blöndun á þurrmjólk** getur verið vandasamari en lítur út fyrir og vilja Umhverfisstofnun og Landlæknisembættið benda foreldrum, forráðamönnum, forstöðumönnum heilbrigðisstofnana og heilbrigðisstarfsfólki á að kynna sér vel ráðleggingar um blöndun á þurrmjólk. Foreldrum er bent á að leita til heilsugæslunnar til að fá nánari leiðbeiningar eða á vef umhverfisstofnunar, www.ust.is.




**Háskóli Íslands og Tryggingastofnun** hafa gert með sér samning sem hefur það markmið að efla kennslu og rannsóknir í almannatryggingarétti með sérstakri áherslu á lífeyristryggingar. Um tímamótasamning er að ræða því lagadeild Háskóla Íslands hefur ekki gert slíkan samning áður við stofnun utan Háskólans. Samkvæmt samningnum fá nemendur í almannatryggingarétti aðgang að upplýsingum og gögnum TR sem leggur þeim til vinnuaðstöðu og leiðsögn við gerð verkefna.

**Íslenska fæðingarorlofsmódelið** hefur vakið athygli í Svíþjóð og leggur ráðgjafi sænsku ríkisstjórnarinnar í fjölskyldumálum til að Svíar farið að dæmi Íslendinga og þrískipti orlofinu þannig að báðir foreldrar fái þriðjung í sjálfstæðan og óskiptanlegan rétt en hafi val um að skipta einum þriðjungi að vild. Fyrirhugað er að lengja fæðingarorlofið í Svíþjóð úr tólf mánuðum í fimmtán.

**Dreifibréf varðandi dauðsföll** Landlæknisembættið hefur nýlega sent frá sér dreifibréf varðandi dauðsföll. Annars vegar er um að ræða fyrirmæli landlæknis um hvaða andlát þarf að tilkynna til lögreglu samkvæmt lögum um dánarvottorð, krufningar o.fl. en hins vegar tilmæli varðandi meðhöndlun líks þar sem lögregla hefur verið kölluð til. Texti beggja þessara bréfa var unninn í samráði við lögreglu, sjúkraflutningamenn og forsvarsmenn heilbrigðisstofnana.

*heilsa@frettabladid.is*



**Jákvæðni**
Rannsóknir sýna að jákvætt hugarfar er gott fyrir heilsuna. Ræktaðu jákvæðni þína með því að skoða hlutina frá öllum hliðum, lesa bækur og greinar sem gleðja og umgangast jákvætt fólk.





Lithimnulestur
Með David Calvillo
Miðvikudag, fimmtudag og föstudag
Lithimnulestur er gömul fræðigrein þar sem upplýsingar um heilsufar, mataræði og bætiefni eru lesnar úr lithimnu augans.
Á miðvikudag, fimmtudag og föstudag mun David Calvillo vera með lithimnulestur í Heilsubúðinni, Góð heilsa gulli betri. Njálsgötu 1, uppl. og tímapantanir í s:586-1463 og 561-5250



Flott í sumar
Ný tæki - Betra verð!
VERÐ-LÆKKUN
SLENDERTONE MAX 12.900.- kr.
SLENDERTONE FLEX 17.900.- kr.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Yggdrasill
Erum flutt að Skólavörðustíg 16 í stærra og glæsilegra húsnæði. Margar nýjar vörur og tilboð. *tilbúnir réttir beint í ofninn, *ekta ítalskur ís og margt fleira.
Verið velkomin á Skólavörðustíginn
Yggdrasill
Lífrænt ræktaðar vörur frá 1986 • S: 562 4082



LifeStream
Aloe Vera Gel +E-vítamín
96% hreint
Fæst í apótekum

Gallerý fiskur
Í verslun
Löngusteikur með ostamauki vafðar í parmaskinku
Saltfiskur á rösti kartöflu með grillaðri papriku og chilli rækjum
Þorskur á risotto með ferskum mozzarella, tómötum og basil
Grillpinnar með humar, lax og lúðu
Fiskipönnukökur í indverskum stíl
Grillmarineraðar fisksteikur
Veitingahús: mán.-fös. 11:30-15:00 & 18:00-22:00, lau. 18:00-22:00
Verslun: mán.-fös. 10:00-18:30
Nethylur 2, 110 RVK. S: 587 2882
www.galleryfiskur.is



SMOOTHIE
ávaxtadrykkur
100% hreinn fyrir þig
Arka • Sími 899 2363

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Skvassfjölskyldan mikla: Matthías, Rósa, Jón, Þorbjörn og Brynja.

# Fá útrás fyrir keppnisskapið

***Hjónin Brynja og Jón iðka veggtennis daglega ásamt börnum sínum þremur: Rósu, Þorbirni og Matthíasi. Þau eru sammála um að veggtennis sé hin besta líkamsrækt.***



Systkinin Rósa og Þorbjörn í spennandi leik. Keppnisskapið er mikið en að sjálfsögðu er leikgleðin í fyrirrúmi.

Þeir sem hafa lagt leið sína í Veggsport heilsuræktina hafa eflaust tekið eftir skvassfjölskyldunni miklu sem þar virðast dvelja öllum stundum. Um er að ræða fimm manna fjölskyldu, foreldra og þrjú börn sem öll æfa veggtennis af miklu kappi. Svo miklu reynar að liggur við slagsmálum við matarborðið þegar heim er komið.

„Við eigum eiginlega heima hérna í Veggsporti. Það er svo ofboðslega gaman að vera hér, góður andi og frábær aðstaða," segir Brynja Halldórsdóttir, mamman í fjölskyldunni. Hún mætir nær daglega í Veggsport með manni sínum Jóni Þorbjörnssyni og börnunum: Rósu, Þorbirni og Matthíasi.

Þau eru öll sammála um að veggtennis sé góð íþrótt. „Þetta er rosalega góð líkamsrækt og reynir jafnt á allan líkamann. Maður byggir upp þol og styrkir sig," segir Rósa og mamma hennar bætir því við að það sé líka gaman að fá útrás fyrir keppnisskapið. „Hingað til hefur þetta ekki valdið miklum slagsmálum en það gæti breyst núna þegar krakkarnir eru farnir að ná foreldrunum," segir Brynja og Matthías bendir á að þeir bræðurnir séu alveg að ná þeim.

Jón, Brynja og Rósa æfðu áður tennis og segjast hafa kynnst veggtennis í gegnum það. „Maður þarf að æfa tennis dálítið lengi til að geta haft gaman af honum en þetta kemur miklu fyrr í skvassinu. Auðvitað tekur tíma að verða fær og þetta krefst mikillar tækni en maður er tiltölulega fljótur að ná þessu – í það minnsta þannig að maður geti spilað sér til skemmtunar," segir Jón en veggtennis virðist njóta vaxandi vinsælda hér á landi.

Fjölskyldan spræka spilar hins vegar alls ekki eingöngu til að leika sér. „Hver einasti leikur er eins og úrslitaleikur og það er aldrei gefið eftir," segir Brynja og bætir því við að Rósa sé langbest enda Íslandsmeistari í greininni. Hún spilaði einmitt síðasta úrslitaleik við móður sína og hefur keppt á fjölmörgum mótum innanlands sem utan. Jón hefur einnig náð góðum árangri og að sjálfsögðu stefna strákarnir á toppinn.

Þótt keppnisskapið sé mikið og baráttan oft hörð hefur fjölskyldunni tekist að komast stórslysalaust frá íþróttinni. Nokkrar skrámur hér og þar eru ekkert til að kvarta undan. Rósa bendir þó á að meiðsli geti alveg átt sér stað og það sé nauðsynlegt að hita vel upp. „Ég reyni að kenna gömlu hjónunum að hita upp en þau eru frekar löt við það," segir Rósa. Foreldrar hennar malda í móinn með því að benda á að þau hafi margra ára forskot í upphitun. „Maður ætti nú að vera orðinn heitur eftir öll þessi ár," segir Brynja og hlær.

thorgunnur@frettabladid.is

# Vináttan lengir lífið

***Gamalt fólk sem á vini er líklegra til að njóta lífsins og lifir lengur en þeir vinafáu.***



Góðir vinir eru allra meina bót þegar ellin færist yfir.

Traustur vinur getur gert kraftaverk, segir í góðum dægurlagatexta og nýjustu rannsóknir sýna að samneyti við vini getur lengt lífið og aukið lífsgæðin töluvert, einkum þó á efri árum. Ástralskar rannsóknir sýna fram á að þeir sem hafa vini sína í kringum sig í ellinni muni lifa lengur en þeir sem eru umkringdir fjölskyldu sinni. Rannsóknin hófst árið 1992 og fór þannig fram að fylgst var með líftíma rúmlega fimmtán hundruð einstaklinga yfir sjötugt. Þátttakendur í rannsókninni voru spurðir í hversu miklu og nánu sambandi þeir væru við börn, ættingja, vini og trúnaðarmenn. Síðan var fylgst með fólkinu á þriggja ára fresti og lífslíkur metnar. Eftir að rannsóknin hafði staðið yfir í tólf ár kom í ljós að náin samskipti við börn og ættingja virtust ekki lengja líf fólksins svo nokkru nam en þeir sem áttu stóran vina- og kunningjahóp voru mun líklegri til að lifa lengur en þeir sem áttu fáa vini.

Rannsakendur telja að hluta ástæðunnar megi rekja til þess að yfirleitt velur fólk sér vini en situr uppi með fjölskylduna og þá geta samskipti við fjölskyldu verið mun þvingaðri en samskiptin við vinina. Vinirnir fá fólk líka frekar til að huga að heilsunni, hafa tíma til að stunda skemmtilega hreyfingu með viðkomandi og hjálpa til við að létta á streitu og kvíða á erfiðum stundum. ■

## SÖLVI GEFUR GÓÐ RÁÐ

## Mataræði

Það er staðreynd að á fjögurra til sjö ára fresti endurnýjast 98% líkamans! Það þýðir að við erum úr þeim hráefnum sem við höfum lagt okkur til munns undanfarin 4-7 ár! Ef við lifum á gosdrykkjum og súkkulaði, þá er líkami okkar úr þeim hráefnum.

### Gangandi slikkerí?

Ef við hugsum um það myndrænt þá er það ekki fögur sjón, eða hvað?

### 40-70%

Líkaminn er úr vatni að mestu leyti. Milli 40-70% líkamans er vatn en það ræðst mest af fitumagni þ.e. líkami þeirra sem eru feitir inniheldur minna vatn en líkami þeirra sem eru grannir.

### Megnið af restinni er prótein!

Ef allt vatn væri fjarlægt úr líkamanum þá væri rúmlega helmingur þess sem eftir sæti – prótein og próteinskyld efni.

### En hvað eigum við þá að borða?

Ég er persónulega á því að flestir viti NÁKVÆMLEGA hvað er í lagi fyrir þá að borða og hvað ekki! Fyrir þá örfáu sem eru algjörlega glórulausir er m.a. hægt að notast við listann hér fyrir neðan til viðmiðunar.

### Eitt að vita, annað að gera!

Það vill hins vegar brenna við hjá allt of mörgum að þó þeir viti upp á hár hvað er í lagi fyrir þá að borða þá borða þeir ALLT OF SJALDAN! Þá er um að gera að fá einhverja aðstoð með það!

Hér fyrir neðan er tillaga að mataræði. Hún miðar við einstaklinga sem stunda líkamsrækt en við það eykst próteinþörf þeirra.

Því er líklega ekki ráðlegt fyrir börn og unglinga að borða eins og listinn segir til um. Það er auðvelt að panta tíma hjá næringarfræðingi eða næringarráðgjafa eða öðrum fagaðilum sem sérhæfa sig í að veita ráð varðandi fæðuneyslu.

**Máltíð nr. 1:** T.d. Cheerios + léttmjólk
**Máltíð nr. 2:** Ávöxtur + skyr (ca 200 g)
**Máltíð nr. 3:** Disknum skipt í þrennt, grænmeti (helst kjarngott og „massívt") + próteingjafi (kjöt/fisk-ur/egg/baunir/helst fitulítið) + kolvetni (t.d. hrísgrjón/kartöfl-ur/pasta/brauðmeti/)
**Máltíð nr. 4:** Samloka (gróft brauð) með grænmeti og próteinríku áleggi s.s. skinku+kotasælu
**Máltíð nr. 5:** Svipað og máltíð nr. 3.
**Máltíð nr. 6:** Ávöxtur

Reyna að drekka ca 8 glös af vatni á dag (ekki allt í einu ; O )

Hægt er að finna ítarlegri upplýsingar um mataræði víða á netinu m.a. matarvefurinn.is, abet.is, og að sjálfsögðu á vefsvæði Heilsuráðgjafar www.heilsuradgjof.is

**Sölvi Fannar Viðarsson**
Er framkvæmdastjóri Heilsuráðgjafar. Hann hefur starfað við einkaþjálfun og heilsuráðgjöf um árabil.





MYND GETTY

Líffæragjafi getur bjargað allt að sex mannlífum.

# Afstaða tekin til lífs og dauða

UNNIÐ ER AÐ ÞVÍ HJÁ LANDLÆKNISEMBÆTTINU AÐ KOMA Á FÓT SÉRSTAKRI LÍKNASKRÁ UNDIR HEITINU LÍFSSKRÁ SEM MUN MEÐAL ANNARS GEYMA UPPLÝSINGAR UM VILJUGA LÍFFÆRAGJAFA.

Fljótlega munu sérstök eyðublöð líta dagsins ljós sem gerir fólki kleift að taka ákvörðun um hvort lengja megi líf þess til dæmis með endurlífgun og öndunarvél, auk vilja fólks til líffæragjafar. Lífsskráin er gagnagrunnur sem mun halda utan um þessar upplýsingar og mun koma til með að auðvelda ættingjum erfiðara ákvarðanatökur. Mögulegt er að breyta skráningu sinni hvenær sem er, auk þess sem engin skylda er að skrá sig í Lífsskrána. Við skráningu gefst fólki kostur á að skrá sig sem líffæragjafa þó ekki krafist þess að fólk taki afstöðu í þeim málum við skráningu.

Hingað til hefur farið lítið fyrir umræðunni um líffæragjöf en á hverju ári þarfnast um það bil tíu sjúklingar hér landi ígræðslu. Forsenda ígræðslu er að líffæri fáist frá nýlántum, þótt ekki sé unnt að nýta líffæri nema í litlum hluta dauðsfalla en hver líffæragjafi getur bjargað allt að sex mannslífum. Auk þess að geta skráð vilja sinn í Lífsskrána getur fólk nálgast sérstök líffæragjafakort í öllum helstu lyfjaverslunum, sem einfalt er að fylla út og koma fyrir í seðlaveski. Líffæragjöfum er þó bent á að ræða ákvörðunina við sína nánustu og gera þeim kunnugt um afstöðu sína.

## Hundrað þúsund smokkum dreift ókeypis

BERLÍNARBÚAR BÚAST VIÐ MIKLU VÆNDI MEÐAN HEIMSMEISTARAKEPPNIN Í FÓTBOLTA STENDUR YFIR Á NÆSTA ÁRI.

Berlínarbúar búa sig nú undir komu mikils fjölda vændiskvenna til borgarinnar á meðan Heimsmeistarakeppnin í fótbolta fer þar fram á næsta ári. Heilbrigðisyfirvöld reikna með því að dreifa um hundrað þúsund smokkum ókeypis. Kona íklædd smokk mun einnig hjálpa til við að koma skilaboðum um öruggt kynlíf til skila fyrir utan Ólympíuleikvanginn.

Með smokkunum fylgir bæklingur sem kennir karlmönnum að umgangast vændiskonur þar sem tíu reglur fyrir viðskiptavini verða kynntar, meðal annars sú að vera kurteis og umgangast vændiskonurnar af virðingu, að hafa persónulegt hreinlæti í hávegum, vera nákvæmur í beiðnum sínum um þjónustu og auðvitað að nota alltaf smokk. Búist er við því að vændiskonur hvaðanæva að úr Þýskalandi eigi eftir að flykkjast til Berlínar vegna Heimsmeistarakeppninnar.




Undirbýr húðina fyrir sólböð




Eykur brúnan húðlit í sól
Viðheldur brúnum húðlit eftir sólböð
1 hylki á dag, fyrir sólböð, á meðan og eftir þau.
Staðfest með vísindalegum rannsóknum

Vertu *frekar* til fjörsins




*Nýtt kröftugt bætiefni fyrir nútímafólk*
Þegar þú tekur inn *Fjörefni* færðu ekki aðeins vítamín og steinefni heldur einnig öflugan skammt af ginseng og ginkgo.
***Fjörefni stuðlar að auknu starfsþreki og betra úthaldi!***
heilsuhúsið
Skólavörðustíg, Kringlunni & Smáratorgi

LYFJA
Allar heilsuvörur á einum stað

Heilsuvörur og matstofa
Opið virka daga kl. 10-20
laugardaga kl. 10-17
maður lifandi
Borgartúni 24

metasys®
Bylting í þyngdarstjórnun
Öflugt grænt te í hylkjum frá Metasys




Eykur orku og brennslu á við 30 mínútna skokk á dag.
Jafnar blóðsykur er vatnslosandi, andoxunarríkt og hressandi.
Fæst í apótekum og heilsubúðum
metasys@simnet.is • www.metasys.is
sími 5517020

GRÆNT TE
MEÐ ÆTIÞISTLI




Eflir orku og úthald
Eykur fitubrennslu • Styrkir ónæmiskerfið
Örvar efnaskiptin • Stuðlar að jafnvægi blóðsykurs




Vatn getur skemmt !! Hringdu í Steina pípara. S. 699 0100 & 567 9929.




Smávélaviðgerðir: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, garðlýsing, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, hekkklippur, rafstöðvar. Vélverk JS S. 554-0661. www.velaverkjs.is

2 fyrir 1. Rafhl. í 2 úr, borgað fyrir 1. Úr að ofan Laugav. 30 517 6777 www.uradofan.is.

## Iðnaður




## Rafvirkjun




**Raflagnir og dyrasímar**
Raflagnir og dyrasímaþjónusta
Endurnýjum í eldri húsum
Töfluskipti
Tilboð
RAFNEISTI
Löggiltur rafverktaki
Sími 896 6025

# HEILSA

## Heilsuvörur

13 kíló farin með Shape-works. Borðið og grennist! Edda S. S. 861 7513 & 820 7547.

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is s. 557 5446 & 891 8902, Ásta.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Klikk Klakk svefnsófi vel með farinn, lítið notaður til sölu á 10 þús. kr. S. 588 9296 & 698 9296.

## Snyrting




## Fatnaður

Er komin til Íslands! 100% náttúruleg efni. Verðið er ótrúlegt ! Villtar & Vandlátar, Laugavegi 41, s. 561 4465.

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Dýrahald

**NUTRO - 30 % afsláttur!**
Þurrfóður fyrir hunda og ketti í hæsta gæðaflokki. Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Til sölu tveir gárar í búri með standi. Kr. 5000. Sími 891 9250 og 553 6667.

Til sölu Stóra Dan hvolpar, tilbúnir til afhendingar. Uppl. í síma 848 6567.



Æðislegur Shar-Pei hvolpur til sölu. Er tilbúnn til afh. Innifalið er skráning í HRFÍ, 1. sprautun og örmerking. Foreldrar hafa bæði verið sýnd með mjög góðum árangri. Uppl. í s. 821 9262.

## Ýmislegt



Rafhitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Eigum potta hlaðna auka hlutum til afgreiðslu samdægurs. Er nú á frábæru vortilboði. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. opið alla daga frá 9 til 21:00. Allar nánari uppl. í 897 2902 mvehf@hive.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðaþjónusta



Langar stuttar hestaferðir við allra hæfi. Kl akstur frá Rvk.www.steinsholt.is sími 4866069

## Gisting

**Íslendinga afsláttur!**
Hótel Vík í Síðumúla hefur um að ræða stór og falleg hótelherbergi og íbúðir f. allt að 5 manns. Sími, sjónvarp og frítt internet á bar. Hótel Síðumúli s.: 588-5588 / www.hotelvik.is

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is

**CORTLAND**
Sérfræðingar í fluguveiði
Maelum stangir, splæsum línur og setjum upp.
Sportvörugerðin hf., Skipholt 5. s. 562 8383.

www.sportvorugerdin.is

Ódýrir maðkar til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. Geymið auglýsinguna. S. 692 5133.







## Hestamennska

**Fáksfélagar.**
Skráning á íslandsmót barna, unglinga og ungmenna í hestaíþróttum, fer fram í félagsheimili Fáks, miðvikudaginn 22. júní, frá kl. 17-20. Stjórnin.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Stúdíó, Fossvogur. Ca 30 fm, öll aðstaða til staðar. S. 557 5058 og 866 4754.

4ra herb. íbúð í austurbæ Kóp. til leigu. Uppl. í s. 695 4261 milli kl. 19 & 21.

Til leigu 3ja til 4ra herb. íbúð á sv. 110. Laus strax. Uppl. í s. 860 0860.

## Húsnæði óskast

Óska eftir iðnaðarhúsnæði, 60-70m2. Helst í Hafnarfirði. Uppl. í síma 690 3672.

Óskum eftir 3ja herbergja íbúð. Á höfuðborgarsvæðinu erum mjög reglusamar. Uppl. í s. 867 4425.

Grafarvogur! Fjölskylda óskar eftir húsnæði til leigu í Grafarvogi. Mjög góð meðmæli. Uppl. í s. 567 8181, 867 8923 og 844 0360.

Ungur maður í HÍ óskar eftir húsnæði fyrir komandi skólaár helst nálægt HÍ. Uppl. í s. 867 6848.

## Sumarbústaðir

Sumarhús/heilsárshús, fullinnréttað, tilbúið. Selst ódýrt. Uppl. í s. 895 8898.

## Atvinnuhúsnæði

**Atvinnueign.is**
Þarftu að leigja eða taka á leigu atvinnuhúsnæði? Skráðu þig þá á leigulista Atvinnueignar þér að kostnaðar lausu. www.atvinnueign.is S. 568 6600.

## Geymsluhúsnæði

Læstar geymslur. Miðhraun 4. 210 Garðabær. S 555-3464. Nánar á www.geymslur.is

Óska eftir 10-12 fm geymslu gegn vægu verði. Uppl. í s. 554 0062.

## Gisting

GISTING VIÐ LEGOLAND BRYNDÍS OG BJARNI S. 0045 75885718 WWW.BBGISTING.COM

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Fullt starf og hlutastarf**
10-11 óskar eftir duglegu starfsfólki í verslanir sínar á höfuðborgarsvæðinu. Um almenn verslunarstörf er að ræða. Umsækjendur verða að vera fæddir '87 eða fyrr. Umsækjendur verða að vera þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir. Bæði er leitast eftir starfsfólki í fullt starf en einnig hlutastar. Nú er rétti tíminn að tryggja sér vinnu með skóla í vetur.
**Umsóknum skal skila á vefnum www.10-11.is**

**Select og Shell**
Starfsfólk óskast á stöðvarnar okkar á höfuðborgarsvæðinu. Um fullt starf er að ræða sem og hlutastörf. Umsækjendur verða að vera fæddir '87 eða fyrr og vera þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir. Unnið er á vöktum. Nú er rétti tíminn til að tryggja sér vinnu með skóla eða aðra aukavinnu fyrir veturinn.
**Umsóknum skal skila á vefnum www.10-11.is**

**Vegamót óskar eftir hressu fólki**
í aukavinnu, barþjónar, þjónar, dyraverðir og glasabörn.
**Uppl. á staðnum hjá Óla eða Andra.**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Papinos Pizza. Okkur vantar fólk til starfa, nánari uppl. í Núpalind 1 og Reykjavíkurvegi 62.

Viljum ráða klæðskera eða laghenta saumakonu á verkstæði okkar hálfan eða allan daginn frá 15. júlí. Upplýsingar á staðnum. Sævar Karl Bankastræti 7

Au-pair. Íslensk fjölskylda í Hollandi óskar eftir au-pair frá lok júli. Uppl. í s. 0031243483530 eða hronn@chello.nl

Heimir og Þorgeir ehf óska eftir bílstjórum og vélamönnum til starfa nú þegar. Mikil vinna. Uppl. í síma 554 6464 milli kl. 9-12.

**Gröfumaður**
Gröfumaður og verkamaður í hellulögnum óskast. Uppl. í s. 864 1220. Villi í Fagverk.

**Veitingahúsið Hornið**
óskar eftir að ráða kvöld og helgarþjóna ekki yngri en 20 ára, óskum einnig eftir uppvaskara í kvöldvinnu. Uppl. gefur Tanja í síma 869 7568.

**Hrói Höttur**
Hringbraut. Óskar eftir starfsfólki. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Upplýsingar á staðnum milli kl. 13-16 í dag eða í síma 849 4756.

Háseta vantar á 140 tonna dragnótarbát. Upplýsingar í síma 894 3026, 854 3026 eða 894 1638.

Hreint og fínt leitar að fólki í aukavinnu við hreingerningar og þrif. Uppl. í s. 892 5915.

Kofi Tómasar frænda, Laugavegi 2 óskar eftir starfsfólki um helgar í afgr/þjónustu. Uppl á staðnum.

Óskum eftir að ráða trésmiði, mikil vinna framundan. Uppl. í s. 860 0860.

Byggingaverkamenn. Óskum eftir að ráða vana verkamenn, mikil vinna. S. 860 0860.

**Skalli Hraunbæ**
Vantar starfsfólk sem fyrst. Upplýsingar í s. 567 2880.

**Steinsteypusögun!**
Góður starfsmaður óskast í steinsteypusögun og kjarnaborun. Gott kaup fyrir góðan aðila. Uppl. í síma 893 3236.

**Hrói Höttur**
Hringbraut. Óskar eftir bílstjórum í helgarstarf , Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Upplýsingar á staðnum milli kl. 13-16 í dag eða í síma 849 4756.

Óskum eftir duglegum og vandvirkum starfsmanni vönum járnsmíði. Uppl. hjá Grétari í síma 692 8091.

**Aðstoðamaður**
Vantar aðstoðamann ræstingastjóra í sumar og hugsamlega áfram. Umsóknir á netfanginu rosa@raestir.is og í síma 533 6020.

## Atvinna óskast

Stelpa á 18. ári óskar eftir dagvinnu. Flest kemur til greina. Get hafið störf strax. S. 659 3770, Anna.

## SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

! 90,9 98,9 FRÉTTABLAÐIÐ Létt 96,7 VÍSIR

| | |
|---|---|
| Slökkvitæki, slökkvitækjaþjónusta. **Eldvarnamiðstöðin, Sundaborg.** | Hamborgaratilboð. **Vitaborgarinn Ármúla, Vitabar.** |
| Dráttarbeisli **Víkurvagnar** | Tökum að okkur að slá garða á suðurlandi. Topp þjónusta. **Sláttur og garðþjónusta sími- 897-02-14** |
| Hemlahlutir í bíla **Fálkinn** | Takk fyrir. **Hamborgarabúlla Tómasar.** |
| Rafmótorar - gírmótorar **Fálkinn** | Rafhlöður. **Rafhlöðubúðin Rafborg.** |
| Stærsti stállager landsins. **Sindri** | Kassabílarall í boði Landsbankans á **Humarhátíð Hornafirði.** |
| Kerrur. **Víkurvagnar** | Þráðlaus innbrota og viðvörunarkerfi, gott verð. **Eldvarnamiðstöðin, Sundaborg.** |
| Legur í bíla **Fálkinn** | Hleðslutæki. **Rafhlöðubúðin Rafborg.** |
| GP Alkaline rafhlöður. **Rafhlöðubúðin Rafborg.** | Framlengingarspeglar **Víkurvagnar** |
| Glóðarsteikt hamborgari **Hamborgarabúlla Tómasar.** | |
| Verum bjartsýn **Hamborgarabúlla Tómasar.** | |

**Eitt símtal - meiri útbreiðsla - lægra verð**

HÓLL
www.holl.is

Tákn um traust

5959000

Björn Daníelsson, hdl. og lögg. fasteignasali




Fallegt og vel staðsett einbýlishús á tveimur hæðum samtalls 217 fm auk ca 40 fm rými sem er ekki inni í fm tölu. Glæsileg lóð. Gott hús með mikla möguleika.

**Verð 44,2 millj.**



HÖFÐI FASTEIGNASALA

SÍMI 565 8000
SÍMI 533 6050
Bæjarhraun 22
Suðurlandsbraut 20

**STÓRAGERÐI 28**

**Opið hús í dag milli kl. 17 og 19**

Runólfur Gunnlaugsson, viðskiptafræðingur, löggiltur fasteigna- og skipasali



Í dag býðst þér að koma og skoða þessa fallegu 100 fm fjögurra herbergja íbúð ásamt 20 fm bílskúr. Íbúðin er á 2 hæð með suðursvölum. Húsið er nýlega tekið í gegn að utan og er sérlega fallegt. Verð **20,5 millj.**

**Komdu og skoðaðu, Hanna tekur vel á móti þér á milli 17:00 & 19:00 í dag.**

**www.hofdi.is**







*Notuð atvinnutæki og fólksbílar*

***Smelltu þér á sölutorgið á Glitnir.is og skoðaðu framboðið!***

Á sölutorginu er að finna til sölu notaða fólksbíla og atvinnutæki, s.s. vinnuvélar, iðnaðarvélar, skrifstofu- og tölvubúnað.

**Þar eru ítarlegar upplýsingar og myndir auk þess sem hægt er að reikna út greiðslubyrði lána og senda tilboð.**

*Breytum hugmyndum í veruleika*

Glitnir

Kirkjusandi • 155 Reykjavík • glitnir.is • sími 440 4400

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 2374


ATVINNA

# Kennarar athugið

Stóru-Vogaskóli
Vatnsleysustrandarhreppi

**Stóru-Vogaskóli auglýsir eftir heimilisfræðikennara og sérkennara til starfa við skólann á næsta skólaári.**

Vinsamlegast hafið samband við skólastjóra í símum 424-6655 og 896-6583 og kynnið ykkur málið.

Umsóknarfrestur er til 28. júní.

Stutt er í Vogana af Reykjavíkursvæðinu og fljótekið eftir upplýstri, tvöfaldaðri Reykjanesbrautinni (30 mín. úr miðbæ Reykjavíkur og 17 mín. úr Hafnarfirði). Skólinn mun á næsta ári hefja sókn fram á við hvað snertir sveigjanlega kennsluhætti og einstaklingsmiðað nám jafnframt því sem hann tekur í notkun glæsilega viðbót við skólahúsnæðið. Það eru spennandi tímar framundan í Stóru-Vogaskóla!


# FASTEIGNASTOFA SUÐURNESJA

ÁSBJÖRN JÓNSSON *HDL. OG LÖGGILTUR FASTEIGNA OG SKIPASALI*

Fasteignastofa Suðurnesja • Hafnargötu 51-55 • Reykjanesbæ Sími 420-4050 • Fax 420-4049 • Gsm 864-3802 • www.fst.is

**ENGJAVELLIR 12 – 221 HAFNARFJÖRÐUR**



Glæsileg nýleg 108,8m2 3ja herb. íbúð í fallegu 7 íbúða fjölbýlishúsi. Parket og flísar á gólfum, glæsilegar innréttingar. Í kjallara er sérgeymsla, sameiginleg hjóla-, vagnageymsla. Húsið er á góðum stað, stutt í skóla og leikskóla.
25,9m

**MÁVABRAUT 4F – 230 REYKJANESBÆR**



95m2 4ra herb. íbúð í steinsteyptu tveggja hæða fjölbýlishúsi. Sérgeymsla ásamt sameiginlegu rými í sameign. Bílskúrsréttur fylgir eigninni. Góð eign á góðum stað, stutt í skóla og alla þjónustu.
12,1m

**LAUFENGI 6 – 112 REYKJAVÍK**



94,3m2 4ra herb. íbúð í 7 íbúða steinsteyptu fjölbýlishúsi með sér inngangi. Á fyrstu hæð er sér geymsla, sameiginleg hjóla- og vagnageymsla. Sér bílskýli fylgir eigninni. Húsið er á góðum stað, stutt í skóla og alla þjónustu.
19,5m

**HEIÐARHOLT 29 – 230 REYKJANESBÆR**



Gott 136,8 m2 4ra herb. endaraðhús með innbyggðum bílskúr sem innangengt er í. Geymsluloft er yfir hluta íbúðar og bílgeymslu. Húsið er í góðu ásigkomulagi, barnvænt hverfi, stutt í skóla og leikskóla.

**SUÐURGATA 19 – 230 REYKJANESBÆR**



120m2 mikið endurbætt eldra einbýlishús á þremur hæðum með 66m2 bílskúr og 28m2 geymslurými með sér matshluta sem hefur verið leigt út sem íbúð. Húsið er með steypta neðri hæð, önnur hæð og ris er timbur, klætt með bárujárni. Fyrir liggur samþykkt teikning að stækkun á bílgeymslu. Eign sem býður upp á mikla möguleika. 17,5m

**ÁSABRAUT 15 – 245 SANDGERÐI**



Gott 116m2 3ja herb. endaraðhús með innb. bílskúr. Góð baklóð með verönd og heitum pott. Íbúðin er vel með farin, góðar innréttingar, plastparket og flísar á gólfum. Skápar í herbergjum. Innangengt er úr íbúð í bílskúr. Nýr þakkantur. Húsið er staðsett við opið svæði á rólegum stað.
13,4m

**KIRKJUVEGUR 15 - 230 REYKJANESBÆR**



Mjög góð 4 herb. 109,0 m2 íbúð á 1.hæð í tvíbýli með sér inngangi. 28m2 bílskúr. Vel við haldið og snyrtilegt hús að utan sem innan, skemmtilegur garður og stórar svalir. Húsið er vel staðsett í nálægð við miðbæ Reykjanesbæjar.
17,9m

RE/MAX

Með langtímasamband við seljendur og kaupendur í huga

# Bollagarðar 69
## 170 Seltjarnarnes




Einbýlishús á 2 hæðum með innbyggðum bílskúr, ræktuðum garði með palli og potti, að auki eru nokkur rými sem eru ekki inn í fermetratölu hússins (sólskáli, sjónvarpsherbergi og ris yfir annari hæð). Húsið er vel staðsett í litlum botnlanga, örstutt frá sjávar-síðunni.
**Neðri hæð:** Eldhús, borðstofa, stofa, sólskáli, gestasalerni og innbyggður bílskúr.
**Efri hæð:** Sjónvarpsherbergi,5 svefnherbergi, baðherbergi, fataherbergi/geymsla
Ris yfir efri hæð sem nýtist sem vinnuherbergi eða geymsla.






RE/MAX MJÓDD
**Jónas Örn Jónasson hdl • lögg. fasteignasali.**

Verð: 55.000.000
Stærð: 201,2 fm
Fjöldi herbergja: 7
Byggingarár: 1989
Brunabótamat: 25,5 millj
Bílskúr: 23,0 fm

## Opið hús í dag kl. 17.30 - 18.30



Ásdís Ósk
Sölufulltrúi
863 0402

**www.remax.is** **asdis@remax.is**








# Gyðufell 4
## 111 Reykjavík

Verð: 11.400.000
Stærð: 68,9 fm
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1973
Brunabótamat: 9,0 millj.

## Opið hús í dag kl. 20:00 - 20:30

RE/MAX MJÓDD
**Jónas Örn Jónasson hdl • lögg.fasteignasali.**

2ja herbergja íbúð á jarðhæð með yfirbyggðum svölum og sérgarði. Stofa, borðstofa og eldhús er opið rými, nýtt plastparket á gólfi. Frá stofu er gengið á yfirbyggðar svalir (sólskála) og þaðan út í afgirtan sérgarð. Svefnherbergi er með dúk á gólfi og innbyggðum fataskáp. Baðherbergi með dúk á gólfi og baðkari.



Ásdís Ósk
Sölufulltrúi
863 0402
**asdis@remax.is**








# Safamýri 36
## 108 Reykjavík

Verð: 13.400.000
Stærð: 67,8 m2
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1963
Brunabótamat: 9,0 millj.

## Opið hús í dag kl. 19:00 - 19:30

RE/MAX MJÓDD
**Jónas Örn Jónasson hdl • lögg.fasteignasali.**

2ja herbergja íbúð í jarðhæð/kjallara (ekkert niðurgrafin). Forstofa með parketi, stofa og eldhús opið rými, rúmgóð eldhúsinnrétting. Baðherbergi með baðkari, hjónaherbergi með stórum innbyggðum skápum. Húsið er allt nýviðgert að utan.



Ásdís Ósk
Sölufulltrúi
863 0402
**asdis@remax.is**

**www.remax.is**



*Mín hjartfólgna móðursystir,*

**Pála Elínborg Michelsen**

lést laugardaginn 18. júní. Útför verður auglýst síðar.

**Anna Lísa Michelsen** **Sigurbjörn Samúelsson**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Aldís G. Einarsdóttir**

Dalalandi 11, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 16. júní. Jarðarförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 24. júní kl. 11.

**Birgir Örn Birgis**
**Guðrún Huld Birgis** **Kristján Þór Gunnarsson**
**Birgir Svanur Birgis** **Ragnheiður H. Ragnarsdóttir**
**og barnabörnin.**



*Áskær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þórarinn Sigurgeirsson**

pípulagningameistari, Árskógum 6, Reykjavík,

lést 17. júní á Borgarspítalnum.

**Júlíus Már Þórarinsson** **Jóna Kristrún Sigurðardóttir**
**María Þórarinsdóttir** **Örn Þorsteinsson**
**Sigurgeir Þórarinsson** **Charlotta Ingadóttir**
**Barnabörn og barnabarnabörn.**



*Okkar ástkæra systir, mágkona og frænka,*

**Alda Steinunn Jensdóttir**

Faxabraut 36a, Keflavík,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja miðvikudaginn 15. júní. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 23. júní klukkan 11.00.

**Halldór Á. Jensson** **María Valdimarsdóttir**
**Kristinn Þ. Jensson**
**Sævar Þorkell Jensson** **Julie Price**
**og frændsystkini.**



*Ástkær fyrrverandi eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Auðunsdóttir**

Mávabraut 11b, Keflavík,

er látin. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hennar látnu.

**Reynald Þorvaldsson**
**Valgerður Reynaldsdóttir** **Einar V. Kristinson**
**Erna Reynaldsdóttir**
**börn og barnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

**JEAN PAUL SARTRE**
(1905-1980) fæddist þennan dag.



*„Helvíti er annað fólk."*

***Jean Paul Sartre var franskur heimspekingur og rithöfundur. Hann var tilnefndur til bókmenntaverðlauna Nóbels en hafnaði þeim.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## MERKISATBURÐIR

**1945** Bandarískt herlið nær yfirhöndinni á japönsku eyjunni Okinawa.

**1959** Sigurbjörn Einarsson, prófessor í guðfræði, er vígður biskup yfir Íslandi. Hann gegnir embættinu til 1981.

**1973** Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum í Öxarfirði er stofnaður.

**1991** Perlan, útsýnishús í Öskjuhlíð, er formlega tekin í notkun.

**1999** Keizo Obuchi, forsætisráðherra Japans, kemur í opinbera heimsókn til Íslands.

**2000** Síðari Suðurlandsskjálftinn ríður yfir. Hann mælist 6,6 stig og á upptök sín við Hestfjall í Árnessýslu.

TÍMAMÓT: GUÐBJÖRG KRISTJÁNSDÓTTIR SÆMD FÁLKAORÐU

# Setur upp orðuna á tylli



„Ég átti alls ekki von á þessu," segir Guðbjörg Kristjánsdóttir, forstöðumaður Gerðarsafns í Kópavogi, sem var sæmd hinni íslensku fálkaorðu við hátíðlega athöfn á Bessastöðum þann 17. júní. Guðbjörg hlaut riddarakrossinn fyrir störf í þágu lista og menningar. „Ég er óskaplega ánægð að fá þessa viðurkenningu," segir Guðbjörg en hún segir erfitt fyrir sig sjálfa að dæma hvað það sé við störf hennar sem vakið hafi athygli. Guðbjörg er listfræðingur, hefur kennt listasögu og stundað rannsóknir á miðaldalist. Hún segir starf sitt hjá Gerðarsafni vera ákaflega skemmtilegt og gefandi. „Ég hef alltaf verið ánægð þar sem ég hef starfað," segir Guðbjörg, sem ætlar að bera orðuna þar sem það á við. „Til dæmis í útlöndum ef ég er fulltrúi Íslands."

Guðbjörg hefur starfað í Gerðarsafni frá opnun þess árið 1994. „Þetta er eina safnið á landinu sem kennt er við konu," segir Guðbjörg en hún hefur reynt að kynna list Gerðar Helgadóttur myndhöggvara bæði hér heima og erlendis.

Guðbjörg er listfræðingur að mennt og hefur stundað rannsóknir á íslenskri miðaldalist. Hún var langt komin með að skrifa bók þegar hún hóf störf hjá Gerðarsafni. Bókin fjallar um íslensku teiknibókina, sem er íslenskt handrit með fyrirmyndum eða teikning-

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Jón Valdimar Tryggvason**

Grænumýri 10, Akureyri,

verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 22. júní klukkan 13.30.

**Inga Kristín Skarphéðinsdóttir**
**Björk Jónsdóttir** **Stefán Alfreðsson**
**Ingibjörg Hanna Jónsdóttir**
**Jón Ingi Sveinbjörnsson**
**Arnar Sveinbjörnsson**
**Íris Harpa Stefánsdóttir**
**Eva Sóley Stefánsdóttir**



*Ástkær eiginmaður minn,*

**Ketill Högnason**

tannlæknir, Melgerði 12, Kópavogi,

lést sunnudaginn 19. júní.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,

**Hildigunnur Davíðsdóttir.**

## ANDLÁT

**Þröstur Valdimarsson**, Keilufelli 33, Reykjavík, er látinn.

**Sigurður Sigurðsson**, verslunni Hamraborg, lést á sjúkrahúsi í Rimini, Ítalíu, mánudaginn 13. júní.

**Þórarinn Sigurgeirsson** pípulagningameistari, Árskógum 6, Reykjavík, lést 17. júní á Borgarspítalanum.

**Páll Marel Jónsson**, Lækjasmára 4, Kópavogi, lést laugardaginn 18. júní.

**Björn Guðmundur Erlendsson**, fyrrum bóndi í Skálholti, Merkilandi 2c, Selfossi, andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurlands laugardaginn 18. júní.

**Þorgeir Gestsson** læknir, frá Hæli, lést sunnudaginn 19. júní.

## JARÐARFARIR

13.00 **Unnur Kristjánsdóttir**, Dunhaga 17, verður jarðsungin frá Neskirkju.

13.00 **Edda Snorradóttir**, Sléttahrauni 24, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði.

13.00 **Helgi Hallgrímson**, húsgagna- og innanhússarkitekt, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

14.00 **Karen Petra J. Snædal** frá Eiríksstöðum, Miðvangi 22, Egilsstöðum, verður jarðsungin frá Egilsstaðakirkju.

## ÞETTA GERÐIST

# Nýr erfingi í konungsfjölskyldunni

Þennan dag árið 1982 fæðist prinsinum og prinsessunni af Wales, Karli og Díönu, lítill drengur. Fæðingin tók sextán tíma á sjúkrahúsi St. Mary í London. Drengurinn var nefndur Vilhjálmur og varð þar með annar í röðinni að konungstigninni á eftir föður sínum. Margmenni hafði safnast saman fyrir framan spítalann og beið frétta af fæðingunni. Blóm bárust liðlangan daginn og var farið með þau inn á sjúkrahúsið. Nokkur þúsund manns söfnuðust einnig saman fyrir framan Buckingham-höll þar sem tilkynnt var um fæðinguna. Elísabet drottning hélt áfram venjubundum skylduverkum sínum en var þó að sögn í skýjunum yfir fæðingunni.


21. JÚNÍ 1982

Vilhjálmur prins var fyrsti konungserfinginn sem fæddist á sjúkrahúsi. Bróðir hans Harry fæddist 15. september tveimur árum síðar. Átta ára gamall var Vilhjálmur sendur í skóla í Wokingham og þrettán ára hóf hann nám í hinum virta skóla Eton. Síðar stundaði hann listasögunám í elsta háskóla Skotlands, St. Andrews. Vilhjálmur hefur þurft að þola ýmislegt í gegnum tíðina, bæði skilnað foreldra sinna og válegan dauða móður sinnar í ágúst 1997.


## Hjartans þakkir

til allra sem glöddu mig á 70 ára afmæli mínu hinn 7. júní sl. með gjöfum, söng og hljóðfæraleik.

Enn fremur dætrum mínum og fjölskyldum þeirra.

Guð blessi ykkur öll.

**Sigríður Jóna Norðkvist**


# dögum

sem íslenskir listamenn áttu á miðöldum. „Fálkaorðan er mér hvatning til að ljúka þessu verki og hraða mér,“ segir Guðbjörg, sem stefnir á að klára það að mestu í sumar.

Í október verður sett upp sýning á nokkrum verkum Kjarvals en í ár eru 120 ár liðin frá fæðingu hans. Sýnd verða verk úr safni Þorvaldar Guðmundssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur sem eiga merkt Kjarvalssafn sem síðast var sýnt fyrir 20 árum á 100 ára afmæli Kjarvals. „Það er því full ástæða til að sýna þau aftur,“ segir Guðbjörg.

Milli þess sem hún setur upp sýningar í Gerðarsafni og klárar rannsóknarverkefni sitt ætlar Gerður að fara í útilegur í sumar ásamt fjölskyldu sinni. Hún getur ekki gert upp á milli staða á Íslandi en heldur þó mikið upp á Hóla í Hjaltadal, þar sem hún er fædd og uppalin. „Það er næstum því sama hvar maður er á Íslandi, ef maður bara fer að ganga úti finnur maður alltaf eitthvað fallegt,“ segir Guðbjörg, sem meðal annars hefur fengið launalaust orlof frá Gerðarsafni til að klára rannsóknarverkefni sitt á bókasöfnum erlendis. ■

**Í GERÐARSAFNI** Forseti Íslands sæmdi Guðbjörgu Kristjánsdóttur heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu á þjóðhátíðardaginn 17. júní.

## AFMÆLI

**Inga J. Backman** sópransöngkona er 58 ára.

**María Kristín Gylfadóttir,** formaður Heimilis og skóla, er 34 ára.


**Huldar Breiðfjörð** rithöfundur er 33 ára.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG


**1688 Alexander Pope** skáld.


**1953 Benazir Bhutto,** fyrrverandi forsætisráðherra Pakistana.


**1967 Nicole Kidman** leikkona.


**1973 Juliette Lewis** leikkona.


www.lin.is

Skuldbreyting námslána **LÍN**



Lánþegar eiga rétt á að skuldbreyta námslánum frá árunum 1992–2004. Með skuldbreytingu er líklegt að þeir geti létt árlega greiðslubyrði sína.

LÍN hvetur lánþega til að kynna sér nýju lánskjörin á vef sjóðsins **www.lin.is**. Þar er auðvelt og þægilegt að sækja um breytinguna. Á vefnum má einnig nálgast upplýsingar um núverandi skuldastöðu og ábyrgðarmenn.

Ef breytingin á að taka gildi á þessu ári þurfa þeir sem eru byrjaðir að borga af námslánum sínum að:

ath!

Sækja um skuldbreytinguna fyrir **30. júní 2005.**
Skila fullgildu skuldabréfi til sjóðsins fyrir **14. júlí 2005.**
Vera í skilum við sjóðinn, þar á meðal búnir að greiða föstu afborgun þessa árs.

Aðrir geta sótt um skuldbreytingu til 1. nóvember 2005.

**LÍN**

Lánasjóður íslenskra námsmanna Borgartúni 21 Reykjavík www.lin.is lin@lin.is

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu



## Heyrst hefur ...

... að fyrirliði FH, Heimir Guðjónsson, sé búinn að ganga frá „munnlegu samkomulagi“ við 3. deildarlið Núma og muni leika með félaginu á næstu leiktíð. Heimir hefur lýst því yfir að hann muni hætta að spila með FH eftir sumarið en hyggst halda sér í formi með Númamönnum næsta sumar.

**sport**

sport@frettabladid.is

**KNATTSPYRNUMAÐURINN GRÉTAR ÓLAFUR HJARTARSON:** SKORAÐI LOKSINS FYRIR KR

# *Enginn smá léttir að hafa brotið ísinn*



„Það er enginn smá léttir að vera búinn að brjóta ísinn,“ sagði Grétar Ólafur Hjartarson, sóknarmaður KR, þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær. Grétar hefur farið rólega af stað með KR-ingum það sem af er sumri og náði ekki að skora í sex fyrstu leikjum liðsins í Landsbankadeildinni. Hann náði þó loksins að setja mark á sunnudagskvöld þegar KR skellti Leikni 6-0 í 32 liða úrslitum VISA-bikars karla.

„Já, maður fann alveg fyrir pressu en hún kom mest frá mér sjálfum. Ég var orðinn ansi óþolinmóður fyrst ég var ekki búinn að skora en nú er fyrsta markið loksins komið og það er vonandi að þetta fari að smella. Ég verð bara að trúa því að það gerist,“ sagði Grétar, sem gekk til liðs við KR fyrir sumarið frá Grindavík. Hann hefur verið einn besti leikmaður efstu deildar undanfarin ár og var markakóngur 2002 og sá næstmarkahæsti í fyrra. Eftir sex umferðir í fyrra var hann búinn að skora fjögur af fimm mörkum Grindvíkinga og margir bjuggust við enn fleiri mörkum frá honum hjá stærra liði.

„Ég vissi það alveg þegar ég kom til KR að það gæti alveg gerst að byrjunin yrði erfið. Ég hef samt lent í því áður að skora ekkert í einhverjum fimm leikjum í röð, það lenda flestir í svona markaþurrð. Það er bara spurningin hvenær á tímabilinu það gerist, ég held að það sé ekkert verra að það sé svona strax í byrjun,“ sagði Grétar en hann var ánægður með leikinn gegn Leikni.

„Leikurinn fór alveg eins og við lögðum upp. Spiluðum af krafti og settum nokkur mörk. Leiknismenn eru með ágætis lið og börðust á fullu en við náðum að skora snemma og leikur þeirra brotnaði niður við það.“

### > Við furðum okkur á ...

... vali á bestu stuðningsmönnum Landsbankadeildarinnar í umferðum 1-6.



Vissulega hafa stuðningsmenn Keflavíkur verið skemmtilegir en það er hneyksli að stuðningsmenn FH hafi ekki hlotið verðlaunin enda hafa þeir án nokkurs vafa borið af í stúkunni sem og á vellinum í sumar.

### > Við mælum með ...



.... að Viggó Sigurðsson bíði ekki boðanna heldur drífi í því að ráða Dag Sigurðsson sem aðstoðarmann sinn með landsliðið. Dagur nýtur mikillar virðingar innan hópsins og veit þar að auki meira um handbolta en margur. Aðkoma hans í þjálfarateymi landsliðsins væri hvalreki fyrir íslenskan handknattleik og þar að auki skynsamlegur leikur.

## LEIKIR GÆRDAGSINS

*VISA-bikar karla:*

| | |
|---|---|
| REYNIR Á.–VALUR | 0–7 |

0–1 Garðar Gunnlaugsson (9.), 0–2 Hálfdán Gíslason (11.), 0–3 Bo Henriksen (17.), 0–4 Garðar Gunnlaugsson (28.), 0–5 Bo Henriksen (39.), 0–6 Ari Skúlason (55.), 0–7 Hálfdán Gíslason,víti (78.).

| | |
|---|---|
| AFTURELDING–VÍKINGUR R. | 0–1 |

0–1 Davíð Þór Rúnarsson (11.).

| | |
|---|---|
| STJARNAN–GRINDAVÍK | 0–2 |

0–1 Paul McShane (21.), 0–2 Magnús Sverrir Þorsteinsson (90.).

| | |
|---|---|
| FJÖLNIR–KEFLAVÍK | 3–4 |

1–0 Atli Guðnason (12.), 1–1 Hólmar Örn Rúnarsson (17.), 2–1 Atli Guðnason (41.), 2–2 Guðmundur Steinarsson, víti (43.), 2–3 Guðmundur Steinarsson (45.), 3–3 Tómas Leifsson (51.), 3–4 Stefán Örn Arnarsson (69.).

| | |
|---|---|
| VÍÐIR–FH | 0–5 |

0–1 Tryggvi Guðmundsson, víti (6.), 0–2 Jónas Grani Garðarsson (7.), 0–3 Tryggvi Guðmundsson (47.), 0–4 Jónas Grani Garðarsson (71.), 0–5 Ásgeir Gunnar Ásgeirsson (78.).

| | |
|---|---|
| HAUKAR–ÞRÓTTUR | 6–5 (1–1) |

1–0 Ómar Karl Sigurðsson (13.), 1–1 Eysteinn Pétur Lárusson (18.).

*Norski boltinn:*

| | |
|---|---|
| STABÆK–SKEID OSLO | 4–0 |

**Veigar Páll Gunnarsson** skoraði eitt marka Stabæk í leiknum.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

18 19 20 **21** 22 23 24

**Þriðjudagur**

### LEIKIR

- ☐ 20.00 **Breiðablik** mætir **ÍA** í Landsbankadeild kvenna á Kópavogsvelli.
- ☐ 20.00 **Keflavík** tekur á móti **Stjörnunni** í Landsbankadeild kvenna.
- ☐ 20.00 **ÍBV** og **KR** mætast á Hásteinsvelli í Vestmannaeyjum í Landsbankadeild kvenna.
- ☐ 20.00 **Valur** mætir **FH** að Hlíðarenda í Landsbankadeild kvenna.

### SJÓNVARP

- ☐ 07.00-8.30 **Olíssport** á Sýn.
- ☐ 16.45 **Olíssport** á Sýn.
- ☐ 16.50 **Bikarkvöld** á RÚV.
- ☐ 18.30 **Álfukeppnin** á Sýn.
- ☐ 21.00 **Toyota mótaröðin** á Sýn.
- ☐ 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- ☐ 23.15 **Álfukeppnin** á Sýn
- ☐ 00.55 **NBA úrslitakeppni** á Sýn.

# Mikið áfall að koma heim til Íslands

**FH-ingurinn Auðun Helgason er besti leikmaður Landsbankadeildar karla í umferðum 1-6 samkvæmt einkunnagjöf Fréttablaðsins. Grindvíkingurinn Sinisa Valdimar Kekic er rétt á eftir Auðuni.**

**FÓTBOLTI** Það er óhætt að segja að Auðun Helgason hafi stimplað sig inn í íslenska knattspyrnu með stæl í sumar. Hann gekk til liðs við FH fyrir tímabilið eftir farsælan atvinnumannaferil sem hófst árið 1997 er hann gekk í raðir svissneska liðsins Neuchatel. Auðun staldraði stutt við hjá félaginu því næsta vetur var hann kominn í raðir norska félagsins Viking, sem hann lék með til ársins 2000.

Þá gekk Auðun í raðir belgíska félagins Lokeren en árið 2003 fór hann til sænska félagsins Landskrona og eftir tveggja ára dvöl hjá sænska félaginu lá leiðin heim til FH á ný.

Auðun hefur leikið eins og hershöfðingi í vörn FH-liðsins og það er ekki síst honum að þakka að FH-liðið hefur aðeins fengið tvö mörk á sig í fyrstu sex leikjum Íslandsmótsins.

„Ég er mjög sáttur við mína spilamennsku og hversu vel við höfum náð saman í vörninni. Við erum varla að fá færi á okkur,“ sagði Auðun en hann tók sæti Sverris Garðarssonar í varnarlínu FH. Hann stökk nánast fullskapaður í það hlutverk og vart hægt að sjá að hann væri að leika með Tommy, Frey og Guðmundi í fyrsta skipti. Auðun kom til félagsins í janúar og hann segir það hafa hjálpað sér mikið.

### Aðlögunin hjálpaði

„Það sögðu tveir góðir menn við mig í vetur að margir sem kæmu heim hefðu átt erfitt uppdráttar og vöruðu mig við. Það var mikið áfall að koma heim aftur og sem betur fer kom ég snemma svo ég gat aðlagast.

Ég hafði mjög gott af því enda er eiginlega allt öðruvísi hér heima en úti. Ég meina þá umgjörð, leikstíll og auðvitað geta leikmanna. Ég var svolítið ryðgaður framan af og ég væri ekki að spila svona vel ef ég hefði komið rétt fyrir mót.“

Auðun fékk verðskuldað tækifæri með landsliðinu gegn Möltu eftir að hafa setið á varamannabekknum í nokkrum leikjum landsliðsins fyrr í riðlinum. Auðun segir að tækifærið hafi mátt koma fyrr.

„Ég fer ekkert í grafgötur með að mér fannst ég eiga skilið að fá tækifæri fyrr því við vorum að tapa illa á þessum tíma. Ég horfði upp á þetta og mér fannst ég geta gert betur og ég lét þjálfarana vita af því. Það var ánægjulegt að vera tekinn óvænt inn og þar að auki treyst fyrir að stýra varnarleik liðsins. Ég er ekki orðinn of gamall fyrir landsliðið og ætla mér að spila fleiri leiki fyrir Ísland í framtíðinni,“ sagði hinn 31 árs gamli Auðun Helgason.

**henry@frettabladid.is**

**HÆSTA MEÐALEINKUNN:**

| Leikmaður | Leikir | Meðaleink. |
|---|---|---|
| Auðun Helgason | 6 | 7,33 |
| **Sinisa Valdimar Kekic** | **5** | **7,2** |
| Tryggvi Guðmundsson | 6 | 7,16 |
| **Atli Sveinn Þórarinsson** | **6** | **7** |
| Bjarni Ólafur Eiríksson | 6 | 7 |



**Í BARÁTTUNNI** Auðun fer hér upp í skallabolta ásamt hinum tröllvaxna varnarmanni ÍBV, Páli Hjarðar. Auðun hefur leikið allra manna best í sumar að mati Fréttablaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

32 liða úrslit VISA-bikarsins kláruðust í gærkvöld með fjörugum leikjum:

# Keflavík slapp með skrekkinn gegn Fjölni

**FÓTBOLTI** Það gekk mikið á þegar 32 liða úrslit VISA-bikars karla kláruðust í gærkvöld. Rimma gærkvöldsins var í Grafarvogi þar sem heimamenn í Fjölni þjörmuðu hraustlega að bikarmeisturum Keflavíkur.

Heimamenn tóku tvisvar forystuna með mörkum frá Atla Guðnasyni en þess á milli jafnaði Keflvíkingurinn Hólmar Rúnarsson. Gestirnir komust svo yfir rétt fyrir hlé með tveim mörkum frá Guðmundi Steinarssyni. Það fyrra kom úr víti en hið síðara kom beint úr aukaspyrnu rétt fyrir utan vítateig. Fjölnir gafst ekki upp og jafnaði fljótlega í síðari hálfleik en það var hinn nýi framherji Keflvíkinga, Stefán Örn Arnarsson, sem kom liðinu til bjargar annan leikinn í röð með marki rúmum 20 mínútum fyrir leikslok.



**3-3!** Tómas Leifsson jafnar fyrir Fjölni en það dugði ekki til. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Það var ekki síður fjör í Hafnarfirði þar sem varð að framlengja hjá Haukum og Þrótti í skemmtilegum leik. Staðan var 1–1 eftir venjulegan leiktíma og því varð að framlengja. Ekkert mark var skorað í framlengunni og því varð að grípa til vítaspyrnukeppni, þar sem Haukar reyndust sterkari.

FH lenti í litlum vandræðum í Garði og sömu sögu er að segja af Val, sem lék á Árskógsströnd **- hbg**

Vigfús Arnar Jósepsson:

# Mátti ekki spila gegn KR

**FÓTBOLTI** „Það var ansi svekkjandi að fá ekki að spila þennan leik.“ sagði Vigfús Arnar Jósepsson, sem leikur lykilhlutverk með liði Leiknis R. sem situr á toppnum í 2. deildinni. Leiknir tók á móti KR í bikarnum á sunnudag en KR-ingar vildu ekki að Vigfús léki þann leik þar sem hann er samningsbundinn félaginu en er á lánssamningi hjá Leikni.

„Það er ekkert minnst á það í lánssamningnum að ég fái ekki að spila gegn KR. Svo fékk ég að vita það daginn fyrir leikinn að þeir vildu ekki að ég spilaði. Ég vildi fá að sýna mig aðeins þar sem ég hef metnað fyrir því að spila með KR í Landsbankadeildinni og einnig vildi ég sýna að Leiknir er verðugur andstæðingur,“ sagði Vigfús sem er uppalinn hjá Leikni. **- egm**





**MARK!** Dagur Sigurðsson skorar hér sitt næstsíðasta landsliðsmark, gegn Hvít-Rússum. Fréttablaðið/Hari

Dagur Sigurðsson sáttur við ákvörðun sína:

# Ég er stoltur af landsliðsferlinum

**HANDBOLTI** Dagur Sigurðsson handboltakappi tilkynnti að loknum leik Hvíta-Rússlands og Íslands á sunnudag að það hefði verið hans síðasti landsleikur. Að loknum 213 leikjum í íslensku landsliðstreyjunni skilur Dagur við liðið er það á leiðinni á sitt sjöunda stórmót í röð. Hann segist vera sáttur.

„Ég skil við liðið með góðri samvisku. Það er gott að hafa klárað þessa leiki gegn Hvít-Rússum,“ sagði Dagur. „En það var kominn tími á þetta hjá mér. Við erum búnir að spila á mörgum stórmótum og það tekur sinn tíma. Ég hef ekki fengið þriggja daga frí í tvö ár og nú verður gott að geta eytt tíma með fjölskyldunni.“

Dagur var ákveðinn að hætta eftir HM í Túnis sem lauk í febrúar síðastliðnum en Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari sannfærði Dag um að halda áfram og klára í það minnsta þessa tvo leiki í júní. En eftir það varð Degi ekki haggað og stendur hann við ákvörðun sína.

„Ég er mjög stoltur að hafa fengið að taka þátt í þessu og ég er stoltur af landsliðsferlinum.“

Dagur hefur nú verið að þjálfa austurríska liðið Bregenz í tvö ár og á tvö ár eftir til viðbótar af samningi sínum. Honum líkar þjálfarastarfið vel en allt sé óvíst hvað varðar framtíð hans á þeim vettvangi.

„Ég verð eitthvað starfandi á þeim vettvangi þegar ég kem heim. Í hvaða mynd verður bara að koma í ljós.“

En nú sér Dagur fram á góða tíma enda getur hann nú einbeitt sér að vinnunni sinni og fjölskyldu. Hann mun þó sakna landsliðsins. „Það verður eflaust skrýtið næst þegar hópurinn verður kallaður saman og maður er ekki á listanum.“

eirikurst@frettabladid.is






# Helsinki bjálkahús



Gullfalleg bjálkahús ca. 54 fm með 13 fm verönd á ótrúlegu verði. Hægt að fá á ýmsum byggingarstigum.

**Upplýsingar: Goddi ehf.**

Auðbrekku 19, 200 Kópavogur. sími 544 55 50

## Finnskir sauna ofnar



Raf- eða viðarkyntir. Einnig arinofnar.

Goddi.is, Auðbrekku 19, Kóp. s: 544-5550

## KERRA LCI-880



392x134cm, galv. Burðarg. 270 kg.

Goddi.is, Auðbrekku 19, Kóp. s: 544-5550



## BÁTAKERRA LCI-887

548x170cm. galv. með spili. Burðarg. 545 kg.

Goddi.is, Auðbrekku 19, Kóp. s: 544-5550

## KERRA LCI-830



Fáanleg einnig með bátastandi og vélhjólastandi

Goddi.is, Auðbrekku 19, Kóp. s: 544-5550

## KERRA LCI-850



Burðarg. 530 kg. Samanbrjótanleg og hægt að keyra upp á af götu.

Goddi.is, Auðbrekku 19, Kóp. s: 544-5550

## Suvi 4555 sumarhús



24,5 fm m/svefnlofti og verönd. Flísar á þaki.

Goddi.is, Auðbrekku 19, Kóp. s: 544-5550

## Áklæðaúrvalið er hjá okkur.

**Leður og leðurlíki.** Auk þess pöntunarþjónusta eftir ótal sýnishornum.

Goddi.is, Auðbrekku 19, Kóp. s: 544-5550


# STUÐ MILLI STRÍÐA : Flíspeysur og teygjugallabuxur

**SÓLEY KALDAL** VELTIR FYRIR SÉR ÞJÓÐBÚNINGI ÍSLENSKRA KVENNA.



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Nú þegar þjóðhátíðardagur okkar Íslendinga er nýliðinn þetta árið fór ég að velta fyrir mér þjóðbúningi íslenskra kvenna. Þá er ég ekki að tala um hinn hefðbundna og viðurkennda þjóðbúning sem sumar konur láta sig hafa að klæðast nokkrum sinnum á ævinni, heldur hinn raunverulega þjóðbúning okkar.

Hinn raunverulegi þjóðbúningur kvenna á Íslandi er nefnilega flíspeysa og teygjugallabuxur. Hvar sem ég lít, hvort sem það er 17. júní eða aðra daga, sé ég konur í þessari miður fögru samsetningu. Í búðinni, á skrifstofunni, í bíó og jafnvel leikhúsi; flíspeysukonurnar eru úti um allt!

Nú hafa þessar flíkur vissulega ýmislegt til síns ágætis. Flíspeysur geta verið ómissandi í útileguna, í útivist eða heima á köldustu vetrarkvöldum og hafa íslensk fyrirtæki gert fallegar útfærslur af þeim. En flíspeysur eru ekki smart hversdagsklæðnaður og gera óskaplega lítið fyrir kvenlíkamann.

Eins geta teygjugallabuxur átt sinn tilverurétt og margar kvengallabuxur hafa smá teygjanleika en þegar þær líta út eins og útvíðar gammosíur með rassvösum eru þær ekki að gera nokkurri konu neina greiða.

Þó að föt séu þægileg þýðir það ekki - og oft alls ekki - að þau séu flott. Íslenskar konur hafa yfirleitt þótt vera mjög smart og framarlega í tísku og þess vegna skil ég ekki þessa innrás heimafatanna. Margir karlmenn þurfa að láta sig hafa það að mæta í jakkafötum og með bindi til vinnu á hverjum degi og þess vegna er okkur engin vorkunn í því að fara úr þægindafötunum svona rétt á meðan við bregðum okkur af bæ.

Möguleikar kvenna til klæðaburðar eru óendanlegir og við höfum töluvert meira frelsi en karlar til að leika okkur með útlitið. Það er alger synd að eyða þessum listræna sveigjanleika í föt sem eru hvorki eftirminnileg né klæðileg. ■

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



# Leonardo DiCaprio alvarlega særður

Leonardo DiCaprio lenti í alvarlegum átökum í partíi í Hollywood um helgina. Leikarinn snoppufríði var að yfirgefa glauminn klukkan fjögur aðfaranótt laugardags þegar ónefnd kona réðst að honum en hún var í leyfisleysi á eigninni. Hún sló hann í höfuðið með flösku og brotin skildu eftir sig langan skurð niður eftir andlitinu. Vinir Leos þustu til og brunuðu með hann upp á spítala þar sem þurfti að sauma tólf spor við eyra hans. Skurðurinn var aðeins millimetrum frá hálsslagæðinni og þótti mikil mildi að ekki hafi farið verr. Haft var eftir lækni að leikarinn hefði verið heppinn að sleppa við banvænt sár.

Konan, sem bendluð er við fleiri ofbeldismál, hafði fyrr um kvöldið ítrekað reynt að komast inn í teitið en ávallt verið vísað frá. Rick Salomon hélt partíið en hann er alræmdur fyrir að vera elskhugi Parísar Hilton á kynlífsmyndbandi sem tröllreið öllu fyrir nokkru síðan.

Atvikið mun líklegast ekki hafa mikil áhrif á vinnu DiCaprios en hann er nú að taka upp mynd með Martin Scorsese sem heitir The Departed. Hann fær nokkra daga til að jafna sig og heldur svo aftur til Boston og New York þar sem myndin er í vinnslu. ■



**LEONARDO DICAPRIO** Leikaranum var mjög brugðið og fékk huggun hjá Gisele Bündchen, unnustu sinni.

# U2 heiðruð fyrir framlag sitt

Rokkgoðin írsku í U2 voru heiðruð á þjóðhátíðardegi okkar Íslendinga fyrir framlag sitt til breskrar tónlistar. Viðurkenninguna fengu þeir á 30. Nordoff - Robbins Silver Clef verðlaununum. Bono, söngvari sveitarinnar, veitti viðurkenningunni móttöku ásamt The Edge, Larry Mullen Jnr. og Adam Clayton.

Í þakkarræðunni sagðist Bono vera stoltur af því að vera hluti af frábærri hljómsveit. Að venju var pólitíkin ekki langt undan og Bono hvatti fólk til að fylkja sér um Live 8 framtak Bob Geldof. „Það eru ekki popparar sem stjórnmálamennirnir eru hræddir við heldur áðdáendurnir.“ Meðal annarra sem fengu verðlaun voru goðsagnirnar í The Who og Natasha Bedingfield. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES / NORDIC PHOTOS

**U2** Bono fagnaði viðurkenningunni ákaft ásamt félögum sínum í U2. Sveitin var stofnuð árið 1977 og hefur haldið hópinn síðan. Fáar sveitir njóta jafn mikillar virðingar og hún.


Rope yoga í Hress



Rope yoga sameinar hug, líkama og sál

Rope yoga

2 fyrir 1

8 vikna námskeið

Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi þróað af Guðna Guðnasyni í Los Angeles. Rope yoga hefur reynst fólki vel í baráttunni við bakverki, álagsverki og aðra kvilla í daglega lífinu.

Rope yoga eykur upptöku súrefnis í líkamanum og styrkir kviðinn, miðju líkamans og bætir virkni sogæðakerfisins. Tveggja mánaða lokuð námskeið þar sem aðeins 18 manns eru í hverjum hópi.
Boðið er upp á námskeið kvölds og morgna.

Rope Yoga Workout

Námskeið hefjast 4. júlí
Tímar kl.: 7.30 mán, mið og fös
17:30, 18:30, 19:30 mán, mið og fim
Vönduð námsgögn. Skráning er hafin í síma 565 2212

Verð kr. 25.000.-
Verð 2 fyrir 1 kr. 12.500.- á mann.

2 fyrir 1
KVENNAÁTAK - HEFST 27. JÚNÍ
KARLAÁTAK - HEFST 27. JÚNÍ
8 VIKNA ÁTAK



Fyrir



Eftir

33 kg á 12 mánuðum

**Eva Dís Björgvinsdóttir 24 ára, 2ja barna móðir.** Ég var 90 kíló þegar ég byrjaði í Hress en er nú 57 kg. Aðhaldið á átaksnámskeiðunum er lykillinn að velgengni þátttakenda. Fagmennskan er aðalsmerki Hress.

**Kvennaátak kl.:**
6:20 mán, mið, fös
10:15 mán, þri, fim
18:30 mán, mið, fös

**Karlaátak kl.:**
18:30 mán, mið, fim

INNIFALIÐ Í VERÐI:
- Þrír lokaðir, árangursríkir og fjölbreyttir tímar á viku
- Kennsla í höndum fagfólks
- Vigtun, fitu- og ummálsmæling
- Fræðsluefni
- Frjáls mæting í alla opna tíma og tækjasal
- Fylgst með mataræði

Kr. 17.990.- Skráning og nánari upplýsingar
í síma 565 2212 eða á hress@hress.is
Hringdu strax og skráðu þig!

Næstu námskeið hefjast 29. og 30. ágúst

Dalshrauni 11, 220 Hafnarfirði, s. 565 2212
www.hress.is

HRESS HEILSURÆKT

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu



• • Frelsaðu félagann!

• • þú og félagar þínir fá fría áskrift!



4Mb/s extra light ADSL V16
• • Ótakmarkað niðurhal!

3.890 kr.
á mánuði allt innifalið m.v. 12 mánaða samning!

• • Frelsaðu félagann!

• • Átt þú félaga með allt of lítinn hraða og takmarkað niðurhal?
• • Átt þú félaga sem þráir að hafa óheftann aðgang að netinu?
• • Eða viltu bara fá þér góða ADSL tenginu á frábæru verði?

Ef þú ert með BTnet getur þú bent félaga þínum á BTnet og þú færð einn mánuð frían í staðinn og félagi þinn líka. Ef þú frelsar fleiri félaga færðu frían mánuð fyrir hvern þann félaga sem skráir sig á btnet.is.

Ef þú þekkir ekki neinn sem er með ADSL hjá BTnet þá getur þú samt skráð þig á netinu og fengið frían mánuð.

Flottustu leikjaþjónar landsins!
www.btnet.is >>
GAMEZONE



Kynntu þér málið...
aðeins á
www.btnet.is

BTNET www.btnet.is.

**!** **Kl. 16.00**

*Listasumar á Akureyri verður sett í Ketilshúsinu, Listagili, klukkan 16.00 á miðvikudaginn.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Terra Borealis í Norræna húsinu

Í gær var opnuð Terra Borealis, sýning breska ljósmyndarans og listfræðingsins Andy Horners í anddyri Norræna hússins. Sýningin er farandsýning sem farið hefur um Norðurlöndin, Skotland og Eystrasaltslandanna og mun hún fara til Grænlands á eftir Íslandi.

Á sýningunni eru sýndar myndir sem Horner hefur tekið á ferðum sínum um Norðurlöndin. Það eru m.a. barrskógabeltið í Norðaustur-Finnlandi, beykiskógar Danmerkur, víðátta Lapplands og innlandsísinn við Grænland sem fanga athygli Horners, en hann beinir einkum sjónum sínum að sambandi íbúanna við náttúruna og landslagið.

„Ísland er það land sem ég hef tekið flestar myndir af, það er draumastaður minn sem landslagsljósmyndara.

Ég hef komið átta sinnum til Íslands en sjaldnar til hinna landanna," segir ljósmyndarinn Horner, sem kemur hingað til lands seinni hluta júlímánaðar. Horner hefur búið á Norðurlöndunum í 20 ár en hefur búið á á finnska hluta Álandseyja síðan 1991 þar sem hann starfar sjálfstætt sem ljósmyndari og kennari.

„Ég kom hingað til Íslands árið 1997 og náði myndum af Bláa lóninu áður en því var breytt í þennan stóra baðstað, ég kunni betur við það þá en núna og er afskaplega ánægður með að hafa náð þessum myndum fyrir breytingarnar," segir Andy.

Aðalástæðan fyrir komu Andys hingað til lands er sú að hann ætlar að gera stóra ljósmyndaseríu af Íslandi fyrir stærsta ljósmyndablað Kanada, sem heitir Photolife: „Ég þarf að ná nokkrum myndum af ákveðnum stöðum á Íslandi fyrir seríuna, sérstaklega Skaftafelli," segir ljósmyndarinn, sem hélt sýningu hér á landi með myndum frá Álandseyjum árið 1998.

Sýningin mun standa yfir í Norræna húsinu til 28. ágúst.

### EKKI MISSA AF…

…tónleikum klassíska tónlistarhópsins **Gestaláta** sem heldur sumartónleika í **Dómkirkjunni** klukkan 12.15. Hópurinn er skipaður fimm ungum stúlkum sem allar stunda tónlistarnám í Reykjavík. Aðgangur á tónleikana er ókeypis.

…**sólstöðugöngu** um **Öskjuhlíð**. Lagt verður af stað frá Perlunni, norðan undir hitageymunum.

…tónleikum **Sesselju Kristjánsdóttur** mezzosópran og **Antoniu Hevesi** píanóleikara klukkan 20.30 í **Listasafni Sigurjóns Ólafssonar**.


**BORGARLEIKHÚSIÐ**

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík




**KALLI Á ÞAKINU**

*e. Astrid Lindgren*

*Í samstarfi við Á þakinu*

Su 26/6 kl 14, Lau 9/7 kl 14, Su 10/7 kl 14, Su 17/7 kl 14

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**

**Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is**

**Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudag**


## Þýðing á argentínskri metsölubók

„Þessi bók fjallar um mann sem gengur til sálfræðings sem segir honum dæmisögur, sem eiga við um hvert vandamál sem skjólstæðingar hans ber á borð fyrir hann. Sögurnar eru m.a. frá Chile, Indlandi og Tíbet. Þetta eru munnmælasögur, þjóðsögur og alls kyns sögur og lítur hlustandinn á þær sem dæmisögur. Í staðinn fyrir að beita hefðbundnum aðferðum sálfræðinnar segir sálfræðingurinn manninum sögur," segir María Rán Guðjónsdóttir, sem þýtt hefur bókina Leyfðu mér að segja þér sögu eftir argentínska metsölurithöfundinn Jorge Bucay, sem gefið hefur út níu bækur. Þessi bók Bucays hefur verið gefin út oftar en tuttugu sinnum á Spáni.

„Þetta er aðferð sem Jorge Bucay, sem sjálfur er starfandi sálfræðingur, notar á skjólstæðinga sína. Aðferð hans hefur virkað það vel á þá sem leitað hafa til hans að hann var hvattur til að gefa sögurnar út. Þessar sögur virðast lifa lengi í minni fólks," segir María.




**JORGE BUCAY** Út er komin þýðing á bókinni Leyfðu mér að segja þér sögu eftir argentínska rithöfundinn Jorge Bucay, sem fjallar um sálfræðing sem beitir sérstæðum aðferðum til að aðstoða viðskiptavini sína.





# VELDU BÍL ÁRSINS VOLVO S40

Bandalag íslenskra bílablaðamanna valdi Volvo S40 bíl ársins fyrir 2004. Skoðaðu bíl ársins og þú upplifir hrífandi hönnun Volvo S40. Kynntu þér frábæra aksturseiginleika, vélarnar og aðra yfirburða tækni. Þreifaðu á yfirborði innréttinganna, hallaðu þér aftur í sætinu og reyndu sigurvegarann Volvo S40. Lifðu í lúxus. Veldu Volvo S40.

**Heimsbíll ársins í fyrsta sinn í sögunni**

Volvo S40 var tilnefndur sem „Heimsbíll ársins 2005" og bætist tilnefningin við fjóru viðurkenninga Volvo S40 en Volvo S40 er bíll ársins á Íslandi. Euro NCAP öryggistofnunin verðlaunaði Volvo S40 með bestu einkunn eða 5 stjörnum, sama gerði US NCAP. Breska bílablaðið Auto Express metur Volvo S40 sem besta bílinn í sínum flokki lúxusbíla; betri en BMW 3 series og Jaguar X-type. Volvo S40 er besti kosturinn að mati umferðaröryggistofnunar Bandaríkjanna IIHS og sænska tryggingarfélagið Folksam verðlaunar Volvo S40 með bestu háls- og bakhnykksvörnina. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo!

**Draumabíll bílablaðamannsins**

Bíll ársins Volvo S40 er efstur á óskalista bílablaðamanns Morgunblaðsins. Hann segir: „Volvo hefur nefnilega tekist það sem margir hafa áður reynt og flestir án árangurs; að smíða gæðabíl án þess að slá nokkuð af kröfunum en um leið að stilla verðinu í hóf".

Komdu í Brimborg. Spurðu söluráðgjafa Volvo á Íslandi um verð og gæði. Við gerum þér gott tilboð um staðgreiðsluverð fyrir gamla bílinn.



*Finndu fegurðina sem býr í gæðum einfaldleikans. Skoðaðu nýtt stjórnborðið sem ekki átti að vera hægt að framleiða.*

BÍLL ÁRSINS 2004

WORLD CAR OF THE YEAR AWARDS





**Volvo S40 bensín.**
**Verð frá 2.395.000 kr.***

**Volvo S40 dísil.**
**Verð frá 2.695.000 kr.***

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Skæruliðar klæða styttur í bleikt

**Óþekktur hópur femínista sem kallar sig Bleiku skæruliðana hengdi um helgina bleika borða á styttur í miðbæ Reykjavíkur. Líklega er um að ræða skírskotun til þess að enn ríki ekki jafnræði milli kynjanna í landinu, sem lýsi sér til dæmis í því að nær engar af styttum bæjarins eru af nafngreindum konum.**

„Mér fannst sjálfsagt að setja stytturnar í hátíðarbúning. Þetta kostaði ekkert, skemmdi ekkert, kallaði fram kátínu og vakti athygli á málstað femínista. Ég held að það séu ekki háar sektir við því að skreyta styttur bæjarins því þá þyrfti nú að fara að sekta allar dúfurnar sem eru alltaf að skíta á þær,“ segir Salvör Gissurardóttir, femínisti og lektor við Kennaraháskólann.

„Þær styttur af konum sem eru í miðbæ Reykjavíkur eru ekki af nafngreindum konum heldur listaverk af óþekktum konum. Nær allar styttur sem eru nafngreindar eru af karlmönnum,“ segir Guðjón Friðriksson sagnfræðingur. „Það er að vísu komin stytta af Björgu C. Þorláksson fyrir framan Odda á háskólasvæðinu og það þyrfti að setja upp styttu af Bríeti Bjarnhéðinsdóttur. Síðustu áratugina hefur það dottið dálítið upp fyrir að reisa styttur af fólki, það eru ekki margar styttur í Reykjavík sem eru yngri en 40 ára og það er jú á síðastliðnum áratugum sem kvennahreyfingin hefur virkilega eflst,“ segir Guðjón .

„Styttur eru oft notaðar á þennan hátt, fólk hefur ýmsar leiðir til að benda á málstað sinn og mér finnst þetta allt í lagi svo framarlega sem engin spellvirki eru unnin á styttunum. Ef ég man rétt var styttunni af Jóni Sigurðssyni pakkað inn í álpappír fyrir nokkrum árum,“ segir Guðjón um aðgerðir óþekktu femínístanna.

„Mér finnst þetta skemmtilegt og þetta vekur athygli á því mikla misvægi sem enn er til staðar milli kynjanna. Þessi skortur á styttum af konum endurspeglar valdaleysi kvenþjóðarinnar fyrr á tímum og sjálfsdýrkun karlmanna, þeir hengja orður hver á annan og koma upp af sér styttum,“ segir Kristín Ástgeirsdóttir sagnfræðingur.

Hvorki hefur gengið né rekið að komast að því hverjir það voru sem stóðu fyrir prakkarastrikinu og virðist sem um huldukonur hafi verið að ræða því engin af þeim sem Fréttablaðið talaði við gat gefið neinar upplýsingar um Bleiku skæruliðana.

Lögreglan í Reykjavík var ekki búin að taka neinar ákvarðanir um hvort eða hvernig brugðist yrði við athæfinu. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**LANDNÁMSMAÐURINN Í BLEIKU** „Ég held að það séu ekki háar sektir við því að skreyta styttur bæjarins því þá þyrfti nú að fara og sekta allar dúfurnar sem eru alltaf að skíta á þær,“ segir Salvör Gissurardóttir femínisti. Stytturnar af Ólafi Thors, Jóni forseta, Ingólfi Arnarsyni og Leifi heppna voru meðal þeirra styttna sem fengu að klæðast bleiku.


Sumarhappdrætti

**Krabbameinsfélagsins**

Útdráttur 17. júní 2005

## Vinningar

**Honda CRV ES, 2.995.000 kr.**

25093

**Bifreið eða greiðsla upp í íbúð, 1.000.000 kr.**

46392

**Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun, 100.000 kr.**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1047 | 18341 | 33925 | 47271 | 65209 | 89490 | 102558 | 112941 |
| 3543 | 20010 | 33987 | 48803 | 67569 | 89817 | 104006 | 113300 |
| 4045 | 21316 | 34063 | 49214 | 68742 | 90397 | 104759 | 113519 |
| 5725 | 22116 | 34800 | 53923 | 68878 | 91164 | 105502 | 114893 |
| 6166 | 24979 | 36520 | 54963 | 69331 | 91869 | 106102 | 115688 |
| 7106 | 26050 | 37664 | 55783 | 69349 | 91913 | 106212 | 117169 |
| 7213 | 26278 | 37732 | 56487 | 69711 | 92384 | 106781 | 117317 |
| 8333 | 26677 | 37817 | 56876 | 74003 | 92869 | 107960 | 117922 |
| 8840 | 26718 | 38797 | 56934 | 75559 | 93073 | 107980 | 118890 |
| 9102 | 27536 | 39762 | 57362 | 76484 | 93432 | 108420 | 119212 |
| 9289 | 28092 | 39805 | 57974 | 76505 | 96054 | 108886 | 119276 |
| 9424 | 28226 | 40861 | 59832 | 76694 | 96627 | 109446 | 119869 |
| 9891 | 28607 | 43063 | 59898 | 78025 | 96696 | 109573 | 120075 |
| 12535 | 28742 | 43145 | 60485 | 78143 | 96809 | 109969 | 123150 |
| 13003 | 29342 | 44224 | 61183 | 78495 | 97559 | 109970 | 123774 |
| 13695 | 30336 | 44434 | 62253 | 81328 | 99751 | 110878 | |
| 13917 | 30833 | 45260 | 65004 | 81556 | 100998 | 111764 | |
| 16619 | 30880 | 46802 | 65018 | 86198 | 101137 | 112572 | |
| 18023 | 32566 | 46846 | 65066 | 89462 | 101172 | 112930 | |

Birt án ábyrgðar

Krabbameinsfélagið þakkar landsmönnum veittan stuðning

Krabbameinsfélagið

Handhafar vinningsmiða framvísi þeim á skrifstofu Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8, sími 540 1900.

www.krabb.is

Byrjað verður að greiða út vinninga 28. júní nk.





VOLVO for life

*Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!*

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.volvo.is









## FRÉTTIR AF FÓLKI

*Amazon.com* skipuleggur nú tónleika þar sem **Bob Dylan** og **Norah Jones** verða stærstu stjörnurnar, í tilefni af tíu ára afmæli vefsíðunnar. Tónleikarnir munu vera í beinni útsendingu á síðunni á netinu að kvöldi 16. júlí. Miðar verða ekki seldir í almennri miðasölu heldur ætlar fyrirtækið eingöngu að bjóða starfsmönnum sínum að vera viðstaddir.



**Jennifer Lopez** hefur ráðið innanhússhönnuðinn **Thom Filicia** úr *Queer Eye for the Straight Guy* til að taka heimili sitt í gegn. Húsið er á Long Island og er í eigu **Marc Anthony**, eiginmanns hennar, en hann bjó þar með fyrrverandi konu sinni **Dayanara Torres**. Lopez, sem flutti inn í slotið áður en skilnaður Torres og Anthony var genginn í gegn, vill taka allt í gegn því Torres sá um innanhússhönnunina á sínum tíma.










**JACKSON-FEÐGARNIR** Fjölskylda og vinir Michaels Jackson mættu í spilavítið Chumash í Santa Ynez og fögnuðu niðurstöðu kviðdómsins. Poppstjarnan lét þó ekki sjá sig enda eflaust úrvinda eftir erfið réttarhöld.

# Sigurhátíð Jackson-vina

Yfir fjögur hundruð vinir og velunnarar Michaels Jackson komu saman í Chumash-spilavítinu í Santa Ynez til þess að fagna endalokum réttarhaldanna yfir honum. Söngvarinn sjálfur var reyndar hvergi sjáanlegur en armband þurfti til þess að komast inn, að sögn AP-fréttastofunnar.

Meðal þeirra sem mættu á svæðið var kviðdómarinn Coccoz, sem sagðist hafa orðið fyrir uppljómun þegar hún gekk inn í salinn. „Það var verið að spila BeatIt og ég byrjaði næstum því að gráta,“ sagði hún. Það varð þó allt brjálað þegar móðir Jacksons, Katharine, gekk í salinn undir laginu I´ll Be There. „Við hefðum aldrei getað gert þetta án ykkar,“ sagði móðirin, sem var studd af syni sínum Tito.

Öllum blaðamönnum var neitaður aðgangur að hátíðinni og blaðamanni frá AP-fréttastofunni var vísað út eftir skamma dvöl. ■

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Orlando Bloom** sér víst svo eftir að hafa hætt með **Kate Bosworth** að nú gerir hann allt til að fá hana til baka. Orlando, sem undanfarnar vikur hefur átt í sambandi við MTV-gelluna **Vanessu Minnillo**, hefur nú komist að því að Kate sé konan fyrir sig. Hann gerði sér því lítið fyrir um helgina og flaug alla leið til Ástralíu því Kate er þar að vinna að nýju Súpermanmyndinni, og tjáði henni ást sína. Kate er sögð vera í skýjunum og sáust þau á veitingastað eins og ástfangnir táningar.



**Pönkstjörnurnar** í *Sex Pistols* ætla að koma saman fyrir *Live 8* tónleikana. Þetta er enn einn sigurinn fyrir **Bob Geldof** og aðra skipuleggjendur viðburðarins. Helst þurfti að sannfæra **Johnny Rotten**, eða John Lydon, en hinir meðlimir hljómsveitarinnar voru fljótir að samþykkja. „Enginn bjóst við því að líta þann dag að Sex Pistols myndu koma saman aftur. En þar sem Live 8 eru svo sérstakir tónleikar ákváðu þeir að slá til,“ sagði heimildarmaður.







## SODO GEL

Frískleg gel fyrir andlit og líkama. Stinnari, þéttari og mýkri húð á skömmum tíma. Ótrúlegur árangur.

## FUNGORAL HÁRSÁPA

Áhrifaríkt lyf við flösu, flösuexemi og litbrigðamyglu. Stærri flaskan (120 ml) fæst nú líka án lyfseðils í apótekum!

Fungoral® hársápa (ketókónazól) er notuð við sýkingum í húð þar sem gersveppurinn pityrosporum ovale er til staðar, eins og staðbundinni litbrigðamyglu (pityriasis versicolor), flösu með bólgu í hársverði (seborrhoeic dermatitis) og almennri flösu. Notkun: Flasa (flasa með bólgu í hársverði og pityriasis capitis): Þvoið hárið með hársápunni, látið hana liggja í hársverðinum í 3-5 mínútur og skolið hana síðan úr. Hársápuna á að nota tvisvar sinnum í viku í tvær til fjórar vikur og síðan eftir þörfum. Litbrigðamygla: Hársápuna á að nota daglega, mest í 5 daga. Forðist að Fungoral® hársápa berist í augu. Ef það gerist á að skola augun vandlega með vatni. Lesið vandlega fylgiseðil sem fylgir með lyfinu.

Tilboðin gilda til 5.7. 2005




# Depeche Mode í tónleikaferð um heiminn

Hljómsveitin Depeche Mode ætlar í umfangsmikla tónleikaferð um heiminn til að fylgja eftir nýjustu plötu sinni, sem kemur væntanlega út undir lok ársins.

Fyrst fer sveitin í sex vikna tónleikaferð um Norður-Ameríku í október en byrjar síðan tónleikaferð um Evrópu í janúar á næsta ári í Þýskalandi. Depeche Mode hefur verið að leggja lokahönd á nýju plötuna undanfarið ásamt upptökustjóranum Ben Hillier sem hefur áður unnið með Doves og Blur. ■



**DEPECHE MODE** Hljómsveitin er á leiðinni í umfangsmikla tónleikaferð.

# Þriðja platan tilbúin

Rokksveitin The Strokes hefur lokið upptökum á sinni þriðju plötu, sem er væntanleg í janúar á næsta ári. „Ég vil ekki segja of mikið,“ segir Julian Casablancas, söngvari sveitarinnar, „en ég er ansi spenntur. Hún er eins og steinlaus vatnsmelóna. Ég er mjög ánægður með hana.“

Platan, sem hefur ekki enn fengið nafn, hefur að geyma fjórtán lög. The Strokes stefnir síðan á að fara í sína stærstu tónleikaferð til þessa til að fylgja plötunni eftir. ■



**THE STROKES** Rokkararnir gefa út sína þriðju plötu í janúar á næsta ári.










# VIÐ TÆKIÐ

## Ótrúverðugt en spennandi

**FREYR BJARNASON** FYLGDIST MEÐ SPENNUNNI MAGNAST UPP Í 24 EN ÞÓTTI SUM ATRIÐIN ÓTRÚVERÐUG.

Spennan er orðin gífurleg í þáttunum 24. Jack Bauer og félagar hafa staðið í ströngu undanfarið við að hafa hendur í hári hryðjuverkamanna sem hafa sent á loft eitt stykki kjarnorkueldflaug sem á að sprengja upp milljónir Bandaríkjamanna.

Þrátt fyrir að spennan sé mikil og neglurnar nagaðar vel og lengi á hverju sunnudagskvöldi eru 24 samt ekki gallalausir þættir. Tvennt hefur mér fundist heldur ótrúverðugt undanfarið. Í æsilegu atriði þar sem Bauer kom með særðan samherja hryðjuverkamannanna á skurðstofu CTU til aðhlynningar lét hann læknana hætta að hlúa að fyrrum manni kærustu sinnar til að geta sinnt honum. Maður kærustunnar lést fyrir vikið og allt gerðist þetta fyrir framan nefið á henni. Bauer varð víst að gera þetta en það merkilegasta er að kærastan er núna farin að tala við hann aftur og stefnir jafnvel í að hún fyrirgefi honum þetta. Held að það myndu ekki allir gera það.

Forsetamálin hafa einnig verið nokkuð skrítin. Forsetinn fyrrverandi David Palmer var fenginn til að aðstoða hinn nýskipaða forseta við ákvarðanatöku enda framtíð Bandaríkjanna í húfi. Það var sterkur leikur að fá hinn röggsama Palmer aftur inn í þættina en hinn nýskipaði forseti hefði þess vegna getað verið tekinn upp af götunni úr Jaywalkinu hjá Jay Leno, svo lítið veit hann í sinn haus.



**24** Kiefer Sutherland hefur farið á kostum í hlutverki leyniþjónustumannsins.

Einnig vakti það sérstaka athygli mína þegar Palmer og forsetinn settu upp svo bjánalegan leikþátt til að gabba ríkisstjórnina að allir hefðu átt að sjá í gegnum hann. Vonandi verður endirinn aðeins trúverðugri.



▶ **20.10** *Drama*

**EVERWOOD. Þáttaröð um heilaskurðlækni sem býr í smábænum Everwood ásamt börnum sínum tveim.**



▶ **20.00** *Raunveruleiki*

**FEAR FACTOR. Í þætti kvöldsins eru það systkini sem reyna með sér.**



▶ **21.00** *Brúðkaup*

**BRÚÐKAUPSÞÁTTURINN JÁ. Sjötta sumarið í röð fylgist Elín María Björnsdóttir með fólki sem hyggst ganga í hjónaband.**

### SJÓNVARPIÐ

**16.50** Bikarkvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Pétur kanína (1:3)

**18.30 Gló magnaða (12:19)**
**19.00 Fréttir og íþróttir**
**19.35 Kastljósið**
▶ **20.10 Everwood (10:22)** (Everwood II) Bandarísk þáttaröð um heilaskurðlækni og ekkjumann sem býr ásamt tveimur börnum sínum í smábænum Everwood í Colorado.
**20.55 Baráttan um Kristjaníu** (Kampen om staden) Dönsk heimildarmynd um átökin um fríríkið Kristjaníu. Um hálfs árs skeið var fylgst með einum íbúanna, baráttumanni fyrir réttindum Kristjaníubúa.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Rannsókn málsins V (4:4)** (Trial And Retribution, Ser. 5) Bresk sakamálamynd frá 2002 Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. Seinni hluti.

**0.00** Kastljósið **0.20** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Perfect Strangers (79:150) **13.25** George Lopez 3 (24:28) (e) **13.50** Married to the Kellys (7:22) (e) **14.15** Kóngur um stund **14.40** Sketch Show 2, The **15.05** Extreme Makeover (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
▶ **20.00 Fear Factor (10:31)** (Mörk óttans 5) Fear Factor er alvöru raunveruleikasjónvarp þar sem keppendur fara bókstaflega út á ystu nöf.
**20.45 Las Vegas 2 (23:24)** (Magic Carpet Fred) Dramatískur myndaflokkur sem gerist í spilaborginni Las Vegas.
**21.30 Shield (9:13)** (Sérsveitin 4) The Shield gerist í Los Angeles og fjallar um sveit lögreglumanna sem virðist hafa nokkuð frjálsar hendur. Stranglega bönnuð börnum.
**22.15 Navy NCIS (14:23)** (Glæpadeild sjóhersins) Sjóhernum er svo annt um orðspor sitt að starfandi er sérstök sveit sem rannsakar öll vafasöm mál sem tengjast stofnuninni. Bönnuð börnum.

**23.00** Twenty Four 4 (22:24) (Stranglega bönnuð börnum) **23.45**The Last Castle (Stranglega bönnuð börnum) **1.50** Fréttir og Ísland í dag **3.10** Ísland í bítið **5.10** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SKJÁREINN

**17.00** One Tree Hill (e) **17.45** Jenifer (e)

**19.15 Þak yfir höfuðið (e)**
**19.30 According to Jim (e)**
**20.00 The Biggest Loser** Í þáttunum keppa offitusjúklingar, með hjálp sérvalinna einkaþjálfara um hverjum gengur best að megra sig og halda reglurnar. Sá sem ber sigur úr býtum fær 250.000 dollara í sinn hlut.
**20.50 Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
▶ **21.00 Brúðkaupsþátturinn Já** Sjötta sumarið í röð fylgist Elín María Björnsdóttir með fólki sem hyggst ganga í hjónaband.
**22.00 CSI: Miami**
**22.45 Jay Leno** Jay Leno tekur á móti gestum af öllum gerðum í sjónvarpssal.

**23.30** The Contender (e) **0.15** Cheers (e) **0.40** Boston Public **1.20** John Doe **1.35** Óstöðvandi tónlist

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Two Ninas **8.00** Bruce Almighty **10.00** A Walk to Remember **12.00** The Hot Chick **14.00** Bruce Almighty **16.00** A Walk to Remember **18.00** The Hot Chick **20.00** Two Ninas **22.00** Sleeping Dictionary (Bönnuð börnum) **0.00** Wakin' Up in Reno (Bönnuð börnum) **2.00** Cheats (Bönnuð börnum) **4.00** Sleeping Dictionary (Bönnuð börnum)

### OMEGA

**7.00** Joyce Meyer **7.30** Benny Hinn **8.00** Dr. David Cho **8.30** Acts Full Gospel **9.00** Ron Phillips **9.30** Blandað efni **10.00** Joyce Meyer **10.30** Freddie Filmore **11.00** Samverustund (e) **12.00** Kvöldljós **13.00** Joyce Meyer **13.30** Blandað efni **14.30** Gunnar Þorsteinsson **15.00** Believers Christian Fellowship **16.00** Joyce Meyer **16.30** Blandað efni **17.00** Fíladelfía (e) **18.00** Dr. David Cho **18.30** Joyce Meyer **19.00** Fréttir á ensku **20.00** Samverustund (e) **21.00** Dr. David Cho **21.30** Freddie Filmore **22.00** Joyce Meyer **22.30** Blandað efni **23.00** CBN

### AKSJÓN

**7.15** Korter **21.00** Bæjarstjórnarfundur **23.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.15** Football: FIFA Confederations Cup Germany **18.00** Boxing **19.00** Boxing **21.00** Football: FIFA Confederations Cup Germany **22.00** News: Eurosportnews Report **22.15** Truck Sports: European Cup Nogaro **22.45** Adventure: Escape **23.15** News: Eurosportnews Report

**BBC PRIME**
**12.40** Teletubbies **13.05** Tweenies **13.25** Fimbles **13.45** Balamory **14.05** Angelmouse **14.10** Yoho Ahoy **14.15** The Story Makers **14.35** The Raven **15.00** Cash in the Attic **15.30** Home Front in the Garden **16.00** No Going Back **17.00** Doctors **17.30** EastEnders **18.00** Extreme Animals **18.30** Weird Nature **19.00** SAS Survival Secrets **20.00** Medical Mysteries **21.00** Casualty **22.00** Holby City **23.00** Great Romances of the 20th Century **0.00** Hollywood Inc **1.00** Stephen Hawkings Universe

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Insects from Hell **12.30** Totally Wild **13.00** Air Crash Investigation **14.00** The Eruption of Mount St Helens **14.30** Tragedy at Bhopal **15.00** Forgotten Rhino **16.00** Battlefront **17.00** Stonehenge Rediscovered **18.00** Insects from Hell **18.30** Totally Wild **19.00** Forgotten Rhino **20.00** Air Crash Investigation **21.00** The Death of Aryton Senna **21.30** Death at the Airshow **22.00** Tomb Robbers **23.00** Seconds from Disaster **0.00** Air Crash Investigation

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Austin Stevens – Most Dangerous **13.00** Seven Deadly Strikes **14.00** Animal Cops Detroit **15.00** The Planet's Funniest Animals **15.30** Amazing Animal Videos **16.00** Growing Up... **17.00** Monkey Business **17.30** The Keepers **18.00** Austin Stevens – Most Dangerous **19.00** Killer Bees – Taming the Swarm **20.00** Miami Animal Police **21.00** Escape the Elephants **21.30** Animals A-Z **22.00** Pet Rescue **22.30** Breed All About It **23.00** Wildlife SOS **23.30** Aussie Animal Rescue **0.00** Austin Stevens – Most Dangerous **1.00** Ferocious Crocs

**DISCOVERY**
**12.00** American Casino **13.00** Battlefield **14.00** Scrapheap Challenge **15.00** Rex Hunt Fishing Adventures **15.30** Hooked on Fishing **16.00** Buildings, Bridges and Tunnels **17.00** Scrapheap Challenge **18.00** Mythbusters **19.00** Leonardo's Dream Machines **20.00** Building the Ultimate **20.30** Massive Engines **21.00** Wild Weather **22.00** Forensic Detectives **23.00** Mythbusters **0.00** Weapons of War

**MTV**
**13.00** SpongeBob SquarePants **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** The Rock Chart **18.00** Newlyweds **18.30** The Ashlee Simpson Show **19.00** Cribs **19.30** Jackass **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Punk'd **21.30** SpongeBob SquarePants **22.00** Alternative Nation **23.00** Just See MTV

**VH1**
**16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Smells Like the 90s **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** All Access **20.00** Fabulous Life Of... **20.30** Cribs **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** Top 5 **22.30** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Come! See! Buy! **12.40** Matchmaker: Dirty Dating **13.30** Hollywood One on One **14.00** The Review **14.25** Cheaters **15.10** Arresting Design **15.35** Staying in Style **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Matchmaker: Dirty Dating **17.40** Famous Homes & Hideaways **18.05** Living Colour **18.30** Hollywood One on One **19.00** Girls Behaving Badly **19.25** The Villa **20.15** My Messy Bedroom **20.45** Sex and the Settee **21.10** Spicy Sex Files **22.00** Girls Behaving Badly **22.25** Crime Stories **23.10** Innertainment **23.40** Backyard Pleasures **0.05** Living Colour **0.30** Come! See! Buy! **1.00** Matchmaker: Dirty Dating

**E! ENTERTAINMENT**
**12.00** E! News **12.30** Jackie Collins Presents **13.30** Fashion Police **14.00** Style Star **14.30** Style Star **15.00** High Price of Fame **16.00** 101 Most Shocking Moments in... **17.00** E! Entertainment Specials **18.00** E! News **18.30** Extreme Close-Up **19.00** The E! True Hollywood Story **21.00** E! Entertainment Specials **22.00** The E! True Hollywood Story **23.00** E! News **23.30** E! Entertainment Specials **0.30** Life is Great with Brooke Burke **1.00** Stunts

**CARTOON NETWORK**
**12.20** Samurai Jack **12.45** Foster's Home for Imaginary Friends **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** Codename: Kids Next Door **14.00** Hi Hi Puffy Amiyumi **14.25** The Cramp Twins **14.50** The Powerpuff Girls **15.15** Johnny Bravo **15.40** Megas XLR **16.05** Samurai Jack **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **16.55** Ed, Edd n Eddy **17.20** Dexter's Laboratory **17.45** Codename: Kids Next Door **18.10** The Powerpuff Girls **18.35** The Grim Adventures of Billy & Mandy

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** New Spider-man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**
**12.20** The Mouse on the Moon **13.45** Prime Target **15.20** A Rage to Live **17.00** My American Cousin **18.30** With Open Arms **20.00** A Man of Passion **21.35** Interiors **23.05** The Betsy **1.10** Mosquito Squadron

**TCM**
**19.00** Ninotchka **20.45** Hot Millions **22.30** The Wheeler Dealers **0.15** The Journey **2.20** The Road Builder

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## ÁTÖKIN Í KRISTJANÍU

*Sjónvarpið* **20.55**

*Kristjanía er í Kaupmannahöfn.*

### Kampen om staden

Baráttan um Kristjaníu, Kampen om staden, er dönsk heimildamynd um átökin um fríríkið Kristjaníu í Kaupmannahöfn. Um hálfs árs skeið var fylgst með einum íbúanna, baráttumanni fyrir réttindum Kristjaníubúa, og lögreglunni sem bjó sig undir aðgerðir til að stöðva hasssölu í Kristjaníu. Sjónvarpsmaðurinn Christoffer Guldbrandsen segir það hafa verið merkilega reynslu að fylgjast með deilunni frá sjónarhorni beggja aðila og upplifa lífið í báðum heimum.



Kristjanía.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„No man is bigger than the excuses he makes to his wife. So... BE BIG."**

Svar: Cookie úr kvikmyndinni Be Big frá árinu 1931.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Morgunútvarpið – Umsjón: Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir og Sigurjón M. Egilsson. **9.03** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur. **10.03** Morgunstund með Sigurði G.

**12.15** Hádegisútvarpið – Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson. **13.01** Hrafnaþing **14.03** Fótboltavikan með Hansa **15.03** Allt og sumt **17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson.

**19.30** Úrval úr Morgunútvarpi e. **20.00** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur e. **21.00** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni e. **22.00** Á kassanum e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Sögumenn samtímans **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.20** Hádegisfréttir

**13.00** Sakamálaleikrit Útvarpsleikhússins: Lesið í snjóinn **13.15** Sumarstef **14.03** Útvarpssagan: Bara stelpa **14.30** Bíótónar **15.03** Hljómsveit Reykjavíkur 1925 – 1930

**16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Íslensk dægurtónlist í eina öld **20.00** Laufskálinn **20.35** Kvöldtónar **21.00** Á sumargöngu **21.55** Orð kvöldsins

**22.15** Þrjár smásögur **23.10** Djassgallerí NY

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Guðrúnu Gunnarsdóttur **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **20.00** Músík og sport **22.10** Rokkland

**1.10** Ljúfir næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurfl. frá laug.) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

**15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** GÚSTAF NÍELSSON **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurflutningur frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**18.30 & 23.15**

*Íþróttir*

**ÁLFUKEPPNIN. Bein útsending frá einum stórleik keppninnnar, Þýskaland mætir Argentínu.**

## SÝN

**7.00** Olíssport

**16.45** David Letterman **17.30** Toyota mótaröðin í golfi 2005

**18.30 Álfukeppnin** (Argentína – Þýskaland) Bein útsending frá leik Argentínu og Þýskalands í Nürnberg. Þjóðirnar leika í A-riðli ásamt Ástralíu og Túnis.

**21.00 Aflraunir Arnolds** (Arnold Schwarzenegger mótið 2005) Árlega flykkjast bestu keppnismennirnir til Ohio í Bandaríkjunum og takaþátt í móti sem kennt er við Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóra í Kaliforníu.

**21.30 Stjörnugolf 2005** Margar kunnar persónur úr íslensku þjóðlífi tóku þátt í Stjörnugolfi enmótið var haldið til styrktar MND-félaginu. MND er taugahrörnunarsjúkdómuren 3-5 Íslendingar greinast með sjúkdóminn á hverju ári.

**22.00 Olíssport**

**22.30 David Letterman**

**23.15** Álfukeppnin (Argentína – Þýskaland) **0.55** NBA (Úrslitakeppni)

## POPP TÍVÍ

**19.00** Tvíhöfði (e) **21.00** Real World: San Diego **21.45** Kenny vs. Spenny

### HALLMARK

**12.45** Fungus the Bogey Man **14.15** The Lost Child **16.00** Touched by an Angel III **16.45** Mr. Rock 'n' Roll: The Alan Freed Story **18.30** A Child's Cry For Help **20.00** Just Cause **20.45** Frankenstein **22.15** The Devil's Arithmetic **0.00** Just Cause **0.45** A Child's Cry For Help **2.15** Frankenstein

### BBC FOOD

**12.00** The Cookworks **12.30** Ready Steady Cook **13.00** Ching's Kitchen **13.30** James Martin Sweet **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** Douglas Chew Cooks Asia **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Delia's How to Cook **16.30** Rosemary on the Road **17.00** Jamie Oliver's Pukka Tukka **17.30** Giorgio Locatelli – Pure Italian **18.30** Ready Steady Cook **19.00** Ching's Kitchen **19.30** Made to Order **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Worrall Thompson **21.30** Ready Steady Cook

### DR1

**12.20** Vagn i Japan **12.50** Erik den R¢des saga **13.20** S¢lyst: Livets gang i kolonihaven **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Det er mængden der g¢r det **14.30** Bag Egeskovs Mure **15.00** Vores vilde verden **15.05** Dragon Ball Z **15.30** Orkanens •je **16.00** Anton – min hemmelige ven **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Fint skal det være **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Sporl¢s **18.30** DR-Derude direkte med S¢ren Ryge Petersen **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Mistrals datter **21.10** Joanne Kilbourn

### SV1

**12.25** Kan doktorn komma? **14.00** Rapport **14.05** Mitt i naturen **14.35** Familjen Anderson **15.00** Stenristarna **16.00** Griniga gubbar **16.30** Kipper **16.40** Brum **16.50** Minifixat **17.00** Stallkompisar **17.25** Reas boktips **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Fotboll: För-VM **20.45** Mynta – Live på Fasching **21.15** Rapport **21.25** Sverige! **21.55** Sommartorpet **22.25** Sommardebatt **23.25** Sändning från SVT24






KORTER.IS



## HRÓSIÐ

*...fær Jóhanna Bergsteinsdóttir, sem hlaut hæstu einkunn sem gefin hefur verið í hagfræði við Háskóla Íslands.*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | 5 |
| 6 | | | ■ | 7 | |
| 8 | | ■ | 9 | | |
| | ■ | 10 | | | ■ |
| ■ | 11 | ■ | 12 | | 13 |
| 14 | | | ■ | 15 | |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | | | ■ | |

**Lárétt:**
**1** þögull, **6** fugl, **7** í röð, **8** fimmtíu og einn, **9** væta, **10** tíu, **12** dá, **14** ellegar, **15** nesoddi, **16** sérhljóðar, **17** stefna, **18** rór.
**Lóðrétt:**
**1** hrap, **2** fjandi, **3** skóli, **4** létt og ., **5** ásaki, **9** for, **11** eyja, **13** ský, **14** trjátegund, 17 tímabil.

**Lausn.**

**Lárétt:**
**1** fámáll, **6** ara, **7** aá, **8** lí, **9** agi, **10** tug, **12** rot, **14** eða, **13** tá, **16** ie, **17** átt, **18** kyrr.
**Lóðrétt:**
**1** fall, **2** ári, **3** ma, **4** laggott, **5** lái, **9** aur, **11** æðey, **13** táta, **14** eik, **17** ár.

» FASTUR
birta
» PUNKTUR

## DÓTAKASSINN

**Dótið?** Töframálning.

**Sem er?** Akrýlmálning sem er þeim eiginleikum gædd að hún breytir yfirborði allra veggja í segulstál. Málningin er einstaklega hentug og hún er sett á veggi eins og hver önnur málning. Hún er sérstaklega hentug ef mála á ísskápshurðir, yfir ljót göt í veggjum eða ef fela á límbandsför. Þar að auki er hægt að nota hana í skólastofuna, barnaherbergið, fyrir listaverk, á myndaveggi, skrifstofuna, veggi sem teikna má á og svo framvegis. Möguleikarnir eru í rauninni endalausir.

**Hvernig virkar hún?** Málningin er, sem fyrr segir, nánast eins og venjuleg málning. Fyrst er segulstálsgrunnurinn settur á vegginn og síðan er hvaða litur sem er valinn og settur yfir grunninn. Þannig er hægt að fá litríka veggi með segulstáli.




**Kostir?** Kostir segulstálsveggjanna eru margir. Þeir eru til að mynda algjörlega hættulausir börnum sem fullorðnum og uppfylla alla heilsustaðla. Segulstálið hefur engin áhrif á tölvur eða önnur raftæki, enda virkar það svipað og ísskápshurðir. Einn helsti kosturinn er hversu auðveld segulstálmálningin er í notkun. Það eina sem þarf að passa er að láta málninguna þorna í fjóra tíma, en ekki má setja neina segulhluti á veggina fyrr en 24 tímum seinna.

**Gallar?** Helsti gallinn sem fylgir segulmálningunni er sá að ef fólk vill afsegla vegginn getur það tekið nokkurn tíma.

**Nánari upplýsingar?** Allar upplýsingar um vöruna, spurningar og svör, er hægt að nálgast á heimasíðunni: www.kling.com/magneticpaintindex.html.



**HÖSKULDUR ÓLAFSSON** Semur leikgerðina að uppfærslu á smásögu Mikhaíls Búlgakov sem sett verður upp á Litla sviði Borgarleikhússins í byrjun júlí.

HÖSKULDUR ÓLAFSSON: SEMUR LEIKGERÐ OG TÓNLIST

# Úr rappinu í leikhúsið

„Ég átti upphaflega bara að sjá um söngtextann, en síðan fór ég að trana mér fram í að breyta byrjuninni á verkinu sjálfu og síðan vatt þetta upp á sig og ég endaði á því að gera leikgerðina að verkinu," segir Höskuldur Ólafsson, fyrrum meðlimur í hljómsveitinni Quarashi, sem hefur gert leikgerð á rokkóperunni Örlagaeggin eftir smásögu Mikhaíls Búlgakov. Áætlað er að verkið verði sett upp á Litla sviði Borgarleikhússins hinn 7. júlí.

Auk leikgerðarinnar semur Höskuldur tónlistina í uppfærslunni ásamt Pétri Þór Benediktssyni, sem getið hefur sér gott orð með því að spila með Ísfirðingnum Mugison. „Ég hefði ekki viljað gera tónlistina einn því mér hefði líklega fundist sem ég væri orðinn of tengdur verkinu auk þess sem það er nógu einmanalegt að hafa unnið einn að leikgerðinni í nokkra mánuði," segir Höskuldur. „Þetta er altkántrý músík með nauðsynlegum söngleikjaeiginleikum en ekki einhver Andrew Lloyd Webberfroða. Bæði leikverkið og tónlistin gætu staðið eitt og sér án hins því það er ekki verið að þröngva öðrum hvorum miðlinum upp á hinn," segir Höskuldur.

Höskuldur segir söguna vísindaskáldsögu í anda H.G. Wells og þó að hún hafi verið skrifuð á fyrri hluta síðustu aldar sé margt í henni sem hægt sé að heimfæra upp á nútímann.

„Skæð fuglaflensa geisar í óþekktu landi og gengur af hænsnastofninum í landinu dauðum, hungursneyð og efnahagsleg kreppa vofa yfir en á sama tíma finnur prófessor nokkur upp geisla sem hann kallar lífsgeislann, sem getur margfaldað frumuframleiðslu þeirra lífvera þúsundfalt sem honum er beint að.

Fjölmiðlarnir frétta af þessu, stjórnmálamennirnir blandast inn í málið til að þjóðnýta geislann og nota hann til að gera tilraunir á innfluttum hænsnaeggjum með vægast sagt skelfilegum afleiðingum," segir Stefán Hallur Stefánsson, leikari í Örlagaeggjum, um söguþráð sýningarinnar.

Meðal leikara í sýningunni verða þær Ilmur Kristjánsdóttir, Esther Talía Casey og Maríanna Clara Lúthersdóttir.

Leikstjóri er Bergur Þór Ingólfsson. ■

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fjölmiðlafólk hafði í nógu að snúast um helgina. Ekki vegna þess að David Beckham hafi verið á landinu heldur gengu fjórir fjölmiðlamenn í það heilaga um helgina. Fyrst af öllu ber að sjálfsögðu að óska **Loga Bergmanni** og **Svanhildi Hólm** til hamingju með daginn en þau gengu í það heilaga á fimmtudagskvöldinu. Veislan var víst frábær og segjast einhverjir hafa séð Svanhildi spóka sig um í hvítum baðslopp í svítunni á Hótel Borg. Þá gekk **Sigmar Vilhjálmsson**, betur þekktur sem Simmi í Idolinu, að eiga **Bryndísi Björgu Einarsdóttur** og **Hermann Fannar Valgarðsson**, betur þekktur sem Hemmi feiti á X - inu, giftist **Söru Óskarsdóttur** í Hafnarfirði.



Tónleikahaldarinn **Ragnheiður Hansson** fór um síðustu helgi á tvenna tónleika í London með hljómsveitinni U2. Vonast nú margir eftir því að Ragnheiður, sem m.a. hefur flutt Metallica inn til landsins, hafi þarna verið að leggja línurnar fyrir komu stórsveitarinnar hingað til lands á næsta ári.

Nýverið sást til handboltakappans **Ólafs Stefánssonar** í hrókasamræðum við **Þórhall miðil** í miðbæ Reykjavíkur. Virtust þeir hafa um margt að ræða, sem er kannski ekki skrítið því Ólafur er kunnur fyrir áhuga sinn á andlegum málefnum og heimspekilegum vangaveltum. Ólafur hefur væntanlega fengið góða strauma frá Þórhalli, því skömmu síðar unnu Íslendingar Hvít-Rússa í undankeppni Evrópumótsins, þar sem Ólafur stóð sig með mikilli prýði.

Leit að statistum fyrir hópatriði í nýjustu kvikmynd **Clint Eastwood**, *Flags of Our Fathers*, sem á að taka að hluta til upp hér á landi, stendur nú yfir. Aðili sem er um að velja rétta fólkið í myndina kemur hingað til lands í byrjun júlí og eftir það kemur í ljós hverjir detta í lukkupottinn. Eitt skilyrði settu framleiðendur myndarinnar sér. Það var að vöðvastæltir menn kæmu ekki til greina og dvína því vonir margra íslenskra kraftajötna um að koma fram í myndinni til mikilla muna.



Ekkert MSG
Allur okkar grillfiskur er án MSG (þriðja kryddið)
Mikið úrval af grillfiski. Grillspjót, risarækjur, hörpuskel og humar.
Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70
Opið laugardaga 10.00 - 14.30

# Þak yfir höfuðið á Spáni

Sjónvarpsmaðurinn Hlynur Sigurðsson fer á suðrænar slóðir í sumar til að finna handa Íslendingum spænskt þak yfir höfuðið. „Það er bara rökrétt framhald að fjalla um eignir á Spáni núna," segir Hlynur, sem ætlar að skoða sumarhús og aðrar eignir á Íslendingaslóðum á Spáni og mun úttektin birtast í byrjun ágúst og áfram með haustinu í Þak yfir höfuðið á Skjá einum. „Það er gríðarlegur áhugi á eignum á Spáni og salan hefur algjörlega margfaldast síðustu ár," segir Hlynur um áhuga Íslendinga á sumarhúsum þar. „Það er hægt að gera góð kaup. Fjölmargir eru að hugsa sinn gang, ég tala nú ekki um núna þegar fasteignaverð hefur hækkað svona mikið. Og þessi umfjöllun er líka sniðug leið fyrir fasteignasala til að kynna það sem í boði er," segir Hlynur. Hann er í sambandi við íslenska fasteignasölu sem starfrækt er á Spáni, Perla Investments. Fasteignasalan sérhæfir sig í sölu spænskra eigna til Íslendinga og virðist hafa nóg að gera. „Ég heyrði það einhvers staðar að það væru tvö þúsund Íslendingar á Spáni á þessu Alicante svæði sem er vinsælast, Alicante og Torrevieja á austurströndinni, en ég sel það ekki dýrara en ég keypti það," segir Hlynur, en hann mun taka þáttinn upp í lok júlí. ■



**HLYNUR SIGURÐSSON** Er á leiðinni til Spánar með þátt sinn Þak yfir höfuðið. Hlynur bjó sjálfur á Spáni fyrir nokkru.

# Leiktu þér í SUMAR!

Opið til kl. 22.00 í BT Skeifunni

**Opið til 22 í BT Skeifunni!**



**Ótrúlegt verð!**

**BT MEÐ MÆLI**

MiniDv videóvél NVGS17B **Panasonic**

**0% VEXTIR**

**3.299**** Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

**39.988** STAÐGREITT

**DV tengi og USB2**
Miklir tengimöguleikar við PC og Apple vélar

**800x aðdráttur**
Með 800x digital og 24x optical aðdrætti nærðu öllum smáatriðum sem þú vilt.

**2.5" Litaskjár**
Hágæða LCD litaskjár sem þú snúið eftir hentugleika. Allar stillingar koma á skjáinn.

**NightView 0 LUX**
Það skiptir ekki máli þótt birtan sé engin - þú nærð samt góðum upptökum.

**3 miniDV spólur fylgja**

**SONY** Sony Cybershot 4.1 MI DSC-S80



**SONY GÆÐI**

**4.1 megapixlar**

**0% VEXTIR**

****2.499** Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

**29.988** STAÐGREITT

**Geggjuð græja!**

**Hleðslurafhlöður**
Með STAMINA tækninni eða allt að 440 myndir á hverri hleðslu.

**2" litaskjár**
Stór og vandaður 2.0" litaskjár og þú sérð vel allar myndir sem sem eru teknar á DSC-S80.

**MPEG Movie**
Það er ekkert mál að taka videomyndir eins lengi eins og minnið leyfir.

**Carl Zeiss linsa**
Með 3x optical Carl Zeiss Vario Tessar linsunni í DSC-S80 eru gæðin tryggð jafnvel niður í minnstu smáatriði.

**Auka hleðslurafhlöður og hleðslutæki fylgja**

FYLGIR

Birt með fyrirvara um mendbrengl og/eða stafsetnigavillur

# Playstation tölvulei...



**Rugl verð**

**1.999** Hver leikur

# PC leikir - botnverð



**999** Hver leikur

**BT**

**Ótrúlegt tilboð**

VISA MasterCard

**Miðað við jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



KASTRUP
Ál trégluggar
ÍSLENZKA VERZLUNARFÉLAGIÐ
Askalind 5 • 201 Kópavogur • Sími 564 5500
Fax 564 5555 • isv@isv.is • www.isv.is




BAKÞANKAR


KRISTÍNAR HELGU GUNNARSDÓTTUR


## Grænar pönnukökur

Hér á bæ eru stundum bakaðar grænar pönnukökur sem vekja ómælda lukku. Sem ég nú sit og hræri í risastórri skál af grænni súrmjólk velti ég því fyrir mér hver ætti skilið að fá svo sem eina gusu af miðinum mjúka. Skyldu það vera ráðherrar sem draga vopnlausa þjóð til ábyrgðar í stríðsátökum úti í heimi? Skyldi það vera foringi sem makar krókinn með sölu á almenningsbönkum? Skyldi það vera kerling á kústskafti sem ferðast um fjórðungana og leggur álfjötra á aðþrengt sveitafólk? Skyldi það vera karl sem vill leggja hraðbraut norður yfir náttúruperlur?

**SKYLDI** það vera draugahópur sem reglulega úthlutar feitum embættum eftir flokkslínum og vinatengslum? Skyldi það vera dómari sem dæmir ekkju látins höfuðskálds til að greiða háan málskostnað með hlægilegum rökum? Skyldi það vera klíka sem stendur fyrir stórfelldum skemmdarverkum á hálendi ævintýraeyjunnar? Skyldu það vera ráðgjafarnir sem enn syngja sálma um hinn mikla efnahagslegan ávinning af stóriðju? Skyldi það vera...?

**NEI**, auðvitað ekki. Best væri að nýta súrmjólkina í góðan stafla af grænum pönnsum og bjóða til kaffisamsætis - til dæmis á Þingvöllum. Rótsterkt kaffi og grænar pönnukökur á hvítum blúndudúk, í sólskini og lóusöng. Fyrirmenni Frónverja gætu setið og raðað í sig pönnsum með rjóma og sultu, setið með fullan munn og mettan maga, þagað og hlustað á eigendur atkvæðanna. Þeir gætu setið hljóðir og hlustað á ótal skoðanir og framtíðardrauma. Þeir gætu hlustað svo takast mætti verðugt markmið ráðamanna í starfi - að fara að þjóðarvilja.

**AÐ** leggja eyra að hjarta þjóðar virkar líkt og þegar indíánar villta vestursins lögðu eyra að móður jörð forðum og hlustuðu eftir hófataki, hættumerkjum, rigningu og þurrki. Þannig má ef til vill lesa umhverfið af næmni og skilningi og taka svo ákvarðanir. Að tala er silfur, að þegja er gull, sagði amma mín sáluga svo oft. Að meinalausu mætti bæta því við að hlustun sé á við allar demantanámur veraldar. En hlustun er kannski ofmetin og lykillinn að hamingjunni er að heyra sem minnst, tala sem mest og þegja svo þunnu hljóði þegar vandamálin verða of stór. ■


KIA Picanto




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

9.933 kr. á mánuði*

*M.v. 398.000 kr. útborgun og bílasamning hjá SP fjármögnun í 84 mánuði.

Njóttu þess að vera á nýjum bíl!

**KIA Picanto** er lipur, fallegur og nútímalegur smábíll með skynsamlegri rýmisnýtingu og veglegum aukabúnaði. Það sakar svo ekki að verðið á sér ekki hliðstæðu. KIA Picanto fimm dyra **kostar aðeins 1.088.000 kr.**

KIA er sá bílaframleiðandi sem er í mestum vexti í heiminum í dag. Það er ekkert skrítið þegar hægt er að bjóða svona gæði á þessu verði.

KIA Picanto – **smábíll ársins 2004** á Íslandi

KIA
KIA MOTORS

HEKLA **KIA umboðið** á Íslandi er í eigu Heklu hf.

Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5000 • www.hekla.is

4,15% Íbúðalán SPRON öllum opin

Engin skilyrði um önnur bankaviðskipti

Himinn og haf / SÍA



Íbúðalán SPRON eru háð útlánareglum SPRON
Upplýsingar í síma 550 1200, 550 1400 eða á **www.spron.is**

spron – fyrir allt sem þú ert